# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 17. JANÚAR 2018




Leikmenn íslenska landsliðsins í handbolta voru ekki upplitsdjarfir eftir 26-29 tap fyrir Serbíu í lokaleik sínum í A-riðli Evrópumótsins í Króatíu í gær. Tap Íslands og sigur Svíþjóðar á Króatíu þýðir að þátttöku Íslendinga á EM er lokið. Íslenska liðið var með pálmann í höndunum gegn Serbum en leikur þess hrundi á lokakaflanum. Sjá síðu 16. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sjaldan fleiri slasast illa eða látið lífið

**Meira en 200 manns létust eða slösuðust alvarlega í umferðinni árið 2017. Þar af létust sextán. Helmingur slysanna varð á vegarköflum sem samtals eru 551 kílómetri. Sérfræðingur segir sorglegt að horfa til þess að fjármagni sé ekki varið í hættulegustu vegarkaflana.**

**SAMGÖNGUR** Nýliðið ár var eitt versta árið í umferðinni þegar horft er til alvarlegra meiðsla og dauðsfalla. Þegar saman er lagður fjöldi þeirra sem létust eða slösuðust alvarlega voru það ríflega 200 manns, þar af létust 16. Aðeins árið 2016 var verra þegar horft er tíu ár aftur í tímann.

Fjórðungi fleiri létust í umferðinni í fyrra en að meðaltali síðustu tíu árin. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá EuroRAP, samtökum 29 bifreiðaeigendafélaga í Evrópu.

Ólafur Guðmundsson, tæknistjóri hjá EuroRAP á Íslandi, segir sorglegt að horfa til þess að því fjármagni sem veitt er til samgangna sé sjaldnast varið í að gera úrbætur á þeim vegum þar sem flest alvarleg slys verða á fólki.

Einu undantekningarnar á því um þessar mundir séu framkvæmdir við Krýsuvíkurgatnamót annars vegar og ný hringtorg við Reykjanesbæ hins vegar.

Samkvæmt nýrri úttekt EuroRAP á slysamestu vegum landsins á árunum 2009 til 2014 varð helmingur 462 alvarlegra slysa á vegarköflum sem telja 551 kílómetra. Á vegarköflum á höfuðborgarsvæðinu, sem samtals telja 194 kílómetra, urðu 100 alvarleg umferðarslys á umræddu árabili, eða um fimmtungur allra alvarlegra slysa.

Á samanlagðri Miklubraut og Hringbraut, ellefu kílómetra kafla, urðu 29 alvarleg umferðarslys á árunum 2009 til 2014. Hvergi voru slysin fleiri. Sá vegarkafli sem næstur kemur er Reykjanesbraut í þéttbýli. Þar urðu 20 alvarleg slys. Hellisheiði, Hafnarfjarðarvegur og Reykjanesbraut frá Kaplakrika að Keflavíkurflugvelli fylgja fast á eftir með 17 alvarleg slys.

Þegar hættulegustu vegarkaflarnir hafa verið reiknaðir út frá fjölda alvarlegra slysa á tímabilinu, lengd þeirra og umferð kemur í ljós að Suðurfjarðarvegur, þar sem þjóðvegur 1 liggur nú, og Hringvegurinn frá Fellabæ að Upphéraðsvegi eru hættulegastir. Þar er áhættan miðað við umferðarmagn mjög mikil að mati EuroRAP. Á Grindavíkurvegi urðu 13 alvarleg slys á tímabilinu en á honum er áhættan mikil.

Ólafur segir að með nýrri nálgun megi fækka alvarlegum slysum verulega. „Aðferðirnar og tölfræðin liggur fyrir. Núna snýst þetta bara um vilja og peninga.“ **– bg**

# Bjóða lífeyrissjóðum 5 prósenta hlut í Arion

**MARKAÐURINN** Kaupþing hefur boðið lífeyrissjóðum í viðræður um að kaupa samanlagt þriggja til fimm prósenta hlut í Arion banka áður en ráðist verður í hlutafjárútboð og skráningu bankans, líklegast öðrum hvorum megin við páska í byrjun apríl.

Stjórnendur Kviku banka, ráðgjafa Kaupþings í viðræðunum, byrjuðu að funda með sumum af stærstu lífeyrissjóðum landsins í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þá hefur Kvika einnig umboð frá Kaupþingi til að kanna áhuga íslensku tryggingafélaganna á að kaupa hlut í Arion banka fyrir áformað útboð.

Þótt núverandi upplegg geri ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir geti keypt allt að fimm prósent í Arion banka er ekki loku fyrir það skotið að Kaupþing, sem á um 57 prósent í bankanum, sé reiðubúið að selja stærri hlut til sjóðanna. **– hae / sjá Markaðinn**

**57**

**prósenta hlutur í Arion banka er í eigu Kaupþings. Ráðist verður í hlutafjárútboð og skráningu á markað öðrum hvorum megin við páska.**

# Davíð Oddsson er sjötugur

**AFMÆLI** „Ég get sagt alls konar hluti um Davíð Oddsson. Hann er með gáfaðri mönnum. Hann er ofboðslega hjartahlýr, sem ég held að menn geri sér ekki almennt grein fyrir, og á góðri stundu getur hann verið ótrúlega skemmtilegur,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um Davíð Oddsson.



Davíð, sem fagnar sjötugsafmæli í dag, er óumdeilt áhrifaríkasti stjórnmálamaður landsins á síðari hluta síðustu aldar. Hann byrjaði ferilinn í borgarstjórn á áttunda áratugnum. **– þþ / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Lítið hefur dregið úr rápi milli lækna. Miklu ávísað af parkódínlyfjum. **4**

**SKOÐUN** Bolli Héðinsson skrifar um lækkun veiðigjalda. **12**

**MENNING** Himnaríki og helvíti er þriggja stjörnu verk. **22**



**LÍFIÐ** Davíð Þór, sóknarprestur í Laugarneskirkju, vekur lukku hjá Lion King-aðdáendum. **30**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● KASSAKERFI OG SJÓÐSVÉLAR**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





## Veður




Allhvöss norðaustanátt og snjókoma norðan til á Vestfjörðum í dag. Mun hægari vindur annars staðar og stöku él. Frost 0 til 12 stig, kaldast í innsveitum. SJÁ SÍÐU 20

# Öllum veðrum vön á Patreksfirði



Töluverð ófærð og snjófok var á á vestanverðu landinu í gær. Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð, sagði við Fréttablaðið að blindbylur hefði verið á Patreksfirði en bæjarbúar væru hins vegar öllum veðrum vanir og óveðrið hefði ekki stoppað neinn. MYND/JULIE GASIGLIA

## Kennarar sendir heim með heimavinnu

**KJARAMÁL** „Við eigum talsvert í land, þannig að eins og staðan er núna myndi ég segja að fæst orð beri minnsta ábyrgð. En við göngum jákvæð til verks,“ segir Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Framhaldsskólakennarar funduðu í húsakynnum ríkissáttasemjara í gær, í annað sinn á þessu ári, en kjarasamningar hafa verið lausir frá því í október 2016 og gengust kennarar þá undir svokallaða friðarskyldu til eins árs. Guðríður segir að nú sé fyrst og fremst unnið að útfærslu tæknilegra atriða.

„Það hvílir trúnaður á samningsatriðum, en það hefur alveg legið fyrir að atriði sem varða vinnufyrirkomulag og upptöku nýs vinnumats frá síðasta kjarasamningi er eitt af því sem við viljum ræða. Við teljum að það hafi ekki orðið fullar efndir á kjarasamningum 2014 og önnur atriði sem við þurfum að fjalla um,“ segir hún.

„Það var mjög jákvæður tónn á fundinum, og við ætlum okkur að vinna dálítið á milli funda. Næsti fundur hjá ríkissáttasemjara verður 31. janúar og við fengum með okkur heimavinnu í millitíðinni.“ **– sks**

## Gæti þurft að loka flugvöllum

**SAMGÖNGUR** Komi ekki meira opinbert fjármagn til reksturs innanlandsflugvalla á næstu þremur árum gæti þurft að fækka þeim.

Þetta kom fram á málþingi í gær um framtíð innanlandsflugs. Farþegum í innanlandsflugi hefur fækkað verulega síðustu áratugi.

„Þeim hefur fjölgað aftur síðustu fimm sex ár, en þetta er búið að vera mjög sveiflukennt ef þú tekur síðustu tuttugu ár,“ sagði Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri flugvallasviðs Isavia, við Stöð 2. **– jkj**

## Noregur þrýstir á vegna Brexit

**ESB** Norskir stjórnarerindrekar hafa lýst því yfir við Evrópusambandið, ESB, að Norðmenn muni vilja endurskoða samninga sína við sambandið fái Bretar miklu betri samninga í tengslum við útgönguna úr því heldur en þeir hafi nú. Frá þessu er greint á viðskiptavefnum E24 sem vitnar í breska blaðið The Guardian.

ESB er meðal annars sagt hafa áhyggjur af því að Norðmenn muni vilja rifta samningum um aðgang að veiðisvæðum og fiskikvóta. Í kjölfar útspils norsku stjórnarerindrekanna hafi ESB gert harðari kröfur til Breta í samningaviðræðunum. **– ibs**



**Theresa May.**

# Dansar eins og fiðrildi og stingur eins og bý

Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. Kári Stefánsson segir Davíð vera hjartahlýrri mann en fólk geri sér almennt grein fyrir. Hann geti þótt ósveigjanlegur en sé staðfastur og traustur vinur vina sinna.

**AFMÆLI** „Ég get sagt alls konar hluti um Davíð Oddsson. Hann er með gáfaðri mönnum. Hann er ofboðslega hjartahlýr, sem ég held að menn geri sér ekki almennt grein fyrir, og á góðri stundu getur hann verið ótrúlega skemmtilegur,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um Davíð Oddsson.

Davíð er óumdeilt áhrifaríkasti stjórnmálamaður landsins á síðari hluta síðustu aldar. Hann var borgarstjóri, formaður Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, seðlabankastjóri og nú síðast ritstjóri Morgunblaðsins.

Kári og Davíð voru samtíða í Menntaskólanum í Reykjavík þar sem leiklistarhæfileikar Davíðs fengu notið sín. „Hann hefur líklega förnað stórkostlegum leikferli fyrir stjórnmálin,“ segir Kári en bætir við að hugsanlega hafi hann frekar ákveðið að nýta sér leikhæfileikana í pólitíkinni.

Kári segir samskipti þeirra Davíðs ekki hafa verið mikil í seinni tíð en á milli þeirra séu þó sterkar og hlýjar taugar. Þeir hafi alla tíð verið öndverðum meiði í stjórnmálum. Kári hafi alltaf verið sósíalisti og aldrei farið leynt með það. Pólitískur ágreiningur hafi þó aldrei truflað samskipti þeirra.

„Davíð Oddsson hefur orð á sér fyrir að vera heldur ósveigjanlegur í pólitík og á köflum öfgakenndur,“ segir Kári en bendir á að vinir Davíðs þekki hann sem traustan vin. „Hann er afskaplega trúr vinum sínum. Hann svíkur þá aldrei og hefur á köflum beygt reglur fyrir þá. Hann hefur gamaldags afstöðu til hollustu og fylgir ákveðnum heiðursreglum út í ystu æsar.“



**Davíð Oddsson í sögumannshamnum í miðri forsetakosningabaráttu þar sem gamla brýnið lék á als oddi og sýndi kunnuglega takta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Hann hefur gamaldags afstöðu til hollustu og fylgir ákveðnum heiðursreglum út í ystu æsar.**
>
> Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar



Undir yfirborðinu, sem sumum kann að þykja full hart, leynist hjartahlýr maður og traustur vinur. En er Davíð ekki bara fyrst og fremst skáld?

„Hann er í grunninn fyrst og fremst sögumaður. Það er ekki alveg það sama og skáld. Hann er ofboðslega skemmtilegur sögumaður. Tveir bestu sögumenn sem ég hef kynnst eru faðir minn, heitinn, og Davíð. Hann er ótrúlega lipur og skemmtilegur og þeir segja sögur um margt á svipaðan hátt, faðir minn og Davíð.“

Afmælisdagurinn 17. janúar er um margt merkilegur og ljóst má vera að það eru engar geðleysur sem koma í heiminn þennan dag en Davíð deilir afmælisdegi með ekki ómerkari harðjöxlum en glæpaforingjanum Al Capone og hnefaleikagoðsögninni Muhammad Ali.

Með Ali í huga segir Kári: „Fyrirsögnin á þessu á auðvitað að vera: „Float like a butterfly, sting like a bee.“ Þannig nákvæmlega er Davíð Oddsson.“ **thorarinn@frettabladid.is**

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd




**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **GE bílar** | **Bílasalan Bílás** | **Bílasala Akureyrar** | **Bílaverkstæði Austurlands** | **IB ehf.** | **BL söluumboð** |
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM86135 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

# Björgunarsveit fær ekki að setja upp ljósaskilti úti á Granda

**SKIPULAGSMÁL** Björgunarsveitin Ársæll fær ekki að setja upp ljósaskilti undir auglýsingar á gafl byggingarinnar þar sem sveitin er til húsa í Grandagarði 1. Stjórn Faxaflóahafna segir það hvorki myndu samrýmast sinni stefnu né skiltareglugerð Reykjavíkurborgar.

Fram kemur í erindi Ársæls, sem Vilhjálmur Halldórsson, formaður sveitarinnar, skrifar undir að óskað hafi verið eftir heimild til að setja upp allt að 25 fermetra, tölvustýrt díóðuskilti. Tilgangurinn væri að afla sveitinni fjár til að klára frágang hússins að utan og viðhalda því.

> Hafnarstjórn getur ekki orðið við erindinu enda samræmist erindið hvorki skiltareglugerð Reykjavíkurborgar né stefnu Faxaflóahafna sf.
>
> Stjórn Faxaflóahafna

„Ljósmagni er stýrt af ljósnema, sem minnkar eða eykur birtu skiltisins í samræmi við dagsbirtu. Birtustig verður því aðeins 6 prósent af heildargetu skiltisins eftir að skyggja tekur. Á daginn væri birtustig um 50 til 60 prósent. Skiltið myndi snúa að hringtorgi við Ánanaust,“ segir í erindinu sem hafnað var.

Björgunarsveitin Ársæll er með aðsetur í Gaujabúð á Seltjarnarnesi og í Gróubúð í Grandagarði. **– gar**



**Björgunarsveitin vildi nýta húsgaflinn til fjáröflunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



**Domus Medica.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Segja farið að lögum um aldur

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdastjóri Domus Medica segir aldurstakmörk karla og kvenna þau sömu þegar kemur að ófrjósemisaðgerðum. Honum þyki leitt að blaðamaður hafi fengið rangar upplýsingar frá Domus Medica og viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar svo það endurtaki sig ekki.

Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að svo virtist sem aldurstakmark til ófrjósemisaðgerðar væri lægra hjá körlum en konum, en þær upplýsingar fengust frá starfsmönnum Domus Medica. Jón Gauti Jónsson, framkvæmdastjóri Domus Medica, segir þær upplýsingar ekki réttar. Lögum sé framfylgt þar sem 25 ára aldurstakmarkið eigi við um bæði kyn.

„Þvagfæraskurðlæknar Læknahússins í Domus Medica virða lög og þær reglur sem þeim er gert að fara eftir í aðgerðum sínum að öllu leyti,“ segir í tilkynningu frá Jóni Gauta. „Hér er því hvorki verið að brjóta lög né mismuna fólki eftir kynjum eins og fréttin gefur til kynna.“ **– sa**

# Ný skýrsla frá Landlækni sýnir að lítið dregur úr læknarápi

**Nýr lyfjagagnagrunnur lækna hefur ekki skilað tilskildum árangri til að sporna við ávísunum lyfja. „Eins og að beygja olíuskipi,“ segir sérfræðingur hjá Embætti landlæknis. Í fyrra fékk 71 einstaklingur ávísað Parkódín forte frá tíu eða fleiri læknum. Um 1.100 læknar af rúmlega 2.000 á landinu nota gagnagrunninn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýr lyfjagagnagrunnur lækna, sem tekinn var í notkun árið 2016, hefur ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Var það meðal annars til þess að koma í veg fyrir svokallað læknaráp, þar sem fólk gengur á milli lækna, til þess að verða sér úti um stóra skammta af lyfjum. Landlæknisembættið hefur gefið út skýrslu þar sem ljóst er að læknaráp er ekki á undanhaldi hér á landi.

„Við vonuðumst til þess að þetta myndi gerast hraðar, en þetta virðist vera eins og að beygja olíuskipi, og virðist ganga mjög hægt að taka á þessum vanda,“ segir Ólafur B. Einarsson, sérfræðingur í lyfjamálum hjá Embætti landlæknis.

Fram kemur í skýrslunni að árið 2017 hafi 71 einstaklingur fengið ávísað Parkódín forte frá 10 eða fleiri læknum, borið saman við 81 einstakling árið á undan. Sömuleiðis má sjá smávægilega fækkun á ávísunum einstakra lyfja á síðasta ári; til dæmis svefnlyfinu Imovane, en alls fengu 20.887 manns svefnlyfið ávísað frá einum til fjórum læknum árið 2017, borið saman við 21.008 árinu á undan – svo dæmi sé tekið. Hins vegar var fjölgun í ávísunum rítalíns, en alls fengu 10.277 manns rítalín ávísað frá einum til fjórum læknum, borið saman við 9.105 árið 2016.

„Þetta virðist oft á stöðum eins og til dæmis suður með sjó þar sem enginn fastur læknir er. Við sjáum líka að lyfjanotkun er mest á Norðurlandi en það er erfitt að átta sig fyllilega á hvað er þar í gangi,“ segir Ólafur. Þá séu uppáskriftir tannlækna ekki síður áhyggjuefni, en þeir hafi ávísað talsverðu af Parkódín forte í desember.



**Dæmi eru um að læknar séu áminntir og jafnvel sviptir lækaleyfi vegna of margra ávísana. Sumir eru jafnvel með takmarkaða ávísunarheimild.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þegar fólk er til dæmis að ná sér í Parkodín forte þá sjáum við að tannlæknar koma oft inn í. Við heyrum reglulega af því sögur að fólk sem bókar tíma vegna tannverkja fái ávísuð lyf vegna þess að það kemst ekki strax inn – en svo mætir það aldrei í tímann sjálfan,“ segir Ólafur, en af 500 tannlæknum landsins nota 177 lyfjagagnagrunninn. Þá nota um 1.100 læknar gagnagrunninn, af rúmlega 2.000.

> Við vonuðumst til þess að þetta myndi gerast hraðar, en þetta virðist vera eins og að beygja olíuskipi, og virðist ganga mjög hægt að taka á þessum vanda.
>
> Ólafur B. Einarsson, sérfræðingur hjá Landlækni



Ólafur segir mikilvægt að allir tileinki sér nýja verkferla, og bendir á að vel sé haldið utan um lyfjaávísanir. Dæmi séu um að læknar séu áminntir og jafnvel sviptir læknaleyfi vegna of margra ávísana. „Það eru nýleg dæmi þess, og í raun eru alltaf svoleiðis mál í gangi. Sumir eru jafnvel með takmarkaða ávísunarheimild.“

Aðspurður segir hann að vísbendingar séu um að auðveldara sé að ganga á milli lækna hér á landi en í hinum Norðurlöndunum. Festa sé besta lausnin. „Hér á landi er fólk að fara á milli heilsugæsla, sérfræðinga á stofum og fleira, sem er aðalvandamálið hér. Það er engin festa hvar fólk getur sótt þjónustu eins og annars staðar,“ segir hann.

**sunnak@frettabladid.is**







**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni og var vinsælasti sportjeppinn 2017. Honum fylgir 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Tryggðu þína ábyrgð hjá viðurkenndum þjónustuaðila og fáðu 2ja ára þjónustuskoðun* með í kaupum á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Komdu og prófaðu vinsælasta bílinn frá Mitsubishi. Hlökkum til að sjá þig!

**Outlander Invite PHEV**

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Tvískipt miðstöð með forhitara

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

12. febrúar í 10 nætur

Bókaðu sól
FUERTEVENTURA



Frá kr.
81.835

Allt að
25.000 kr.
afsláttur á mann

Broncemar Beach Aparthotel



Frá kr. 81.835
m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 81.835 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 93.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

SBH Monica Beach Resort Hotel



Frá kr. 102.595
m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 102.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 125.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Occidental Jandia Playa Hotel



Frá kr. 115.245
m/hálft fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 115.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölsk.herb.
Netverð á mann frá kr. 131.795 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Labranda Cactus Garden Hotel



Frá kr. 112.795
m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 112.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu.
Netverð á mann frá kr. 147.595 m.v. 2 fullorðna í svítu.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

## Undirbýr jarðveginn fyrir sumarið



**Mjanmar hefur í gegnum tíðina verið á meðal afkastamestu ríkja Asíu í framleiðslu á hrísgrjónum. Um 61 prósent þjóðarinnar hefur slíka iðju að lífsviðurværi. Þessi bóndi í Naypyitaw, höfuðborg Mjanmar, var í óðaönn að plægja land sitt með hjálp vatnabuffala og undirbýr þannig land sitt fyrir sumarið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Samstaða ríki um að neytendur njóti vafans

**Samstarfsnefnd um sóttvarnir segir óhætt að drekka vatn úr krana í Reykjavík. Landspítalinn og öldrunarheimili hættu að sjóða neysluvatn í gær. Borgarstjóri segir samstöðu vera um að eftirlitsaðilar upplýsi um frávik í mælingum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hætti að sjóða neysluvatn fyrir hádegi í gær, einungis örfáum klukkustundum eftir að byrjað var á því. Ákvörðunin var tekin eftir að samstarfsnefnd um sóttvarnir fundaði um mengun í neysluvatni í Reykjavík.

Það var niðurstaða samstarfsnefndarinnar að ekki væri þörf á að almenningur á svæðum þar sem mengunin mældist syði vatn fyrir neyslu og ekki væri þörf á sérstökum varúðarráðstöfunum. Einnig væri óhætt að nota neysluvatnið í matvæla- og drykkjaframleiðslu. Áður en tilkynningin var send út höfðu Ölgerðin og framleiðandi Coca Cola á Íslandi ákveðið að stöðva framleiðslu sína um stundarsakir. Framleiðsla hófst að nýju eftir að samstarfsnefndin gaf út tilkynningu sína.

Tilkynningin sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar sendi fjölmiðlum í fyrrakvöld um að tvö sýni sem tekin voru 12. janúar síðastliðinn hefðu ekki staðist viðmið í reglugerð var til umræðu í borgarstjórn í gær. Í þeirri tilkynningu hafði verið mælst til þess að vatn fyrir viðkvæmt fólk væri soðið.

Á borgarstjórnarfundinum miðlaði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri þeim upplýsingum sem hann hafði fengið frá heilbrigðiseftirlitinu, Veitum og sóttvarnalækni. Dagur sagði að ástæðan fyrir þeim frávikum sem hafa mælst væri sú að vatnsveðrin síðustu daga hefðu gengið yfir frosna jörð og leitt til þess að yfirborðsvatn blandaðist saman við grunnvatn í borholum.

„Við viljum öll hafa öruggan aðgang að hreinu vatni og ég held það sé rík samstaða um að eftirlitsaðilar láti vita ef frávik sjást í mælingum eða ástæða er til að gæta varúðar, og láti þannig neytendur njóta vafans.“

Dagur sagðist hafa fengið upplýsingar um málið á svipuðum tíma og tilkynningin var send fjölmiðlum.

jonhakon@frettabladid.is

### Varhugaverður staður fyrir gæludýrakirkjugarð

Talsvert hefur borið á því að gæludýr séu grafin á vatnsverndarsvæðum Heiðmerkur. Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri hjá Veitum, segir þetta mjög óæskilegt. „Umgengni um þessi svæði þar sem við tökum neysluvatnið okkar þarf að vera með mikilli gát. Og það er alveg sama hvort við erum að skokka, erum á hestbaki, keyra eða ganga um,“ segir hún aðspurð um ummæli sín í þættinum Orka landsins á sjónvarpsstöðinni N4, þar sem hún varaði sérstaklega við greftrun gæludýra þarna.

„Maður skilur það að gæludýraeigendur vilji að gæludýrin hvíli á fallegum stað en það er ekki gott þegar verið er að grafa dýr hér á vatnsverndarsvæðum því eins og við vitum þá rotna þau og það losna næringarefni frá þeim með tímanum þannig að við mælumst til þess að fólk fari annað með gæludýrin sín og grafi þau ekki á vatnsverndarsvæðunum,“ sagði Hólmfríður í fyrrnefndum sjónvarpsþætti.

TM

HUGSUM Í FRAMTÍÐ

# Skipulagsráð Kópavogs samþykkti íbúðir í yfirgefnu verslunarhúsi við Furugrund

**SKIPULAGSMÁL** Umdeild breyting á aðalskipulagi Kópavogs sem felur í sér að byggja má ofan á verslunarhúsið Furugrund 3 og gera að íbúðarhúsnæði var samþykkt í skipulagsráði bæjarins á mánudag.

Í greinargerð með tillögunni segir að breytingin komi til af því að verslunarstarfsemi hafi dregist saman og færst annað. Byggja megi eina hæð ofan á húsið sem verði um 1.800 fermetrar og í því megi vera allt að 12 íbúðir á tveimur hæðum en að neðsta hæðin verði skilgreind fyrir verslun og þjónustu.

Ása Richardsdóttir, fulltrúi Samfylkingar í skipulagsráðinu, sagðist í bókun taka undir það með íbúum í nágrenninu að það verði ekki aftur tekið að taka eina atvinnureitinn í hverfinu undir íbúðir. „Eitt helsta markmið breytinga er að með þeim skapist skilyrði fyrir þjónustu í nærumhverfi. Varast skal að kjörnir fulltrúar taki ákvarðanir nú sem vinna gegn því markmiði, til lengri framtíðar.“

Áheyrnarfulltrúinn Margrét Júlía Rafnsdóttir úr VG tók í svipaðan streng. „Íbúar munu væntanlega ekki eiga möguleika í framtíðinni á að geta sótt verslun innan hverfis“. **– gar**



**Snælandsvídeói, sem lengi var helsta menningarsetur og félagsheimili ungu kynslóðarinnar í Snælandshverfinu, var lokað í september 2014.** FRÉTTABLAÐIÐ/

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

Birting viðauka
við grunnlýsingu

**Útgefandi:** Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík

Félagsbústaðir hf. hafa birt viðauka við grunnlýsingu dagsetta 5. janúar 2018. Viðaukinn er dagsettur 16. janúar 2018 og er staðfestur af Fjármálaeftirlitinu. Viðaukinn skoðast sem hluti af grunnlýsingunni sem birt er í tengslum við útgáfuramma skuldabréfa.

Viðaukinn er birtur á vefsíðu Félagsbústaða hf., **www.felagsbustadir.is/fjarfestar**. Grunnlýsinguna og viðaukann má nálgast á vefsíðunni á gildistíma grunnlýsingarinnar og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Hallveigarstíg 1 í Reykjavík.

**Reykjavík, 17. janúar 2018**
Stjórn Félagsbústaða

Félagsbústaðir
Arion banki

# Leynd yfir greiðslu sex milljóna miskabóta

**Fyrrverandi skólastjóri Flóaskóla fékk greiddar sex milljónir króna í miskabætur frá Flóahreppi vegna starfsloka sinna. Leynd hvílir yfir ástæðu þess að skólastjóranum var sagt upp. Hún heldur því fram að uppsögnin hafi verið ólögmæt.**

**STJÓRNSÝSLA** Flóahreppur hefur gert samkomulag við Önnu Gretu Ólafsdóttur, fyrrverandi skólastjóra Flóaskóla, um að greiða henni sex milljónir króna vegna starfsloka hennar við skólann í júlí síðastliðnum. Hvorugur aðili vill greina frá ástæðu uppsagnarinnar, en Önnu Gretu var sagt upp í maí síðastliðnum, eftir þriggja ára starf. Anna Greta telur uppsögnina hafa verið ólögmæta en sveitarfélagið segist því ósammála – og tekur fram að samkomulagið feli ekki í sér nokkurt fordæmisgildi.

Þetta kemur fram í samkomulagi sem Flóahreppur og Anna Greta gerðu sín á milli. Samkomulagið hefur hingað til verið trúnaðarmál en úrskurðanefnd upplýsingamála komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélaginu bæri að veita kæranda aðgang að starfslokasamningnum.

Aðdragandi málsins er sá að Önnu Gretu var sagt upp störfum skriflega í apríl síðastliðnum, þar sem ákveðið var að starfslok hennar yrðu þann 31. júlí 2017. Í framhaldinu sögðu nokkrir starfsmenn og stjórnendur upp störfum, en Anna Greta segir ranglega hafa verið staðið að uppsögn hennar.

„Ég er alveg klár á því að uppsögnin hafi verið ólögmæt þó það verði ekki skorið úr því úr þessu. Ég tel að nokkrar meginreglur stjórnsýslulaga hafi verið brotnar, þá sérstaklega andmælareglan, leiðbeiningarskylda stjórnvalda, rannsóknarreglan og fleira í þeim dúr. Það var til dæmis ekki veitt áminning, það var ekki trúnaðarmaður viðstaddur þegar uppsagnarbréfið var afhent, það voru ekki til gögn sem studdu þær ásakanir sem bornar voru á mig og mér var ekki gefið tækifæri til að koma mínum sjónarmiðum á framfæri,“ segir Anna Greta í samtali við Fréttablaðið.



> **Ég tel að nokkrar meginreglur stjórnsýslulaga hafi verið brotnar, þá sérstaklega andmælareglan, leiðbeiningarskylda stjórnvalda, rannsóknarreglan og fleira í þeim dúr.**
>
> Anna Greta Ólafsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Flóaskóla

Þá segist hún mikið hafa velt fyrir sér stöðu smærri sveitarfélaga og fyrirkomulagi sveitarstjórnarstigsins innan stjórnsýslunnar, og ekki síður starfsöryggi skólastjórnenda.

„Skólastjórnendur þurfa oft á tíðum að taka erfiðar ákvarðanir í sínu starfi sem jafnvel geta snert sveitarstjórnarmenn persónulega, eða áhrifamikla foreldra svo dæmi sé tekið. Það þarf því að vera mjög sterkt net í kringum skólastjórnendur svo fólk endist í þessu starfi og svo að til starfsins fáist hæft fólk. Umhverfið má ekki vera á þann veg að skólastjórinn óttist um starfsöryggi sitt taki hann erfiðar ákvarðanir“.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, vildi ekki tjá sig um mál Önnu Gretu því samkvæmt starfslokasamningnum væri málinu að fullu lokið, né tjá sig um ástæður uppsagnarinnar. Anna Greta neitaði sömuleiðis að tjá sig um ástæðurnar.
**mhh@frettabladid.is**

Volkswagen Caddy
GÓÐUR VINNUFÉLAGI

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi er Volkswagen Caddy. Hann er áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum - hefðbundinni lengd og lengri gerð (Maxi).

Caddy má fá með fjórhjóladrifi sem eykur enn við öryggi og akstureiginleika bílsins. Fjórhjóladrifinn Caddy hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður og eykur til muna notkunarmöguleika Caddy, hvort heldur er í snjó, hálku eða erfiðu færi.

Volkswagen Caddy kostar frá
**2.590.000 kr.**
(2.072.000 kr. án vsk)




Atvinnubílar

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




„Það er mjög mikil eftirspurn eftir konum í upplýsingatækni á Íslandi og námið hjá Promennt gaf mér tækifæri til að skipta um starfsvettvang. Tenging Promennt við atvinnulífið skilaði mér þremur atvinnuviðtölum og starfi áður en ég kláraði námið.

**Linda Dögg Guðmundsdóttir, Framabraut – Kerfisstjórnun.**

# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

– með tæknináámi hjá Promennt

**GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR**

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN
– frá byrjendum til sérfræðinga

Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa fengið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

**VIÐFANGSEFNI**
Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

**STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM**
Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

**ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR**
Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

**ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU**
Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

**STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM**
Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemendum gefst kostur á að fara í starfsnám tvisvar sinnum á námstímanum.

Hefst: **22. og 23. janúar 2018** • Lýkur: **Júní 2019**
*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

## AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

Netstjórnun – CCNA
Hefst: **29. og 30. janúar**

Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst: **22. og 23. janúar**

**AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?**
- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 174994



HEFST SUNNUDAG

BURÐARDÝR

Þáttaröðin Burðardýr fjallar um **einstaklinga úr íslenskum veruleika sem flækst hafa inn í skuggavef alþjóðlegs eiturlyfjasmygls.** Í hverjum þætti heyrum við einstakling segja sína sönnu sögu. Skipuleggjendur eiturlyfjasmygls nýta sér neyð fórnarlamba, nota hótanir og ofbeldi til að fá vilja sínum framgengt. Í þáttunum kynnumst við manneskjunum á bakvið fyrirsagnirnar, fólkinu sem við köllum **burðardýr.**

365.is | 1817

MARGFALT SKEMMTILEGRI






**Frans páfi hefur beðið fórnarlömb kynferðisofbeldis innan kirkjunnar um að fyrirgefa.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Páfinn segist miður sín vegna ofbeldisverka

Frans páfi er nú í sinni fyrstu opinberu heimsókn til Chile í skugga hneykslis sem nú skekur kirkjuna þar í landi. Mikil reiði ríkir í garð kaþólikka í landinu. Páfinn segir mikilvægt fyrir kirkjuna að takast á við ásakanir um ofbeldi.

**CHILE** Frans páfi kvaðst í gær finna fyrir „sársauka og skömm“ vegna hneykslis sem nú skekur kaþólsku kirkjuna í Chile. Nær áttatíu prestar, klerkar og aðrir menn innan chilesku kirkjunnar hafa verið ásakaðir um kynferðisofbeldi gegn börnum þar í landi.

Páfinn bað þó einnig fórnarlömb kynferðisofbeldisins um að fyrirgefa prestum sem brotið hafa gegn þeim. Chile er fyrsti áfangastaður hins 81 árs páfa í opinberri ferð hans um Suður-Ameríku en heimsóknin fellur í skugga öldu mótmæla sem nú skekur landið.

Mótmælendur eru þá helst reiðir kaþólsku kirkjunni fyrir að skipa hinn chileska Juan Barros sem biskup yfir borginni Osorno í Suður-Chile. Barros er ásakaður um að hafa reynt að bæla niður ásakanir á hendur prestinum Fernando Miguel Karadima um kynferðisofbeldi gegn ótal börnum. Karadima var fundinn sekur fyrir brot sín í Vatíkaninu árið 2011.

**80**

**menn innan chilesku kirkjunnar hafa verið ákærðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum.**

Páfinn hefur áður sagt það mikilvægt fyrir orðspor kirkjunnar að takast á við ásakanir um ofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar. Gagnrýnendur í Chile segja hins vegar að páfinn hafi ekki svarað kalli þeirra eftir endurskoðun á skipun fyrrnefnds Juans Barros sem biskups í Osorno.

Frans páfi er gríðarlega óvinsæll í Chile en hann hefur ekki heimsótt ríkið frá því að hann varð páfi árið 2013. Samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum í Chile fær hann einungis 5,3 af 10 mögulegum, sem er það minnsta sem nokkur páfi hefur fengið.

Gífurleg reiði hefur ríkt meðal mótmælenda í Chile síðustu vikur og nýverið olli hópur þeirra skemmdum á fjórum kaþólskum kirkjum í höfuðborginni Santiago. Samkvæmt heimildum suðuramerísku fréttaveitunnar Telesur köstuðu mótmælendurnir eldsprengjum að kirkjunum. Einnig skildu þeir eftir miða með skilaboðum til páfans þar sem þeir hótuðu því að næstu sprengjur myndu lenda á kyrtli páfans. Páfinn hélt messu undir berum himni í Santiago í gær og mun svo halda áfram ferð sinni til Perú á fimmtudag. **– bsp**

# Morðið gæti flækt samskipti ríkja

**KÓSÓVÓ** Kósóvó-serbneski stjórnmálamaðurinn Oliver Ivanovic var skotinn til bana í borginni Mitrovica í gærmorgun.

Ivanovic var skotinn sex sinnum í bringuna af leyniskyttu og lést skömmu síðar á nærliggjandi sjúkrahúsi. Dauði Ivanovic, sem var einn þekktasti kósóvó-serbneski stjórnmálamaðurinn, gæti flækt samskipti Serbíu og Kósóvó enn frekar.

Ivanovic var fyrrverandi ríkisstjóri Kósóvó og Metohija og var umdeildur þar sem hann var fyrir tveimur árum dæmdur fyrir stríðsglæpi gegn Albönum árið 1999. Dómnum var snúið við á efra dómsstigi.

Samskipti Kósóvó og Albaníu hafa lengi verið stirð en Kósóvó lýsti yfir sjálfstæði árið 2008 og hafa meira en 100 lönd viðurkennt sjálfstæðisyfirlýsinguna. Þar á meðal Ísland. Rússland og Serbía hafa ekki viðurkennt sjálfstæði ríkisins.



**Morðið á Ivanovic gæti haft pólitískar afleiðingar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Í gær áttu að hefjast fyrstu formlegu viðræður fulltrúa Belgrad, höfuðborgar Serbíu, og Pristina, höfuðborgar Kósóvó, í meira en ár. Ivanovic var einn helsti andstæðingur stjórnmálaflokks Serba í Kósóvó en hann gagnrýndi einnig opinberlega serbnesk stjórnvöld fyrir að styðja einungis Serba í kosningum í Kósóvó. James Ker-Lindsay, sérfræðingur í málefnum Suðaustur-Evrópu sagði við fréttastofu The Guardian að morðið á Ivanovic yrði líklega notað til þess að ná fram pólitískum ávinningi. **– bsp**


ÚTSALA
REKKJUNNAR!
20-60%
AFSLÁTTUR!
ÓTRÚLEG TILBOÐ!
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í
12MÁN.*
OG FYRSTA GREIÐSLA Í APRÍL!
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
rekkjan
KOMDU NÚNA!
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# Sýnileikí



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Síðustu ár hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem er í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar, notið fjárstyrkja frá fjárfestingarfélaginu GAMMA. Núgildandi verðmæti samningsins er um 22,5 milljónir á ári, um 2,2% þeirrar upphæðar sem SÍ fær frá ríkinu, en eins og kom fram í síðasta tölublaði Stundarinnar, þá neita samningsaðilar að opinbera samninginn. Almenningur, eigandi hljómsveitarinnar, veit ekkert og fær ekkert að vita um það hvað felst í samningnum.

Það er eðli listarinnar og hlutverk að rýna í manneskjuna og samfélagið og hika ekki við að ganga gegn ríkjandi valdi. Þetta er margfalt mikilvægara en svokölluð efnahagsleg áhrif skapandi greina, jafnvel í samfélagi sem metur virði alls í peningum illu heilli. Að sama skapi er list sem er veraldlegu valdi þóknanleg, hvers eðlis sem það er, á glapstigum. Andleg örbirgð eru skelfileg örlög.

Íslenskt samfélag bar gæfu til þess á síðustu öld að átta sig á mikilvægi lista og menningar. Átta sig á því að það er ekki síst í gegnum frjálsa og óhefta listsköpun sem þjóð getur fundið sjálfsmynd sína, styrk og virðingu. Það var á þessari forsendu sem Íslendingar báru gæfu til þess að stofna m.a. þjóðleikhús, listasafn og sinfóníu og sameinast um að gera þetta fyrir fé okkar allra á þessu landi. Fyrir þetta fé ber þessum stofnunum að gefa listamönnum fullt og óskorað frelsi til sköpunar á sínum eigin forsendum en fyrir þjóðina.

Það er því umhugsunarvert að risafjárfestingarfélagið GAMMA styrki Sinfóníuhljómsveit Íslands, nýti það til þess að lyfta ímynd sinni á hærra plan, en samningsaðilar neiti svo að sýna almenningi forsendur samningsins. Slíkur samningur verður eðli málsins samkvæmt alltaf að vera opinber og báðum aðilum að fullu aðgengilegur og þá ekki aðeins ráðnum fulltrúum almennings heldur almenningi sjálfum, hinum eiginlega eiganda SÍ. Það á að vera af hinu góða að einkaaðilar leggi listinni lið en það þarf að vera á forsendum listarinnar en ekki fjármagnsins og almenningi sýnilegt.

Þegar stjórnendur SÍ ákváðu að þiggja styrkinn og selja GAMMA þannig hlutdeild í hljómsveit þjóðarinnar, bar þeim einnig skylda til þess að tryggja almenningi fulla vitneskju um þann gjörning og allt sem honum fylgir. Eflaust fylgir samningnum ekki réttur GAMMA til þess að áhrif á verkefnaval eða listrænt frelsi á nokkurn hátt, slíkt væri auðvitað galið, en það breytir ekki þeirri staðreynd að leyndarhyggja rýrir traust og grefur undan virðingu stofnana.

Það er meira en nóg fyrir þessa þjóð að sitja uppi með leyndarhyggju og sérhagsmunabrölt í stjórnsýslunni. Listræn stofnun á borð við SÍ á að stunda sína listrænu leit að innsta kjarna manneskjunnar, sannleikanum og hinum hreina tóni og miðla því til þjóðarinnar. En að það sé verkefni á vegum SÍ að sitja fyrir í auglýsingum og leita að góðu veðri fyrir fjárfestingarfélag úti í bæ er frekar vafasamt. Ef svo er þá eiga eigendur sveitarinnar rétt á að vita hvernig er í pottinn búið.

> En að það sé verkefni á vegum SÍ að sitja fyrir í auglýsingum og leita að góðu veðri fyrir fjárfestingarfélag úti í bæ er frekar vafasamt.

## Halldór







## Frá degi til dags

**Kókaínhvítur á leik**
**Sérsveit ríkislögreglustjóra skók skákheiminn þegar hún réðst inn í húsnæði Skáksambands Íslands þar sem forseti sambandsins hafði grunlaus tekið við fikniefnasendingu frá Spáni. Á sama tíma var gerð atlaga að veitingastaðnum Hvíta riddaranum vegna sama fikniefnamáls. Í kjölfarið hafa taflmenn sótt fram í fikniefnaheiminum og haft nokkur áhrif á tungutakið þar. Orðið „hrókaín“ yfir kókaín hefur heyrst á götunni undanfarið auk þess sem amfetamín er á góðri leið með að verða „drottningaduft.“ Þá mun eitthvað vera um það að kókaínhvítir riddarar mæti svörtum kollegum sínum á reitunum 64.**

**Iðnaðarsaltað gæðaeftirlit**
**Jarðvegsgerlarnir sem skutu upp kollinum í neysluvatni Reykvíkinga hafa haft áhrif víða. Þannig brugðust Coca Cola á Íslandi og Ölgerðin Egill Skallagrímsson hratt við og stöðvuðu framleiðslu drykkja sinna. Ölgerðin lét þau boð út ganga að gæðaeftirlit Ölgerðarinnar fylgdi „ströngum reglum“. Ekki fylgdi sögunni hvort um sömu ströngu reglur er að ræða og voru í gildi þegar fyrirtækið seldi, að sögn óafvitandi, iðnaðarsalt til matvælaframleiðslu í að minnsta kosti þrettán ár.**
thorarinn@frettabladid.is

# Fær útgerðin að skjóta undan „vörslugjöldum“?



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Þá er það orðið ljóst hver er hinn raunverulegi tilgangur myndunar ríkisstjórnarinnar. Það er lækkun veiðigjalda. Núverandi innheimta „veiðigjaldsins“ tekur mið af afkomu útgerðarinnar þegar búið er að gera upp afkomuna frá því tveimur árum áður. Vel reknar útgerðir hafa búið sig undir þessa greiðslu vitandi að þeim ber að standa skil á henni. Eigi að lækka greiðslurnar sem stofnuðust fyrir tveimur árum, væri verið að hafa af þjóðinni þann hluta auðlindaarðsins sem útgerðirnar fengu að njóta til fulls þegar vel áraði en þjóðinni var sagt að hún fengi síðar. Útgerðirnar fengu einfaldlega greiðslufrest (áþekkt „vörslu-skatti“) á þeim hluta arðsins sem á að koma í hlut þjóðarinnar. Þennan greiðslufrest á nú að nota til að hlunnfara þjóðina um þann „rausnarlega“ hlut auðlindaarðsins sem henni er ætlaður af auðlind sinni.

Eina spurningin sem stjórnmálamenn ættu að reyna að svara er spurningin um hvernig tryggt sé að þjóðin fái sem mest fyrir sjávarauðlindina þannig að sem mestu fé megi veita til byggðastyrkja, örorkubóta, lífeyrisþega, vegaframkvæmda, heilbrigðismála, skólanna o.s.frv. Stjórnmálamenn sem eiga ekki svar við þessari spurningu skila auðu.

Hugmyndin að breyttum veiðigjöldum núna ber með sér að stjórnmálamenn hafa enn ekki áttað sig á að veiðigjaldið er ekki skattur heldur einfaldlega kaup aðfanga til að geta haldið til veiða. Skattur er aftur á móti greiddur eftir almennum reglum. Mér vitanlega spyrja olíufélögin ekki útgerðirnar áður en þau afhenda þeim olíu hvort þau eigi fjármuni aflögu áður en þeim er afhent olían.

Þó illa gangi hjá einhverjum fyrirtækjum í sjávarútvegi og slíkt gæti hugsanlega leitt til byggðaröskunar þá er ekki hægt að leggja það á heila atvinnugrein að snúa því við. Hægt er að bregðast við byggðaröskun með byggðastyrkjum sem geta m.a. falið í sér styrk til einstakra sjávarútvegsfyrirtækja í brothættum byggðum en ekki aðgerðum sem taka til atvinnugreinarinnar í heild. Einfaldasta afkomutenging sjávarútvegs er útboð aflaheimilda til nokkurra ára í senn því engin útgerð býður hærra en fjárhagur hennar leyfir.

> Einfaldasta afkomutenging sjávarútvegs er útboð aflaheimilda til nokkurra ára í senn því engin útgerð býður hærra en fjárhagur hennar leyfir.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Sterk bönd – aukin tengsl



**Håkan Juholt**
sendiherra Svíþjóðar á Íslandi

Ég kom til landsins á Seyðisfirði með kæliboxið fullt af týtuberjum, moltuberjum, niðursoðinni isterbandpylsu og ostaköku. Í töskunum voru kassar af hrökkbrauði og krukkur með þurrkuðum gómsætum sveppum. Það voru ekki bara ég og eiginkonan, Åsa, sem vorum komin til Íslands heldur ætti nokkuð af því besta, sem Svíþjóð hefur upp á að bjóða, að fylgja með. En á mínum skamma tíma sem sendiherra Svíþjóðar á Íslandi hef ég alveg fallið fyrir matnum. Nú er hangikjötssneið á brauðið sjálfsagður hluti morgunverðarins og ég er orðinn nokkuð ánægður með kjötsúpuna mína með lambakjöti og bragðmiklum rótarávöxtum. Í gotterísskálinni hefur íslenskur lakkrís þegar slegið út gamla uppáhaldssælgæti fjölskyldunnar.

Ég tel að sterk tengsl geti oft myndast hjá okkur í gegnum ilm og bragð. Um hátíðirnar komu íslenskir vinir við hjá okkur með heimabakaðar kökur og við buðum þeim sænska „lúsíuketti“, snúða og saffrantvíbökur. Á jólum er feit „íslandssíld“ á borðum í Svíþjóð en á Íslandi eru dósir með sænskum piparkökum í stórum stöflum í öllum matvöruverslunum.

> **Svíar hafa mikinn áhuga á Íslandi því menningin, bókmenntirnar og náttúran heilla. Ísland geislar af orku og töfrum sem vekja aðdáun Svía. Um leið sjáum við mjög aukinn áhuga íslenskra barna og ungmenna á að læra sænsku og fjöldi Íslendinga hefur menntað sig í Svíþjóð, ekki síst á heilbrigðissviðinu.**

Við nálgumst hvert annað í gegnum bragðlaukana, deilum brauðinu og upplifunum. Við uppgötvum hið góða, þekkjum söguna og skynjum framtíðina en stundum yfirsést okkur að sjá hvert annað. Eða kannski tökum við bara hvert öðru sem gefnum hlut.

Ég tel að Ísland og Svíþjóð hafi svo óskaplega mikið meira að gefa og læra hvort af öðru. Hluti af því ferðalagi getur legið í gegnum matarupplifun því það er sagt að leiðin að hjarta mannsins liggi í gegnum magann.

Svíar hafa mikinn áhuga á Íslandi því menningin, bókmenntirnar og náttúran heilla. Ísland geislar af orku og töfrum sem vekja aðdáun Svía. Um leið sjáum við mjög aukinn áhuga íslenskra barna og ungmenna á að læra sænsku og fjöldi Íslendinga hefur menntað sig í Svíþjóð ekki síst á heilbrigðissviðinu.

En viðskipti milli landa okkar eru fremur lítil. Íslenskur fiskur ratar sjaldan í sænskar verslanir og sænskan bjór er ekki að finna á íslenskum krám og veitingastöðum. Skýringin á því er oftast máttur vanans og hefðir, rótgróið vinnulag.

Á órólegum tímum þegar þróunin einkennist af tortryggni og hervæðingu felst visst öryggi í því að tilheyra norræna samfélaginu. Í norrænu ríkjunum er sterk hefð fyrir lýðræði og grasrótarhreyfingum. Jafnrétti, félagslegt öryggi, sjálfbærni og samvinna eru sameiginleg gildi. Í ár leggur Svíþjóð fram nokkur ný norræn samstarfsverkefni. Þau snúast meðal annars um þróun lausna fyrir fjarheilbrigðisþjónustu og rafræna lyfseðla yfir landamærin, vistvænar samgöngur, byggingu fallegra og sjálfbærra timburhúsa og sjálfbæra hönnun á ýmsum sviðum samfélagsins. Það verður að vera hægt að búa, vinna og reka fyrirtæki bæði í borgum og á landsbyggðinni. Rafrænar fjarlausnir geta stuðlað að lifandi landsbyggð bæði á Íslandi og í Svíþjóð.

Samsemd Norðurlanda er sterk og það er okkar íbúanna að verja hana. Við getum það í amstri dagsins með því að sjá hvert annað, láta okkur hvert annað varða og gefa hvert öðru tækifæri.

Við finnum þetta þegar við lesum bækur eftir höfunda landa okkar eða sjáum kvikmyndir frá Norðurlöndum, þegar spennan vex í Eurovision eða stórmót í íþróttum hefjast. Stundum erum við andstæðingar en þegar við sjálf eigum ekki lengur möguleika á sigri styðjum við nágrannana. Á EM í fótbolta urðu allir Svíar allt í einu Íslendingar og nú er HM í aðsigi.

Leyfum ekki okkar kynslóð að bregðast arfinum eftir forfeður okkar. Gerum í öllum tilvikum hvað við getum til þess að næsta kynslóð fái tækifær til að búa á öruggum, sterkum og þróunarsæknum Norðurlöndum.

Þetta er hægt með stefnu ríkisstjórna, forgangsröðun fyrirtækja og vali einstaklinga hversdagslega. Þegar öllu er á botninn hvolft er mjög ánægjulegt að bera þessa ábyrgð. Á hverjum degi. Þú og ég.





Góðar hugmyndir!

Skemmtilega hannaðar íbúðir á viðráðanlegu verði.

Reykjavíkurborg kallar nú eftir hugmyndum að hagkvæmu húsnæði. Sérstaklega er horft til hugmynda sem hjálpa ungu fólki og fyrstu kaupendum að komast í húsnæði. Einnig er leitað almennt eftir verkefnum sem hjálpa borginni að ná markmiðum sínum í aðalskipulagi um að stefnt verði að því að allt að fjórðungur íbúða verði miðaðar við þarfir þeirra sem ekki vilja leggja eða ekki geta lagt mikið fé í eigið húsnæði.

**Um hugmyndaleit er að ræða og er öllum velkomið að senda inn erindi.**

Kallað er eftir hugmyndum sem geta auðveldað fólki að komast í gott húsnæði. Þessar hugmyndir geta til dæmis falið í sér nýsköpun í leigufyrirkomulagi, samnýtingu og fjármögnun. Einnig geta hugmyndir snúið að lækkun byggingarkostnaðar og þar með lægri húsnæðiskostnaði íbúa.

Reykjavíkurborg hefur hug á að leggja til verkefnisins lóðir á völdum svæðum í borginni. Þar á meðal geta lóðir í Gufunesi, Ártúnshöfða og Skerjafirði staðið til boða fyrir verkefnið ásamt lóðum hjá Veðurstofu Íslands og Sjómannaskólanum. Skipulagsvinna fyrir þessi svæði er á byrjunarstigi.

Lokafrestur til að skila inn erindi rennur út 8. febrúar 2018.

Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/hagkvaemt-husnaedi**



## ELLY
Þriggja sæta sófi. Dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## FRIDAY
Hornsófi með tungu 2H3 SL. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 330 x 260 x 90 cm

**224.993 kr.** ~~299.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



## BOYD
Þriggja sæta sófi. Brúnt PU-áklæði eða dökkgrátt sléttflauel. Stærð: 215 × 87 × 78 cm

**25%** AFSLÁTTUR

Brúnt PU-áklæði
**93.743 kr.** ~~124.990 kr.~~

Dökkgrátt sléttflauel
**89.993 kr.** ~~119.990 kr.~~



## GENOA
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart, grátt eða brúnt leður. Stærð: 295 x 163 x 93 cm

**265.993 kr.** ~~379.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

**25%** AFSLÁTTUR



## BOYD
Hægindastóll. Brúnt PU- áklæði.
Fæst einnig í gráu sléttflaueli.

**44.993 kr.** ~~59.900 kr.~~

**60%** AFSLÁTTUR



## MORO
Hægindastóll. Brúnt gæðaleður.
Skammel í sama lit fáanlegt, selt sér.

**83.996 kr.** ~~209.990 kr.~~

**50%** AFSLÁTTUR



## FLOW
Ruggustóll / hægindastóll. Svört eik eða hnota og svart Fantasy leður..

**159.995 kr.** ~~319.990 kr.~~

**50%** AFSLÁTTUR



## JOY
Hægindastóll. Rautt Fantasy leður.
Skammel í sama lit fáanlegt, selt sér.

**119.995 kr.** ~~239.990 kr.~~



**SÍÐUSTU EINTÖKIN**

## ELLIOT
Borðstofuborð. Villt eik, svört grind og svartir fætur.
Stærð: 220 x 95 cm.

**60%** AFSLÁTTUR

Borð
**27.996 kr.** ~~69.990 kr.~~

Stækkun
**5.996 kr.** ~~14.990 kr.~~



Stækkanlegt í 219,5 cm með innbyggðum stækkunum.

**30%** AFSLÁTTUR

## MONTREUX
Borðstofuborð. Spónlögð hnota.
Stærð: 180 x 90 x H: 75 cm

**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~




*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.*

# RISA ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

### EIFFEL
Borðstofustóll. Turkisblár, rauður, svartur, grár og hvítur með krómfótum.
Svartur, grár, og hvítur með svörtum fótum.
Hvítur með hvítum fótum.



30% AFSLÁTTUR

Með svörtum eða hvítum fótum.
6.993 kr. ~~9.990 kr.~~
Með krómfótum.
8.393 kr. ~~11.990 kr.~~

### OTTAWA
Borðstofustóll, brúnt, grátt eða svart PVC áklæði.



25% AFSLÁTTUR

8.993 kr. ~~11.990 kr.~~

### ALISON
Borðstofustóll. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði, krómgrind.

SÍÐUSTU EINTÖKIN



60% AFSLÁTTUR

4.796 kr. ~~11.990 kr.~~

### ORSO
Borðstofustóll. Svart PU-leður og eikar fætur.

SÍÐUSTU EINTÖKIN



30% AFSLÁTTUR

19.593 kr. ~~27.990 kr.~~

### ROMBO
Borðstofustóll. Dökkgrátt PU-leður og svartir fætur.



30% AFSLÁTTUR

27.993 kr. ~~39.990 kr.~~



35% AFSLÁTTUR

### SALLY
Hægindastóll. Brúnt eða svart PU-leður og ljóst- eða dökkgrátt áklæði

PU-áklæði
24.044 kr. ~~36.990 kr.~~

Sléttflauel
25.994 kr. ~~39.990 kr.~~

### DENVER
2ja, 3ja sæta sófar og stóll. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði.

2ja sæta:
168 x 98 x 88 cm.
90.993 kr.
~~129.990 kr.~~

3ja sæta:
218 x 98 x 88 cm.
118.993 kr.
~~169.990 kr.~~

Stóll
62.993 kr.
~~89.990 kr.~~



30% AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

EHF EURO CROATIA 2018

## ÍSLAND - SERBÍA 26-29 (12-12)

### Maður leiksins



Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur í íslenska liðinu með átta mörk. Var sérstaklega öflugur í fyrri hálfleik þar sem hann skoraði sex mörk.

### Hættulegustu mennirnir

Mörk + stoðsendingar

| | |
|---|---|
| 9 Aron Pálmarsson | 4+5 |
| 8 Guðjón Valur Sigurðsson | 8+0 |
| 6 Ólafur Guðmundsson | 4+2 |
| 5 Rúnar Kárason | 3+2 |
| 5 Arnór Þór Gunnarsson | 3+2 |
| 4 Kári Kristján Kristjánsson | 4+0 |

**6** Ísland tapaði síðustu 12 mínútum leiksins með sex mörkum.

**Björgvin Páll** varði 10 skot í fyrri hálfleik en bara þrjú í þeim seinni.

**7** Aron Pálmarsson tapaði sjö boltum í leiknum.

**4** Bjarki Már Gunnarsson varði fjögur skot í íslensku vörninni.

### Mörk úr leikstöðum




# Heimför eftir hræðilegan endi

**Íslenska handboltalandsliðið kastaði frá sér unnum leik gegn Serbíu í gær og er úr leik á EM í Króatíu. Íslendingar voru í góðri stöðu þegar skammt var eftir en spiluðu rassinn úr buxunum á ögurstundu.**

EHF EURO CROATIA 2018



Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Annað Evrópumótið í röð komst íslenska karlalandsliðið í handbolta ekki upp úr sínum riðli á mótinu. Að þessu sinni voru Íslendingar í dauðafæri til að fara áfram með tvö stig í milliriðil. Eina sem þurfti var að ná í stig gegn Serbum. Og þegar 12 mínútur voru eftir benti fátt til annars enda staðan 23-20, Íslandi í vil.

Þá tók við einn lélegasti kafli sem sést hefur hjá íslenska liðinu á síðustu árum. Reyndustu leikmenn þess gerðu hverja skyssuna á fætur annarri í sókninni á meðan Serbar skoruðu að vild. Þeir skoruðu níu mörk gegn þremur á síðustu 12 mínútunum og fengu tækifæri í lokasókninni til að vinna fjögurra marka sigur sem hefði fellt Íslendinga úr leik. Björgvin Páll Gústavsson hélt hins vegar lífi í vonum Íslands með því að verja skot Petars Nenadic.

Íslendingar þurftu að treysta á að Króatar ynnu Svía til að komast í milliriðil. Það gerðist ekki. Sænska liðið vann öruggan sigur á heimamönnum og fór með fjögur stig inn í milliriðil. Og sendi það íslenska heim í leiðinni.

Vonbrigðin eru mikil, sérstaklega eftir sigurinn góða á Svíum í fyrsta leik. Það var enginn heimsendir að tapa fyrir heimamönnum, Króötum, og þrátt fyrir það tap voru Íslendingar í góðri stöðu fyrir leikinn í gær.




Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson skorar hér eitt átta marka sinna gegn Serbum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hann var jafn í fyrri hálfleik þar sem Guðjón Valur Sigurðsson og Björgvin Páll Gústavsson fóru mikinn. Fyrirliðinn skoraði sex mörk og herbergisfélagi hans varði 10 skot í markinu. Staðan í hálfleik var jöfn, 12-12. Íslenska liðið byrjaði seinni hálfleikinn vel og náði góðum tökum á leiknum, komst mest fjórum mörkum yfir og fékk tækifæri til að ná enn meiri forystu.

Þrátt fyrir of marga tapaða bolta og dauðafæri sem fóru forgörðum voru Íslendingar í góðri stöðu, þremur mörkum yfir, þegar 12 mínútur voru eftir. En þessu íslenska liði virðist ekki líða vel þegar það er með forystu. Það sást á HM í fyrra og aftur núna á EM. Það er mikið áhyggjuefni.

Lokakafli leiksins var átakanlega lélegur af Íslands hálfu. Vörnin var eins og vængjahurð, galopin og gisin, og ótrúlegt agaleysi einkenndi sóknarleikinn. Tapaðir boltar voru alltof margir í gær (10) eins og í hinum tveimur leikjunum á EM. Það var vandamál á HM í fyrra og er enn vandamál.

Íslenska liðið klúðraði fimm af síðustu sex skotum sínum og það serbneska tryggði sér sigurinn með því að skora síðustu þrjú mörk leiksins. Lokatölur 26-29, Serbíu í vil, og þátttöku Íslands á EM er því lokið.

EHF EURO CROATIA 2018

### A-riðill

**Ísland - Serbía 26-29**

**Mörk Íslands (Skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 8 (13/1), Kári Kristján Kristjánsson 4 (4), Aron Pálmarsson 4 (7), Ólafur Guðmundsson 4 (9), Rúnar Kárason 3 (10), Arnór Þór Gunnarsson 3/2 (6/3), Ómar Ingi Magnússon (1), Janus Daði Smárason (1).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 13 (41/2, 32%).

**Mörk Serbíu:** Zarko Sesum 5, Bogdan Radivojevic 5, Nemanja Ilic 4/1, Nemanja Zelenovic 4, Petar Nenadic 3/2, Milan Jovanovic 3, Stefan Vujic 2, Mijajlo Marsenic 2, Petar Djordic 1.

**Króatía - Svíþjóð 31-35**

**Stig þjóða:** , Svíþjóð 4, Króatía 4, Serbía 2, Ísland 2.

*Króatía, Svíþjóð og Serbía eru komin áfram í milliriðil.*

### B-riðill

**Frakkland - H.-Rússland 32-25**
**Noregur - Austurríki 39-28**

**Stig þjóða:** Frakkland 6, Noregur 4, Hvíta-Rússland 2, Austurríki 0.

*Frakkland, Noregur og Hvíta-Rússland eru komin áfram í milliriðil.*

### ÁFRAM MEÐ FJÖGUR STIG

Lærisveinar Kristjáns Andréssonar í sænska landsliðinu tryggðu sér sæti í milliriðli á EM í Króatíu með 31-35 sigri á heimamönnum í gær. Ekki nóg með það heldur fara Svíar með fjögur stig í milliriðil þar sem þeir mæta Frökkum, Norðmönnum og Hvít-Rússum. Sænska liðið tapaði fyrir því íslenska í fyrsta leik sínum á mótinu en það breytti litlu þegar upp var staðið.




### EM-dagskráin

| | | |
|---|---|---|
| 17.15 | Þýskal. - Makedónía | C-riðill |
| 19.30 | Svartfj. - Slóvenía | C-riðill |
| 17.15 | Tékkland - Ungverjal. | D-riðill |
| 19.30 | Spánn - Danmörk | D-riðill |

ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!
Strefen® Bólgueyðandi og verkjastillandi munnsogstafla við særindum í hálsi






Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. janúar 2018

2. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Vilja tvöfalda veltuna eftir rússíbanareið

**Advania Data Centers stefnir að sex milljarða veltu á árinu. Veðjuðu á uppgang Bitcoin og erlendra gullgrafara. Búið að selja allt plássið í nýju gagnaveri og stefnan sett á Noreg og Svíþjóð.** » 6, 7



»2

## Lífeyrissjóðum bjóðast fimm prósent í Arion

Ráðgjafar Kaupþings ræða við lífeyrissjóði um kaup á þremur til fimm prósentum í Arion. Kanna líka áhuga tryggingafélaganna á að kaupa fyrir útboð. Kaupþing greiddi 60 milljóna kostnað sjóðanna eftir að slitnaði upp úr viðræðum í fyrra.

»4

## Framgangan „með öllu óásættanleg“

Héraðsdómur hefur fallist á kröfu um að félagi, sem hélt utan um 30 prósenta hlut í lyfjafyrirtækinu Alvogen, verði slitið. Dómurinn segir ráðandi hluthafa hafa skaðað hagsmuni minnihluta hluthafa. Árni Harðarson segir dóminn ekki skipta máli í stóra samhenginu.

»12

## Vilhjálmur Bjarnason í stjórn Bankasýslunnar

Vilhjálmur Bjarnason, lektor við Háskóla Íslands og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur tekið sæti í stjórn Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum.


VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Sérblað um Vörubíla og vinnuvélar kemur út 30. janúar.

Í þessu blaði er hægt að panta auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



# Netið í fyrsta skipti stærsti birtingarmiðillinn

Vefmiðlar voru í fyrra með stærsta hlutann af birtingakökunni hjá Pipar/Media, birtingaarmi Pipar/TBWA, einnar stærstu auglýsingastofu landsins. Er það í fyrsta sinn sem vefmiðlar taka fram úr dagblöðum í auglýsingabirtingum.

Um 33 prósentum af birtingafé Pipar/Media var varið í auglýsingar í vefmiðlum á síðasta ári. Til samanburðar var hlutfallið 27 prósent árið 2016. Þar á eftir komu dagblöð með 24 prósenta hlutdeild og sjónvarp með 23 prósent, en hlutdeild þeirra miðla lækkaði nokkuð á milli ára. Fór hlutdeild dagblaðsins úr 28 í 24 prósent og sjónvarpsins úr 25 í 23 prósent. Þá stóð útvarpsmiðillinn í stað með um 17 prósent birtingafjár.

Rannveig Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Pipar/Media, segir auglýsingamarkaðinn breytast hratt um þessar mundir. Staða vefbirtinga sé að styrkjast jafnt og þétt á kostnað prent- og sjónvarpsmiðla.

„Þróunin hefur verið stigvaxandi í þessa átt undanfarin ár. Hækkandi hlutdeild stafrænna birtinga hjá okkur er í takt við það sem er að gerast úti í heimi.

Allur vettvangur fyrir stafræna markaðssetningu hefur farið stigvaxandi hjá okkur sem og annars staðar undanfarin ár. Á næstu árum er því spáð að stafrænar birtingar verði komnar yfir 50 prósent af heildarbirtingum. Hvort sú þróun muni eiga við hérlendis mun svo koma í ljós en þróunin er klárlega í þá átt,“ segir hún.

Rannveig bendir á að víða erlendis sé sjónvarpið yfirleitt stærsti birtingarmiðillinn. Hér á landi hafi dagblöðin hins vegar lengst af verið í afar sterkri stöðu með mestu hlutdeildina. Netið sé þó óðum að ná yfirhöndinni. Samhliða aukningu vefbirtinga hefur hlutfall erlendra netauglýsinga, svo sem á Google, Facebook, Instagram og YouTube, aukist jafnt og þétt síðustu ár. Rannveig segir að birtingar á erlendum vefmiðlum og umsjón og vinna við samfélagsmiðla hafi á síðasta ári verið 52 prósent af öllum vefbirtingum. Það sé mikil aukning frá fyrra ári þegar hlutfallið var 39 prósent.

„Sama er uppi á teningnum í mörgum löndum í kringum okkar, þar sem netið er þegar orðið stærsti miðillinn og hefur á mörgum stöðum nú þegar tekið fram úr sjónvarpsauglýsingum sem hafa verið stærsti vettvangurinn erlendis hingað til,“ nefnir hún.

Þess ber að geta að umræddar tölur um skiptingu birtingafjár hjá Pipar/Media í fyrra eru meðaltalstölur. Þær sýna því ekki fullkomna skiptingu birtingafjárins. **– kij**



**Netmiðlar sækja hratt fram á auglýsingamarkaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**33%**
**af birtingafé Pipar/Media var varið í auglýsingar í vefmiðlum í fyrra.**


**Rannveig Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Pipar/MEDIA.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang visir.is






**Þótt núverandi upplegg geri ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir geti keypt allt að fimm prósent í Arion banka er ekki loku fyrir það skotið að Kaupþing sé reiðubúið að selja stærri hlut til sjóðanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Býðst fimm prósenta hlutur í Arion banka

**Ráðgjafar Kaupþings ræða við lífeyrissjóði um kaup á 3 til 5 prósentum í Arion banka. Kanna líka áhuga tryggingafélaganna á að kaupa fyrir útboð. Kaupþing greiddi 60 milljóna kostnað sjóðanna eftir að slitnaði upp úr viðræðum í fyrra.**

Eignarhaldsfélagið Kaupþing hefur boðið íslenskum lífeyrissjóðum að kaupa samanlagt þriggja til fimm prósenta hlut í Arion banka áður en ráðist verður í almennt hlutafjárútboð og skráningu bankans síðar á árinu, líklegast öðrum hvorum megin við páska í byrjun apríl.

Fulltrúar Kviku banka, ráðgjafa Kaupþings í viðræðunum, byrjuðu að funda með sumum af stærstu lífeyrissjóðum landsins í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, í kjölfar þess að fjárfestingarbankinn hafði í byrjun ársins sent bréf til um fimmtán sjóða þar sem þeim var boðið að hefja viðræður um kaup á litlum hluta í Arion banka af Kaupþingi.

Marinó Örn Tryggvason, aðstoðarforstjóri Kviku banka, er helsti milliliður bankans í viðræðunum við lífeyrissjóðina en hann var áður aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka. Þá hefur Kvika einnig umboð frá Kaupþingi til að kanna áhuga íslensku tryggingafélaganna á að kaupa hlut í Arion banka fyrir áformað hlutafjárútboð, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Aðeins tíu mánuðir eru liðnir síðan slitnaði upp úr viðræðum Kaupþings og lífeyrissjóðanna en þeir höfðu þá áformað að kaupa um 20 til 25 prósenta hlut í Arion banka. Ekkert varð hins vegar af þeim kaupum þegar í ljós kom að Kaupþing hafði gengið frá sölu á tæplega 30 prósenta hlut í bankanum til þriggja erlendra vogunarsjóða og Goldman Sachs auk samkomulags um kauprétt á allt að 22 prósenta hlut til viðbótar í Arion banka. Sá kaupréttur var aðeins nýttur að mjög litlum hluta, en Attestor Capital bætti við sig um 0,44 prósenta hlut í september síðastliðnum.

**9.000**
**milljónir er fimm prósenta hlutur metinn á miðað við gengið 0,81 á eigin fé Arion banka í árslok 2016.**

Vegna óánægju með framgöngu Kaupþings í fyrra kröfðust lífeyrissjóðirnir þess að eignarhaldsfélagið myndi bæta þeim upp þann kostnað sem hafði fallið til í tengslum við viðræðurnar. Samþykkti Kaupþing að greiða beinan útlagðan kostnað lífeyrissjóðanna, sem var einkum utanaðkomandi lögfræði- og fjármálaráðgjafarþjónusta, samtals að fjárhæð um 60 milljónir króna, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Lögð er á það áhersla af hálfu Kaupþings og ráðgjafa þeirra í þeim viðræðum sem nú eru hafnar að hlutur í bankanum verði ekki seldur á undir genginu 0,8 miðað við eigið fé samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi enda myndi slíkt verða til þess að virkja forkaupsrétt íslenska ríkisins. Miðað við það lágmarksgengi gæti fimm prósenta hlutur í bankanum verið seldur fyrir um níu milljarða króna. Þótt núverandi upplegg geri ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir geti keypt allt að fimm prósent í Arion banka er ekki loku fyrir það skotið að Kaupþing sé reiðubúið að selja stærri hlut til sjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, eru sagðir vilja að viðræðurnar gangi hratt fyrir sig í þetta sinn og að ráðgjafar Kaupþings hafi frumkvæði að því að gera þeim kauptilboð að hlut í Arion banka. Hafa sjóðirnir enn ekki rætt um það sín á milli hvort aftur verði leitað til utanaðkomandi ráðgjafa til að hafa umsjón með viðræðunum við Kviku banka.

Viðmælendur Markaðarins í röðum sjóðanna segja þá staðreynd að Kaupþing sé nú að leita aftur til þeirra um möguleg kaup á hlut í Arion banka sé til marks um að félagið viðurkenni að það hafi verið mistök að slíta viðræðunum á síðasta ári. Ljóst sé að áhugi erlendra fjárfesta á þátttöku í fyrirhuguðu útboði muni meðal annars ráðast af því að stærstu stofnanafjárfestar landsins verði einnig fyrir í eigendahópi Arion banka – slíkt yrði talið traustleikamerki á bankanum sem fjárfestingarkosti.

Ekkert varð af útboði og skráningu Arion banka í nóvember á síðasta ári, eins og áður hafði verið lagt upp með, vegna stjórnarslita og í kjölfarið kosninga til Alþingis. Miðað við núverandi eigið fé Arion banka er bókfært virði 57,4 prósenta hlutar Kaupþings í bankanum um 127 milljarðar króna. Það er talsvert meiri hlutur en áformað er að selja í útboðinu en afar sennilegt er að Kaupþing kjósi að halda eftir um 20 til 25 prósenta hlut. **hordur@frettabladid.is**

# Forstjóri FME í fjögurra mánaða námsleyfi

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), fer í tæplega fjögurra mánaða námsleyfi frá störfum í seinni hluta næsta mánaðar. Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri FME, verður starfandi forstjóri eftirlitsins þangað til Unnur snýr aftur til starfa.

Unnur staðfestir þetta í samtali við Markaðinn en hún verður í námsleyfi frá 20. febrúar næstkomandi fram í miðjan júní á þessu ári. Hún segist í fyrstu ætla að dvelja í Flórens á Ítalíu og sækja námskeið, sem eru meðal annars kennd í samstarfi við Evrópska bankaeftirlitið, við banka- og fjármáladeild (e. School of Banking and Finance) Evrópuháskólans í Flórens. Síðari hluta námsleyfisins verður Unnur hins vegar í námi við viðskiptaháskólann IESE í Barcelona þar sem hún mun taka námskeið á sviði stjórnunar.

Unnur, sem er lögfræðingur að mennt, hefur verið forstjóri Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012 en þar áður hafði hún verið yfirlögfræðingur FME. Auk þess hefur hún starfað hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og sem sérfræðingur í fjármálaþjónustu hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. **– hae**


**Unnur ætlar að sækja námskeið við Evrópuháskólann í Flórens og viðskiptaháskólann IESE í Barcelona.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Horfðu hvar og hvenær sem er
Fyrir fólk sem elskar sjónvarp
Horfðu á þitt uppáhaldsefni þegar þér hentar. Vodafone PLAY appið er með þér í snjalltækinu hvert sem þú ferð.
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone




Árlegur tekjuvöxtur lyfjafyrirtækisins Alvogen hefur að jafnaði verið tæplega sextíu prósent á undanförnum átta árum. Nær starfsemi fyrirtækisins nú til 35 landa víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Framgangan „með öllu óásættanleg“

**Héraðsdómur hefur fallist á kröfu um að félagi sem hélt utan um 30 prósenta hlut í lyfjafyrirtækinu Alvogen verði slitið. Dómurinn segir ráðandi hluthafa hafa skaðað hagsmuni minnihluta hluthafa. Árni Harðarson segir dóminn ekki skipta máli í stóra samhenginu.**

Héraðsdómur Reykjavíkur telur að framganga ráðandi hluthafa í félaginu Aztiq Pharma Partners gagnvart fyrrverandi viðskiptafélaga sínum, Matthíasi H. Johannessen, hafi verið „með öllu óásættanleg“. Aðgerðir hluthafanna, sem fólu meðal annars í sér sölu á sænsku dótturfélagi, sem hélt með óbeinum hætti utan um 30 prósenta eignarhlut í lyfjafyrirtækinu Alvogen, á undirverði, hafi verið „mjög ámælisverðar“ og „skaðað í krafti meirihlutavalds með ótilhlýðilegum hætti“ hagsmuni Matthíasar, öðrum hluthöfum til hagsbóta, án þess að hann fengi rönd við reist.

Sænska dótturfélagið var um mitt ár 2010 selt fyrir í mesta lagi 1,5 milljónir króna og gegn ógreiddri viðbótargreiðslu þó svo að verðmæti þess hafi numið nærri 1,7 milljörðum króna á sama tíma.

„Við höfum aldrei reynt að valda Matthíasi tjóni, hvorki fjárhagslegu né annars konar tjóni,“ segir Árni Harðarson, forsvarsmaður Aztiq Pharma Partners.



Róbert Wessman.



Matthías H. Johannessen.

„Matthías hefur hins vegar stefnt okkur og félaginu út af öllu og engu undanfarin ár. Hann stefndi til dæmis félaginu vegna samþykktar ársreikninga og tapaði því máli. Við vorum einnig sýknaðir af skaðabótakröfu í héraði í máli sem hann hefur áfrýjað til Hæstaréttar. Við sjáum til hvað gerist þar. Ef við verðum dæmdir til að greiða honum bætur, þá gerum við það náttúrulega, en ég á ekki von á að til þess komi, miðað við þann málatilbúnað sem hann hefur haft uppi.“

## Ógilti 100 milljóna hlutafjárhækkun

Héraðsdómur ógilti í síðasta mánuði samþykktir aðalfundar Aztiq Pharma Partners frá því í október 2014 um annars vegar að hækka hlutafé félagsins um 100 milljónir króna og hins vegar að afnema forkaupsrétt hluthafa í félaginu.

Fyrir umrædda hlutafjárhækkun taldi Matthías sig eiga þriðjungshlut í félaginu en eftir hana átti hann einungis 0,01 prósents hlut.

Héraðsdómur taldi gögn málsins benda til þess að verðmæti félagsins hefði við hækkunina verið metið allt of lágt. Það hefði stuðlað að því að þeim sem tóku þátt í hækkuninni væri aflað ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað Matthíasar.

Benti dómurinn auk þess á að starfsemi í félaginu hefði verið lítil. Engin gögn hefðu verið lögð fram um framtíðaráform félagsins og ekki hefði verið reynt að rökstyðja hvers vegna þörf var talin á því að auka hlutaféð um 100 milljónir króna í einu vetfangi.

**1.680**

**milljónir króna var verðmæti alls hlutafjár í Aztiq Pharma Partners 1. júlí 2010 samkvæmt yfirmatsgerð.**

### Segir dómana stórundarlega

Héraðsdómur kvað í seinni hluta desember upp dóma í tveimur málum sem Matthías hafði höfðað á hendur þeim Árna og Magnúsi Jaroslav Magnússyni og félaginu Aztiq Pharma Partners. Féllu báðir dómarnir Matthíasi í vil. Var það niðurstaða dómsins að annars vegar skyldi slíta umræddu félagi og hins vegar að tilteknar samþykktir aðalfundar félagsins frá því í október árið 2014 skyldu ógiltar.

Árni segir dómana stórundarlega. Málunum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar. Í stóra samhenginu skipti þeir þó engu máli.

„Það er ekki rétt sem haldið hefur verið fram að málin varði eignarhlut í Alvogen. Félagið sem málin snerust um á ekkert í Alvogen og mun ekki eignast neitt í Alvogen. Þess vegna hefur þetta ekkert með eignarhald á Alvogen að gera.

Það sem er hins vegar undarlegt er að dómurinn kemst af einhverjum ástæðum að þeirri niðurstöðu að lítill hluthafi geti ógilt ákvörðun um hlutafjáraukningu sem er tekin á réttan hátt af réttu atkvæðamagni og auk þess megi hann krefjast þess að félaginu verði slitið. Hlutafélagaumhverfið á Íslandi yrði ansi undarlegt ef lítill hluthafi gæti krafist slita á félagi þegar honum sýndist,“ nefnir Árni.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu í nóvember árið 2016 að háttsemi Árna, Magnúsar og Róberts Wessman, sem fólst í því að selja sænska dótturfélagið Aztiq Partners AB til félags í eigu Árna, hefði bakað þeim skaðabótaskyldu gagnvart Matthíasi. Þremenningarnir voru hins vegar sýknaðir að svo stöddu, en dómurinn taldi ótækt að dæma Matthíasi fullar bætur þar sem ekki lá fyrir hvert endanlegt tjón hans yrði.

Þrír dómkvaddir yfirmatsmenn töldu að verðmæti alls hlutafjár dótturfélagsins hefði verið tæpir 1,7 milljarðar króna um mitt ár 2010.

Á sama tíma hefði félagið hins vegar verið selt fyrir að hámarki 1,5 milljónir króna og gegn ógreiddri viðbótargreiðslu, en matsmennirnir treystu sér ekki til þess að leggja mat á verðmæti hennar. Málið kemur til kasta Hæstaréttar síðar á árinu.

Aztiq Pharma Partners var stofnað á árinu 2009 af þeim Árna, Róberti og Magnúsi ásamt Matthíasi. Átti Róbert 94 prósenta hlut í félaginu en hinir þrír skiptu með sér tveimur prósentum hver. Sama dag og félagið var stofnað framseldi Róbert Árna allan eignarhlut sinn án vitneskju Matthíasar. Hæstiréttur hefur slegið því föstu að við umrætt framsal hafi forkaupsréttur Matthíasar að hlutabréfunum orðið virkur.

Matthías hætti í stjórn Aztiq Pharma Partners í mars árið 2010 vegna ósættis við þremenningana og réð sig til starfa hjá Actavis, helsta keppinauti Alvogen. Hafa þremenningarnir fullyrt að Matthías hafi neitað að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu sem kæmi í veg fyrir að hann léti Actavis í té gögn um áætlanir Alvogen.

Fáeinum mánuðum síðar var helsta eign Aztiq Pharma Partners, hið margumrædda sænska dótturfélag, selt til félags í eigu Árna, Aztiq Pharma ehf., án vitneskju Matthíasar. Sænska dótturfélagið átti lúxemborgskt félag sem hafði fest kaup á 30 prósenta hlut í lyfjafyrirtækinu Alvogen.

### Endurgjaldið fjarri sannvirði

Héraðsdómur er afdráttarlaus um að stjórn Aztiq Pharma Partners – en í henni sátu Árni, Magnús og Róbert – hafi selt sænska félagið á undirverði. Stjórninni hafi mátt vera það „fullljóst“ að endurgjaldið hafi verið „víðs fjarri sannvirði“.

Dómurinn taldi ekki skipta máli þau sjónarmið þremenninganna að ef þeir hefðu ekki farið þá leið sem farin var, þ.e. að selja sænska félagið, þá hefði líklega ekki tekist að fjármagna kaupin á þriðjungshlutnum í Alvogen.

Að sögn þremenninganna hefði fjárfestingarmöguleikinn að öðrum kosti líkast til tapast. Þeir báru meðal annars fyrir sig að einn þeirra fjárfesta sem þeir leituðu til, fjárfestingarsjóðurinn Sage International Ventures, hefði sett þau skilyrði fyrir lánveitingu að eignarhald sænska dótturfélagsins yrði endurskipulagt. Dómurinn sagði þessar ástæður ekki breyta því að umrædd leið hefði verið farin „án þess að skeyta neinu um hagsmuni stefnanda [Matthíasar]“. Ekki yrði heldur séð að kröfur fjárfestingarsjóðsins hefðu einar og sér kallað á eða réttlætt þá leið að selja svo til einu eign félagsins á miklu undirverði. kristinningi@frettabladid.is

FRAMTÍÐARLAUSN
Í BÓKHALDINU
FJÁRHAGUR
BIRGÐIR
LAUNABÓKHALD
VERKBÓKHALD
VIÐSKIPTAVINIR
LÁNADROTTNAR
UNICONTA
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS
svar.)
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ

islandssjodir.is



# VÖXTURINN ER EKKI HVAR SEM ER

**IS Ríkisskuldabréf löng**, einn af ríkisskuldabréfasjóðum Íslandssjóða, bar hæstu ávöxtun allra innlendra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á árinu 2017.

Íslandssjóðir áttu einnig þá tvo meðallöngu skuldabréfasjóði sem skiluðu bestu ávöxtun síðasta árs og sömuleiðis tvo efstu sértryggðu sjóðina.*

**Þessi árangur er engin tilviljun — við stefnum áfram upp á við á nýju ári.**

| Skuldabréfasjóðir | 1 ár | 2 ár | 3 ár | 4 ár | 5 ár | Frá stofnun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| IS Lausafjársafn[1] | 4,74% | 5,27% | 5,25% | | | 5,30% |
| IS Veltusafn[2] | 4,90% | 5,32% | 5,19% | 5,15% | 5,15% | 5,30% |
| IS Ríkissafn[2] | 5,09% | 5,42% | 5,10% | 4,98% | 4,83% | 6,10% |
| IS Ríkisskuldabréf meðallöng[2] | 7,37% | 6,11% | 6,30% | 5,13% | 4,57% | 9,20% |
| IS Ríkisskuldabréf löng[2] | 10,05% | 7,02% | 7,52% | 5,72% | 4,83% | 9,10% |
| IS Skuldabréfasafn[1] | 7,00% | 5,89% | 6,20% | 5,24% | 4,96% | 6,40% |
| IS Óverðtryggður sjóður[1] | 4,35% | 6,25% | 6,19% | | | 8,30% |
| IS Sértryggður sjóður[1] | 6,82% | 6,53% | | | | 6,60% |
| IS Sértryggður VTR sjóður[1] | 5,67% | 5,69% | | | | 5,50% |

[1] Fjárfestingarsjóður og [2] Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Árleg nafnávöxtun, öll tímabil miða við 31.12. hvers árs. Heimild: Íslandssjóðir hf.

Ofangreindir sjóðir eru verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir samkvæmt lögum nr. 128/2011. Rekstrarfélag sjóðanna er Íslandssjóðir hf. Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir heldur en verðbréfasjóðir, sem leitt geta til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði.

**Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.**
Umfjöllunin veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu ofangreindra sjóða, sérstaklega um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk. Útboðslýsing og lykilupplýsingar eru aðgengilegar á islandssjodir.is.

*Byggt á flokkun sjóða á Keldan.is

ÍSLANDSSJÓÐIR



Eyjólfur Magnús Kristinsson tók við starfi forstjóra Advania Data Centers í síðasta mánuði en hefur starfað hjá móðurfélaginu og forverum þess um margra ára skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gagnaver Advania í sex milljarða veltu

**Eftirspurn erlendra gullgrafara hefur átt stóran þátt í örum vexti Advania Data Centers sem stefnir að tvöföldun á ársveltu fyrirtækisins. Stækka gagnaver og búið að selja allt plássið. Mikið lagt undir í lærdómsríkri rússíbanareið og stefnan sett á Noreg og Svíþjóð.**


Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is




Áætlanir stjórnenda Advania Data Centers (ADC), dótturfélags Advania, gera ráð fyrir að velta fyrirtækisins tvöfaldist á þessu ári og verði um sex milljarðar króna. Tæp fjögur ár eru liðin síðan fyrirtækið byggði á einum og hálfum mánuði gagnaverið Mjölni á Fitjum í Reykjanesbæ til að mæta mikilli eftirspurn erlendra gullgrafara sem síðan þá hafa fyllt vasa sína af rafmyntum á borð við Bitcoin og Ethereum. Eyjólfur Magnús Kristinsson, nýráðinn forstjóri ADC, segir þennan uppgangstíma hafa verið mikla rússíbanareið og viðurkennir hversu mikil áhætta það var að fjárfesta í innviðum utan um sumar af stærstu rafmyntanámum heims.

„Á sínum tíma stigum við djörf skref og það voru ekki allir sannfærðir um ágæti þeirra. Þegar við reistum gagnaverið á Fitjum var það hugsað fyrst og fremst til að sinna viðskiptavinum í blockchain-tækninni,“ segir Eyjólfur en útgáfa á rafmyntum eins og Bitcoin og Ethereum byggir á hinni svokölluðu kubbakeðjutækni (e. blockchain technology). Um er að ræða eins konar dreifða skrá þar sem hægt er að sannreyna að allar upplýsingar innan hennar séu sannar og réttar. Þeim sem útvega nauðsynlegan tækjabúnað með mikla reiknigetu til að leysa flóknar stærðfræðiformúlur er launað með nýjum rafmyntum fyrir aðstoð við útgáfu nýrra skráa.

„Blockchain-tæknin hafði þá komið fram nokkrum árum áður en fáir vissu um hvað hún snerist. Ég hafði sjálfur takmarkaða þekkingu á henni og eftir á að hyggja var þetta mjög djarft. En við höfðum trú á verkefninu, þótt viðskiptavinir okkar á þeim tíma væru mjög háðir gengi Bitcoin sem þá var um 600 dalir. Það fór niður í 160 dali um tíma og við fundum fyrir sveiflunum hjá viðskiptavinum,“ segir Eyjólfur. Eitt Bitcoin kostar í dag um 12.000 Bandaríkjadali.

„Þannig lærðum við að flokka góða viðskiptavini frá vondum og fórum að velja þar á milli. Þetta var mikill lærdómur þar sem við þurftum að stíga ölduna með þeim. Samskiptin við fyrirtækin á orkumarkaðnum hafa sömuleiðis þróast með tímanum og skilningurinn á okkar þörfum hefur aukist. Þótt við séum nokkuð stór orkunotandi eru þarfir okkar aðrar en stóriðjunnar, sem semur um kaup á ákveðinni orku í tiltekinn tíma – yfirleitt mjög langan tíma. Við þjónustum viðskiptavini á grundvelli styttri samninga, til dæmis til þriggja ára og jafnvel skemur, og höfum því þörf fyrir kvikari orkumarkað,“ segir Eyjólfur og svarar því að ADC noti í dag um 25 megavött af raforku.

### Sóknarfæri í ofurtölvunum

Nú er unnið að stækkun gagnaversins á Fitjum enda húsnæðið þar löngu sprungið líkt og í hinni byggingu ADC eða Thor Data Center á Völlunum í Hafnarfirði. Nýju byggingarnar verða að sögn Eyjólfs tilbúnar um næstu mánaðamót og er planið að næstum tvöfalda reksturinn þar. Aðspurður segir hann að framkvæmdirnar hafi tekið lengri tíma en vorið 2014 þegar fyrsti áfanginn reis á mettíma.

„Þetta tekur aðeins lengri tíma núna enda skilur enginn hvernig okkur tókst þetta 2014. Við erum núna að byggja á lóð við hliðina á þeirri fyrstu sem við byggðum á árið 2014 og munum nýta þriðju lóðina á svæðinu fljótlega. Stækkanirnar hafa verið í undirbúningi síðan í september og í rauninni höfum við þegar selt allt plássið í gagnaverunum sem eru að rísa,“ segir Eyjólfur og svarar því að stór hluti nýja húsnæðisins fari til viðskiptavina ADC sem byggja starfsemi sína á kubbakeðjunni.

„Reksturinn hjá okkur byggir á þremur stoðum. Í fyrsta lagi öllu sem tengist Blockchain-tækninni þar sem er óþrjótandi eftirspurn. Þar höfum við reynt að velja viðskiptavini okkar vandlega og höfum samið við fyrirtæki með góða rekstrarsögu og sem stunda vöruþróun byggða á tækninni. Sem betur fer höfum við lent í fáum skakkaföllum. Þjónusta við þessa viðskiptavini skapar allt að 75 prósent af okkar veltu. Við höfum sóst eftir þeim sem nota tæknina í fleira en einungis að grafa eftir rafmyntum. Þau fyrirtæki eru ekki jafn viðkvæm fyrir sveiflum á gengi myntanna en nokkuð hefur verið um lukkuriddara í þessum bransa sem ekki geta staðið af sér sveiflur á markaði.

Allt í allt eru um 70 fyrirtæki sem byggja á blockchain í viðskiptum við ADC. Eðli málsins samkvæmt eru mörg fyrirtækjanna frá Evrópu en nú eru að bætast við viðskiptavinir frá Asíu og Bandaríkjunum líka. Kínverjar eru frægir fyrir sína hlutdeild í Bitcoin en Japanir nota rafmyntina einna mest. Evrópa er því ekkert sérstaklega framsækin í þessum efnum.

Í öðru lagi er hið hefðbundna high-performance computing (HPC) eða rekstur ofurtölva, þar sem viðskiptavinir kaupa í rauninni reikniafl. Við erum eitt fremsta fyrirtækið í heiminum þegar kemur að ofurtölvu-skýjaþjónustu. Við erum með nokkuð marga stóra alþjóðlega viðskiptavini og það er mannaflsfrekasti þátturinn í okkar starfsemi. Þar sjáum við fyrir okkur mikla vaxtarmöguleika. Við höfum til dæmis verið að vinna að verkefnum með læknadeild Stanford-háskóla og fleirum. Þessi hluti starfseminnar krefst talsverðrar orku en þarf litla bandvídd. Hann hentar okkur því mjög vel, auk þess sem íslenskar veðuraðstæður eru mjög hentugar þar sem kuldinn nýtist til að kæla tölvubúnaðinn. Það eru ótrúlega spennandi hlutir að gerast í þessum ofurtölvuheimi en mikill vöxtur er á notkun þeirra í hönnun, þróun og rannsóknum.

**Á sínum tíma stigum við djörf skref og það voru ekki allir sannfærðir um ágæti þeirra.**

Nýjustu afkastamælingar okkar sýna að ofurtölvurnar ná 6-7 prósentum meiri afköstum en sams konar búnaður annars staðar í heiminum. Það er hægt að ná sama árangri annars staðar en þá þarf sérstakan búnað til að stilla raka og hita, sem leiðir til aukins kostnaðar,“ segir Eyjólfur og bætir við að þriðja og síðasta stoðin sé hefðbundin hýsingarþjónusta. Advania hafi keypt fyrirtækið Thor Data Center á Völlunum í desember 2011. Fljótlega hafi þó komið í ljós að staðsetning Íslands sé ekki eins samkeppnishæf ef flytja þarf mikið af gögnum á milli notanda og gagnaversins þar sem gagnaflutningur til og frá landinu geti eðli málsins samkvæmt verið óhagkvæmur.

### Einfaldara líf

Markaðurinn fjallaði í byrjun nóvember um miklar fjárfestingar rafmyntanámunnar Genesis Mining á Fitjum. Hlutafé íslensks dótturfélags hennar var um miðjan október aukið um rúma 2,2 milljarða króna en starfsemin var nýverið seld kanadísku systur- og samstarfsfélagi Genesis. Forsvarsmenn félagsins eru Þjóðverjar og frumkvöðlar frá öðrum Evrópulöndum sem byrjuðu á réttum stað og tíma og hófu að grafa eftir Bitcoin hér á landi árið 2014.

„Þeir eru að grafa eftir Bitcoin og Ethereum en gera líka ýmislegt annað. Þeir eru til dæmis að taka skref í átt að ofurtölvutækninni og byggja á reynslunni úr námugreftrinum. Þeir eru að nýta sér sína reynslu og reiknigetu til að mæta þörfum sem standa kannski aðeins utan við blockchain-tæknina. Það er einnig áhugavert að stór hluti erlendra viðskiptavina okkar hefur stofnað fyrirtæki á Íslandi. Hér hafa því mörg fyrirtæki sprottið upp vegna okkar starfsemi, þau kaupa hér ýmsa þjónustu og eru innspýting í hagkerfið.“

*Höfðuð þið aldrei áhyggjur af því hversu hátt hlutfall þið voruð að taka inn af fyrirtækjum í blockchain?* „Jú, ég hafði áhyggjur af því á sínum tíma en er mun rólegri í dag enda eru stoðirnar undir rekstrinum fleiri núna en þá. Í dag er ég sannfærður um að blockchain-tæknin sé komin til að vera enda er ekki fjárfest jafn mikið í neinni annarri tækni í heiminum í dag. Notkunarmöguleikar hennar

# Fólk Heimili

MIÐVIKUDAGUR 17. JANÚAR 2018



„Listin hefur verið mér allt á þessu tímabili og ég gæti ekki hugsað mér annan starfsvettvang,“ segir Inga Hlín. MYND/ANTON BRINK

# Sækir hugmyndir til náttúrunnar

Þrátt fyrir að hafa starfað við listsköpun í nær hálfa öld segir Inga Hlín nauðsynlegt að þróa eitthvað nýtt og spennandi reglulega. →2



**Fimm íslensk hönnunarfyrirtæki opna sýningu á FORMEX í Stokkhólmi í dag. Ragna Sara Jónsdóttir segir að Ísland þyki ferskt í hönnunarbransanum miðað við hin Norðurlöndin.** →4


**ENZYMEDICA® – Meltingarensím**

**Öflug ensím sem auðvelda meltingu, auka orku og draga úr einkennum fæðuóþols**



**Digest Gold**
- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- Gegn fjölþættum meltingarvandamálum
- Handhafi Vity* verðlaunanna 10 ár í röð.
- Inniheldur ATPro (ATP, Magnesíum Citrate, Coensime Q10, Phytase).

**Digest Spectrum**
- Hentar vel þeim sem glíma við ýmis fæðuóþol.
- Hentar allri fjölskyldunni.
- Styður meltingu á glúteini, laktósa, kaseini, próteini og fenól, sem og grænmetis og bauna.
- Viðurkennt af Autism Hope Aliance.

**Digest Basic**
- Bætir meltingu og frásog næringarefna.
- Gegn ónotum, lofti og uppþembu.
- Henta einnig fyrir börn.

**Digest**
- Tvöfalt meiri styrkur en í Digest Basic.
- Eykur orku.
- Lítil hylki sem auðvelda inntöku.

*Sú vara sem smásalar kjósa oftast sem bestu vöru ársins í hverjum flokk

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Framhald af forsíðu ➜

Myndlistarmaðurinn og hönnuðurinn Inga Elín hefur verið áberandi í íslensku listalífi undanfarna áratugi. Hún fagnaði sextugsafmæli sínu síðasta haust en listin hefur verið henni allt að eigin sögn í tæplega hálfa öld. „Ýmislegt hefur þróast hjá mér í gegnum árin en þau nálgast óðfluga 50, árin sem ég hef starfað við einhvers konar listsköpun. Listin hefur verið mér allt á þessu tímabili og ég gæti ekki hugsað mér annan starfsvettvang. Á þessum áratugum hef ég unnið í alls konar efni, allt frá steinsteypu, gleri, postulíni, steinleir, olíuliti og bara það sem er í boði á hverjum tíma.“ Inga Elín hefur unnið bæði skúlptúra og nytjalist, þ. á m. Ístóninn, verðlaunagrip Íslensku tónlistaverðlaunanna, sem hún hefur gert sl. 20 ár. „Einnig hafa verk mín verið á fjölda veitingastaða, meðal annars Argentínu steikhúsi, Koli, Gallerí fiski, Dilli og Tveimur fiskum.“

## Náttúran er uppspretta

Hún hóf nám í Myndlistaskóla Reykjavíkur þegar hún var þrettán ára gömul undir handleiðslu Katrínar Briem. Síðar lá leiðin í Myndlista- og handíðaskóla Íslands en þaðan útskrifaðist hún 20 ára sem myndmenntakennari. „Ég kenndi næstu þrjú árin en listin kallaði og fór ég í eitt ár í keramik í MHÍ. Þá varð ekki aftur snúið og fór ég síðan í framhaldsnám til Kaupmannahafnar og útskrifaðist 1988 úr tveimur deildum, keramik- og glerdeild, eftir fimm ára nám. Síðan hef ég helgað mig listagyðjunni og eingöngu starfað á þeim vettvangi. Náttúran er uppspretta margra verka minni, það eru oft ótrúlegar hugmyndir sem spinnast út frá henni.“

## Ný verk fram undan

Árið 2017 var mjög viðburðaríkt og annasamt að sögn Ingu Elínar. „Ég kom með ýmis ný verk, meðal annars litla skúlptúra úr postulíni sem ég kalla Smávini fagra. Utan þess hafði ég mikið fyrir stafni í sköpun minni og sýndi m.a. á mörgum sýningum. Kaolin Keramik Galleri flutti sig um set á Skólavörðustíg 5 en þar hef ég verið meðlimur í mörg ár. Ég ferðaðist mikið á liðnu ári og gerði margt margt fleira. Í ár ætla ég að koma með ný verk sem ég er ekki ennþá búin að opinbera. Það er algjör nauðsyn að þróa eitthvað nýtt og spennandi reglulega. Postulínsljós hafa verið mér hugleikin síðustu 30 ár og ætli ég haldi ekki áfram að þróa þau einnig.“

Verk Ingu Elínar má skoða í Kaolin Keramik Galleri, á ingaelin.com, á kaolinkeramikgalleri.com og á Facebook (INGA ELÍN design).



**Smávinir fagrir eru postulínsskúlptúrar þar sem fjölmörg dýr eru fléttuð saman á steyptum sökklum.** MYND/INGA ELÍN



**Fagurlega skreyttar skálar á leið í brennsluofninn.** MYND/INGA ELÍN



**Litfagrir postulínsveltibollar sóma sér vel á heimilum og vinnustöðum.** MYND/INGA ELÍN



**Sunna postulínslamparnir eru með ýmiss konar dýrastyttum.** MYND/INGA ELÍN









**Fjöldi veitingastaða notar verk Ingu Hlínar, m.a. staðir á borð við Argentínu steikhús, Kol, Gallerí fisk, Dill og Tvo fiska.** MYND/INGA ELÍN

Fimmtudaginn 1. febrúar mun Fréttablaðið gefa út aukablaðið

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Blaðið er unnið í samtarfi við **FKA - Félag kvenna í atvinnulífinu.** Daginn fyrir útgáfu blaðsins fer fram árleg viðurkenningarhátíð FKA þar sem þrjár glæsilegar konur fá sérstakar viðurkenningar fyrir að hafa verið öðrum konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd.

Í blaðinu verða ítarleg viðtöl við allar þrjár konurnar sem hljóta FKA viðurkenningu í ár. Auk þess verður áhugavert viðtal við félags og jafnréttismálaráðherra.

**Öll fyrirtæki og stofnanir sem eru stolt af því að hafa jafnrétti kynjanna í hávegum stendur til boða að taka þátt í þessu blaði með auglýsingu eða umfjöllun.**




Nánari upplýsingar um auglýsingar og umfjallanir í blaðinu veitir Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins. Hægt er að senda honum póst á netfangið olafurh@frettabladid.is eða hafa samband í síma 512-5433.

FRÉTTABLAÐIÐ

FKA
FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU

# EINSTÖK STÓRÚTSALA Á GÆÐAMERKJAVÖRU

GERRY WEBER - TAIFUN - BETTY BARCLAY - JUNGE - FUCHS SCHMITT OG FL .FL.






## MEIRI VERÐLÆKKUN - 40% - 50% - 60%







**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**



















Loftljós frá Berlinord, handklæði frá Takk home og Urban Nomad vegghilla frá FÓLK Reykjavík verða sýnd á FORMEX.

# Íslensk hönnun óvænt og fersk

## Fimm íslensk hönnunarfyrirtæki opna sýningu á FORMEX í Stokkhólmi í dag. Ragna Sara Jónsdóttir segir að Ísland þyki ferskt í hönnunarbransanum miðað við hin Norðurlöndin.

Þó nokkur íslensk hönnunarfyrirtæki og hönnuðir vinna að markaðssetningu erlendis. Þegar þetta tækifæri bauðst stukku nokkur þeirra til. Sýningar eru frábær vettvangur til að læra að þekkja markaðinn betur, kynna fyrirtækin og vörurnar sem í boði eru og söguna á bak við þær, skapa tengsl við sölu- og dreifingaraðila og læra,“ segir Ragna Sara Jónsdóttir, framkvæmdastjóri hönnunarmerkisins FÓLK Reykjavík sem tekur þátt í FORMEX hönnunar- og vörusýningunni í Stokkhólmi ásamt fjórum öðrum. Verkefnið er samstarf FORMEX, Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Sendiráðs Íslands í Stokkhólmi og var sýningin opnuð í dag.



Ragna Sara Jónsdóttir, framkvæmdastjóri FÓLK Reykjavík, sem er einn þátttakenda á FORMEX.

Auk FÓLKS Reykjavík sýna North Limited, Studio Berlinord og TAKK Home. Þá er TAKK Home með sér sýningarbás og einnig fyrirtækið IHANNA Home.

Ragna segir þátttökuna mikilvæga. Ísland skeri sig úr í norrænu hönnunarsenunni.

„Í dag er talað um Ísland í samhengi við hönnun sem ferskt og ungt land í bransanum þar sem óvæntir hlutir geti gerst, á meðan hönnunarhefðin er mun þróaðri og fastari í sessi á flestum hinum Norðurlöndunum. Ísland þykir því spennandi og vonandi hjálpar það okkur á sýningum sem þessum þar sem samkeppnin um athyglina er mikil,“ segir Ragna. Hvað er hópurinn að sýna?

„Við erum öll að sýna hönnunarvörur fyrir heimilið en þær eru þó af ýmsum toga. Berlinord, sem Hrafnkell Birgisson hönnuður stýrir, sýnir lampa og hábollana. North Limited sýnir borð, keramik, snaga, spegla og kertastjaka eftir Þórunni Hannesdóttur og Sigríði Hjaltested. TAKK Home er með textílvörur, handklæði, þvottapoka og fleira. Dögg Design sýnir einnig spegla, kertastjaka, bakka, snaga og fleira. Við hjá FÓLK Reykjavík sýnum Urban Nomad vegghillur eftir Jón Helga Hólmgeirsson hönnuð og svo er verið að kynna HönnunarMars á vegum Hönnunarmiðstöðvar Íslands.“

Tæpt ár er síðan Ragna Sara setti FÓLK Reykjavík á laggirnar og hefur fyrirtækið gengið vel.

„Það hefur gengið mjög vel. Við byrjuðum með samstarfi við Jón Helga Hólmgeirsson vöruhönnuð og kynntum Urban Nomad hillurnar eftir hann á HönnunarMars 2017. Sala hófst á hillunum í íslenskum hönnunarverslunum í desember síðastliðnum og nú tökum við fyrsta skrefið út í heim, sem er góð tilfinning. Nú erum við að þróa og hanna nýja vörulínu í samstarfi við Ólínu Rögnudóttur vöruhönnuð sem kynnt verður á komandi HönnunarMars.“

# Kassakerfi & sjóðsvélar

MIÐVIKUDAGUR 17. JANÚAR 2018 **Kynningar:** Pappír, DK hugbúnaður




## Gæðavörur sem endast

Kassa- og posarúllurnar frá Pappír hf. eru gæðavörur með góðan endingartíma sem hæfa öllum greinum atvinnulífsins. Á síðustu árum hefur fyrirtækið bætt við vöruflóruna umbúðapappír, gjafapokum, flöskupokum og sérmerktum pappírsburðarpokum. →2

Kjarninn á bak við velgengni Pappírs hf. F.v.: Jóhannes Sigurðsson eigandi, Ævar Breiðfjörð sölustjóri, Arnór Guðmundsson prentsmiðjustjóri og Sæþór Steingrímsson sölustjóri. Á myndina vantar Ólaf Sverrisson fjármálastjóra og Björgvin Ólafsson lagerstjóra og bílstjóra. MYNDIR/VILHELM



Á undanförnum 15-20 árum hefur nánast öll notkun á kassa- og posarúllum færst yfir í svokallaðan „thermal“ pappír.



„Prentun á rúllunum okkar geymist í ýmist sjö, tíu eða fimmtán ár og við bjóðum einnig upp á rúllur sem endast í 25 ár,“ segir Jóhannes Sigurðsson, eigandi Pappírs hf.

**Framhald af forsíðu ➪**

Á undanförnum 15-20 árum hefur nánast öll notkun á kassa- og posarúllum hérlendis færst yfir í svokallaðan „thermal“ pappír en á hann skrifast fyrir tilstilli örlítils hitagjafa í prenthaus prentarans að sögn Jóhannesar Sigurðssonar, eiganda Pappírs hf. „Með þessu móti fæst nánast hljóðlaus prentun og margfalt hraðvirkari afgreiðsla. Á yfirborði pappírsins er örþunn húð sem er næm fyrir hitanum og við snertinguna verða efnahvörf og útprentun verður sýnileg.“

## Góð ending

Pappír hf. hefur um margra ára skeið framleitt rúllur úr slíkum pappír hérlendis og selt til verslana en flutti á síðasta ári framleiðslulínu sína út til Þýskalands. „Við urðum að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði hér á landi. Nú er vélin okkar í gangi 24 tíma á sólarhring og framleiðir bæði rúllur fyrir okkur sem og aðra söluaðila á Evrópumarkaði.“

Á tímabili fengust ódýrari kassa- og posarúllur hér á landi en snemma kom í ljós að prentunin á þeim rúllum entist mun skemur en á rúllunum sem Pappír framleiðir. „Sem dæmi má nefna að samkvæmt bókhaldslögum þarf að geyma öll gögn í a.m.k. sjö ár og þá skiptir máli hvernig prentun á kassa- og posarúllum endist. Því hafa margir komið að máli við okkur, eftir að hafa prófað aðrar lausnir, og skipt aftur yfir til okkar. Prentun á rúllunum okkar geymist í ýmist sjö, tíu eða fimmtán ár og við bjóðum einnig upp á rúllur sem endast í 25 ár. Mest seljum við þó af þeim sem endast í sjö og tíu ár.“

## Rótgróið fjölskyldufyrirtæki

Fyrirtækið fagnaði 30 ára afmæli á síðasta ári en það hefur alla tíð verið rekið sem fjölskyldufyrirtæki á sömu kennitölunni að sögn Jóhannesar. „Frá upphafi höfum við sérhæft okkur í framleiðslu og sölu á búðarkassa-, reiknivéla- og posarúllum og í seinni tíð einnig bætt við umbúðapappír, gjafapokum, flöskupokum og sérmerktum pappírsburðarpokum. Ýmis fyrirtæki eru með sérpantanir frá okkur á rúllum og pokum, allt niður í 20-30 rúllur eða einn kassa af pokum á ári. Einnig má nefna ýmsar sérvörur fyrir ákveðin rannsóknartæki, mælitæki og stöðumæla ásamt fleiri vöruflokkum. Það má því segja að við séum svolítið sérhæft fyrirtæki í pappírsiðnaði og með alla almenna prentun í bakhöndinni.“

Nánari upplýsingar má finna á pappir.is.


LJÓSRITUNARPAPPÍR
UMBÚÐAPAPPÍR
LASERPAPPÍR
GJAFAPAPPÍR
FAXPAPPÍR

REIKNIVÉLARÚLLUR
SJÓÐSVÉLARÚLLUR
KASSARÚLLUR
POSARÚLLUR

BRÉFPOKAR
GJAFAPOKAR
FLÖSKUPOKAR
MATVÆLAPOKAR
SÉRPRENTAÐIRPOKAR

SÉRPRENTANIR,
SELLÓFAN OG RÚLLUSTATÍF

PAPPÍR HF




ART-AD.IS-11.06

PAPPÍR HF • Kaplahrauni 13 • 220 Hafnarfirði Sími: 565 2217 • pappir@pappir.is • www.pappir.is


**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429 | **Veffang:** Visir.is

# dk afgreiðslukerfið (dkPOS) fyrir allan rekstur

**Fyrirtækið dk hugbúnaður framleiðir og selur útbreiddasta viðskiptakerfið á Íslandi fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á alls kyns sérlausnir fyrir veitingastaði, verslanir og þjónustu.**

dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni. „Fyrirtækið framleiðir alhliða viðskiptahugbúnað og verður 20 ára núna í lok nóvember.“

## Útbreiddasta viðskiptakerfið

„Þetta er alíslenskur hugbúnaður sem var þróaður og smíðaður frá grunni af okkur,“ segir Dagbjartur. „Það hefur verið reglulegur og góður vöxtur í allri starfseminni okkar nánast frá fyrsta degi og í dag eru yfir 6.000 fyrirtæki með kerfi frá okkur. Bæði mörg af stærri fyrirtækjum landsins og líka meðalstór og lítil fyrirtæki. dk viðskiptahugbúnaðurinn er langútbreiddasta viðskiptakerfið á íslenskum markaði, með um 45% markaðshlutdeild.

Í dag vinna 58 starfsmenn hjá fyrirtækinu,“ segir Dagbjartur. „Svo rekum við einnig stóra og mikla skýjaþjónustu undir nafninu dk Vistun og erum leiðandi á því sviði. Ekkert fyrirtæki sinnir hýsingarþjónustu fyrir annan eins fjölda fyrirtækja hérlendis og við, en það eru um 4.000 fyrirtæki.“

## Mörg samvirkandi kerfi

„Hugbúnaðurinn okkar er sería af alls kyns samvirkandi kerfum, mörgum einingum sem vinna saman til að mynda eitt samfellt kerfi,“ segir Dagbjartur. „Kerfin sjá um ólíka hluta rekstrarins. Það eru sér kerfi fyrir skrifstofuna (bakvinnsluna), svo sem fjárhags-, launa-, sölu- og innkaupakerfi og svo er annar hluti kerfisins sem sér um framendann, svo sem afgreiðslu og veitingasölu. Sá hluti kerfisins kallast dk POS afgreiðslukerfi.

dk hugbúnaður var stofnaður í lok nóvember 1998 og fóru fyrstu tvö til þrjú árin í að skrifa viðskiptahugbúnaðinn frá grunni. Hann kom svo á markað í byrjun ársins 2001,“ segir Dagbjartur. „Hann hefur breyst mikið frá því hann kom fyrst á markaðinn, ekki síst eftir snjalltækjabyltinguna. Þá gerðum við lausnir fyrir snjalltæki, þannig að kerfið virki á snjallsímum og spjaldtölvum. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfið í snjallsíma og spjaldtölvur, sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavini. Það er líka hægt að nálgast upplýsingar úr kerfinu í gegnum vafra.“

## Nútíma greiðslulausnir

Hafsteinn Róbertsson, sérfræðingur í afgreiðslukerfum hjá dk, segir þjónustu við afgreiðslukerfi sífellt verða stærri hluta af starfsemi dk hugbúnaðar. „Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í snjallsíma og spjaldtölvur sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavini,“ segir hann. „Mikil þróun hefur verið undanfarið í afgreiðslukerfinu hjá okkur og má helst nefna vildarkerfi og tengingu við alla nýju appgreiðslumiðlana eins og Netgíró, Pei, Aur, Síminn Pay og posa frá Dalpay/Verifone.“

## dk iPOS afgreiðslukerfið

Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og dk hugbúnaður hafi svarað því kalli. „dk POS pantanaappið fyrir iPad hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum. Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS,“ segir Hafsteinn. „Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt er að vera með kerfið bæði í iPhone-símum eða iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jaðarbúnað á borð við þráðlausa prentara og greiðsluposa frá Dalpay,“ segir Hafsteinn. „Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu, dk vistun. Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Hafsteinn.

## Alls kyns lausnir

„Takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja. Við hjá dk höfum þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað, svo sem almenn þjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús, hótel og gististaði, stéttarfélög, sveitarfélög, endurskoðunar- og bókhaldsþjónustu, útgerðir og fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki,“ segir Dagbjartur. „Fyrir hótelin erum við til dæmis með sér bókunarkerfi sem sinnir samskiptum við bókunarsíður og heldur utan um herbergin.

Kerfið okkar getur líka tengt saman afgreiðslukerfin í mörgum ólíkum verslunum hjá fyrirtækjum sem reka margar verslanir,“ segir Dagbjartur.

„Hefðbundin hugbúnaðarsala er að færast yfir í áskrift og leigu á hugbúnaði en á síðasta ári bættust við um 500 ný fyrirtæki sem völdu þessa leið hjá dk. Á dk.is er val um áskriftarleiðir og verð og hægt er að panta aðgang að hugbúnaðinum. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum dk sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Dagbjartur, en fyrirtækið er með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri.

## Afmælisútgáfa af dk

„Á næstu vikum og mánuðum munum við kynna fleiri lausnir í dk fyrir vefinn og snjalltækin,“ segir Dagbjartur. „Við erum að tala um lausn sem gerir notendum kleift að vinna með sölureikninga, pantanir og tilboð í gegnum spjaldtölvu, snjallsíma og vefinn. Við erum einnig að tala um öflugt stjórnborð fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga til notenda og svo erum við að tala um veglega afmælisútgáfu af dk viðskiptahugbúnaðinum seinni partinn á árinu.“

Nánari upplýsingar má finna á dk.is.


Afgreiðslukerfið er meðal annars hægt að nota í snjalltækjum.


Dagbjartur er framkvæmdastjóri og Hafsteinn er sérfræðingur í afgreiðslukerfum hjá dk hugbúnaði. MYNDIR/ANTON BRINK


„Við bjóðum bæði upp á afgreiðslukerfi í hefðbundnar afgreiðslutölvur en líka fyrir iPhone-síma eða iPad-spjaldtölvur,“ segir Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur og sérfræðingur í afgreiðslukerfum fyrirtækisins.


dk býður upp á lausnir sem má nálgast samstundis í snjallsímanum, á vefnum og spjaldtölvum. Hér er dk afgreiðsluapp, dk stjórnendaapp, dk reikningaapp, dk pantanaapp og dk veitingahúsaapp sem hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingahúsum síðan það kom út. MYND/DK HUGBÚNAÐUR


1.


2.

# Einu sinni var

Ljósmyndasafn Reykjavíkur geymir heimildir um liðna tíma og er þar meðal annars að finna myndir úr verslunum. Á þeim má glögglega sjá hversu tækninni hefur fleygt fram og verslunarhættir breyst. Á tímum netverslunar og heimsendinga er áhugavert að sjá hversu stutt er til dæmis síðan vörur voru afgreiddar yfir borðið og útlit sjóðsvéla hefur breyst.


3.

**1.** Júní 1993, „Visaposum sló út vegna símabilunar og því gripið til gamalla vinnubragða og handaflsins.“ Tveir ungir strákar standa við afgreiðsluborðið á meðan afgreiðslumaður í verslun notar gömlu aðferðina við að strauja kreditkort.
**2.** Mars 1987, borgað með kreditkorti. Starfsmaður á kassa tekur við kreditkorti af viðskiptavini. Fylla þurfti út nótu með dagsetningu og upphæð sem verslað var fyrir og strauja svo nótuna og kortið handvirkt með sleða.
**3.** Afgreiðslufólk í versluninni Gjafahúsinu við Skólavörðustíg. Myndin er tekin 6. desember árið 1982.
**4.** 20. mars 1990, örtröð á kassanum í Bónus og fólk hleður innkaupapokum í kerru. Fyrsta Bónusverslunin var opnuð árið 1989 og var vöruverð lesið af strikamerkjum á afgreiðslukössum sem ekki hafði áður þekkst.
**5.** Sennilega 21. nóvember 1967. Þessi mynd birtist á forsíðu Vísis 22. nóvember 1967 undir fyrirsögninni: „Nauðsynjavörur uppseldar í verzlunum – Mikið hamstrað í gær“. Auk þess segir í fréttinni: „Mikið hamstur var í verzlunum í gær, og keypti fólk eins og það hafði aura til, til þess að birgja sig upp fyrir væntanlegar veðrabreytingar í viðskiptalífinu ...“
**6.** 27. mars 1973, eldgosið í Vestmannaeyjum. Kaupmaður í matvörubúð pakkar niður vörunum í búðinni.
**7.** Í mars árið 1991 var þessi mynd tekin þegar þingmenn Kvennalistans gerðu innkaup í matvöruverslun. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir og Guðrún Jónína Halldórsdóttir.



4.


5.


6.


7.

SNERTA
Afgreiðslukerfi

Einfalt og notendavænt afgreiðslukerfi.
Hentugt fyrir lítil og meðalstór verslunar- og þjónustufyrirtæki.
Helstu kerfiseiningar Snertu eru:
- Sölukerfi
- Birgðabókhald
- Viðskiptamannabókhald
- Afritun
- Verktakakerfi
- Tímabókunarkerfi og SMS skilaboð
- Afsláttakerfi
- Gjafabréf og inneignarnótur
- Viðverukerfi
- Bommuprentun
- Skipulag borða/sals

Strikamerki Bæjarlind 4 201 Kópavogur 575 1900 sala@strikamerki.is strikamerki.is










# Baðaðu þig í gæðunum

**Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

TENGI

# Bragðgóðar súpur að vetri

Stundum er gott að hlýja sér með góðri súpu. Þessar súpur eru matarmiklar og vítamínríkar þannig að þær ættu að gefa orku og hlýju í kroppinn. Tvær af þessum súpum eru vegan.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



## Súpa með sætum kartöflum

Þessi súpa er afar holl og góð í vetrarkulda. Hún myndi flokkast sem vegan en í henni eru meðal annars sætar kartöflur, gulrætur og kókosmjólk. Súpan er bragðmikil og gefur góða orku. Uppskriftin miðast við fjóra.

**800 g sætar kartöflur**
**2 stórar gulrætur**
**1 rauðlaukur**
**1 msk. rifin, fersk engiferrót**
**2 stór hvítlauksrif, mega vera fleiri eftir smekk**
**½ rauður chilli-pipar (heill ef fólk vill hafa súpuna sterka)**
**8 dl grænmetissoð**
**1 dós kókosmjólk**
**Salt og nýmalaður pipar**
**Safi út einni límónu**
**Ferskt kóríander**

Skrælið kartöflurnar og gulrætur og skerið smátt. Skerið lauk, hvítlauk og chilli-pipar smátt sömuleiðis. Ef þú vilt ekki sterka súpu er betra að taka fræin úr chilli-piparnum.



Súpa með sætum kartöflum.



Afar sérstök gulrótarsúpa. Hún er borin fram með djúpsteiktum laukhringjum en einnig má hafa brauðstangir með henni.

Hitið olíu í potti og steikið laukinn þar til hann byrjar að mýkjast. Bætið þá engifer, chilli-pipar og hvítlauk saman við. Steikið í smástund og hrærið á meðan.

Nú eru kartöflurnar og gulræturnar settar út í pottinn. Steikið áfram í smástund. Hellið soðinu saman við og látið suðuna koma upp.

Súpan þarf að malla í 30 mínútur eða þar til grænmetið verður mjúkt. Bætið þá kókosmjólk út í og maukið súpuna með töfrasprota.

Látið suðuna aftur koma upp og bætið við límónusafa, salti og nýmöluðum pipar. Í lokin er fersku kóríander stráð yfir. Berið súpuna fram með góðu brauði.

## Gulrótarsúpa með djúpsteiktum laukhringjum

Hugmyndin að þessari súpu kemur frá Frakklandi og kallast þar potagé de crecy. Grænmetið er fyrst ofnbakað til að fá meira bragð af því. Súpan hentar vel þeim sem aðhyllast vegan-mataræði. Hún er einnig glútenfrí.

**500 g gulrætur**
**6 dl vatn**
**1 grænmetisteningur**
**1 stór kartafla**
**1 laukur**
**3 cm engiferrót**
**1 appelsína**
**1 dós kókosmjólk**
**Salt og pipar**

### Laukhringir

**2 rauðlaukar**
**1 dl hrísmjöl**
**1 dl baunamjöl (má nota hveiti)**
**1 tsk. lyftiduft**
**2-3 dl ískaldur bjór eða sódavatn**
**Olía til steikingar**

Hitið ofninn í 180°C. Skerið niður lauk, gulrætur og kartöflu og setjið á bökunarplötu ásamt tveimur sneiðum af appelsínu, engifer og þrjár msk. af sólkjarnaolíu. Bakið í ofninum í 20 mínútur.

Setjið síðan bakaða grænmetið, safa úr restinni af appelsínunni, kókosmjólk, grænmetisteningu og mest allt vatnið í pott. Fáið suðuna upp og látið malla í fimm mínútur. Notið töfrasprota til að mauka súpuna. Bætið vatni við ef hún er of þykk.

### Til að útbúa laukhringina

Hrærið saman mjöli, lyftidufti, salti og bjór þar til myndast kekkjalaust deig. Til að fá laukhringina stökka þarf vökvinn að vera ískaldur. Best að kæla bjórinn í klaka áður en honum er bætt út í þurrefnin. Setjið laukhringina í deigið og djúpsteikið í þrjár til fjórar mínútur eða þar til hringirnir verða gullinbrúnir. Leggið síðan á eldhúspappír.

Laukhringirnir eru bornir fram á hliðardiski með súpunni.



Hvítlaukssúpa með kjúklingi.

## Hvítlaukssúpa með kjúklingi

Kraftmikil og holl súpa fyrir líkama og sál. Uppskriftin miðast við fjóra.

**4 kjúklingabringur, skornar í bita**
**2 msk. smjör**
**1 blaðlaukur, skorinn í sneiðar**
**4 hvítlauksrif, smátt skorin**
**4 kartöflur, smátt skornar**
**1 lítri vatn**
**2 kjúklingateningar**
**1 dl kotasæla**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**

Steikið kjúklingabitana í smjöri. Takið til hliðar. Steikið hvítlauk, blaðlauk og kartöflur í potti. Setjið vatnið saman við og kjúklingatening. Fáið suðuna upp og látið síðan malla í 12 mínútur eða þar til kartöflurnar eru mjúkar. Maukið súpuna með töfrasprota.

Látið suðuna koma upp aftur og bætið kjúklingabitunum út í. Látið malla í smástund en takið þá pottinn af hellunni og bætið kotasælu, salti og pipar út í.

Í staðinn fyrir kotasælu má nota mjólk, rjóma eða sýrðan rjóma, allt eftir smekk hvers og eins.




# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**


## Bílaþjónusta


Finndu okkur á Facebook
20 %
Höfðabón

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á nægum svefni


## Hjólbarðar


VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700


## Varahlutir


Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is


## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994


k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**NULL**
Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Fasteignir


FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Barónsstígur 49**
**Endurnýjuð 3ja – 4ra herb. íbúð með sérinngangi.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**

OPIÐ HÚS





Mjög falleg, björt og mikið endurnýjuð 77,1 fm. íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi.
Eignin er þannig sett upp í dag að í henni eru 3 svefnherbergi en stofa og eldhús eru í einu opnu rými. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á sl. vikum, m.a. lagt vandað og fallegt parket, sett upp ný og mjög falleg eldhúsinnrétting með innbyggðri uppþvottavél og ný tæki og baðherbergi var allt endurnýjað með tengi fyrir þvottavél.
**Íbúðin er laus til afhendingar strax.**
**Verð 39,9 millj.**

ráðum
ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



**LÆKKAÐ VERÐ**
Ekki borga meira fyrir **NÝJAN** jeppa



Einn vinsælasti jepplingurinn á Íslandi
SJÁLFSKIPTIR - DÍSEL

NÝIR
KIA SPORTAGE EX 4WD

VERÐ KR.
4.990 ÞÚS.

**Mjög vel** útbúnir bílar
√ 19" álfelgur √ Opnanlegt glerþak með rafdrifinni gardínu √ Íslenskt leiðsögukerfi √ 7" snertiskjár
√ Bakkmyndavél √ Bluetooth √ Margt fleira...

NÝ HEILSÁRS-DEKK FYLGJA

**Komið** og reynsluakið

Allt að 90% lánamöguleiki - Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða
Búnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn sölubílum - Takmarkað magn - Bílar í ábyrgð.

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**

Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**

Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

## Keypt & Selt

## Til sölu




Þjóðlagagitarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið frá 10-18. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www. humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn einelti. Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

**NUDDSTOFA DÍSU (201)**

Er nuddfræðingur með allt almennt nudd. Tek vel á vöðvabólgu, liðverkjum, bakvandamálum og sogæðavanda. Opið frá kl. 10-19 alla virka daga. Verið velkomin. Tímapantanir í s. 868-3379 - Dísa Þ.

## Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu pitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**

**Sími 551-5000**

**Netfang proventus@proventus.is**




# Húsnæði til leigu í Reykjanesbæ








## Klettatröð 19, Keflavíkurflugvöllur

**Húsnæðið skiptist í**

- 4 skrifstofur, eldhús, salerni, afgreiðslu og salur.
- Samtals ca 600 m2
- Eignin er laus fljótlega.








## Bolafótur 1 Njarðvík

- 2x 108 m2 salir, nýttir sem bílaverkstæði í dag.
- Ca 80 m2 afgreiðsla, 40 m2 skrifstofa á efri hæðinni og sameiginlegt eldhús og salerni.
- Eignin er laus frá og með 1 júlí
- Samtals ca 365 m2

Frekari upplýsingar í síma 776 7600 Guðmundur eða gummi@touringcars.eu

TCI Fasteignafélag ehf

eru svo til óendanlegir. Sífellt fleiri fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir líta á blockchain sem framtíðarlausn.

Svo komum við að öðru eða því að viðskiptavinir okkar eru oft fyrirtæki sem hafa ekki bolmagn til að eða vilja ekki byggja eigin gagnaver, koma upp flóknum tæknibúnaði til að keyra gagnaversbúnað, semja við aðila orkumarkaðarins og fleira. Okkar sess í virðiskeðjunni er því að einfalda þeim lífið. Þegar aðili vill stunda rekstur sem byggir á blockchain þarf hann að stinga tölvunni í samband í skjóli frá veðri og vindum, og þar sem kæling hámarkar afköstin. Svo þarf að þjónusta vélarnar, hjálpa til við flutning, tryggja öryggi og fleira. Það má segja að ADC sé orðinn ákveðinn hraðall fyrir þessa aðila og módel okkar er afar sveigjanlegt. Við þekkjum þarfir og óskir ólíkra aðila og mætum þörfum þeirra. Þeir sem eru til dæmis í Ethereum-rafmyntinni þurfa öðruvísi umgjörð en Bitcoin-fyrirtækin.

*Hvernig var afkoma ADC í fyrra?* „Endanlegt ársuppgjör liggur ekki fyrir enn þá, en við vorum mjög ánægð með reksturinn á seinasta ári. Veltan rúmlega tvöfaldaðist og eftir því sem við stækkum náum við aukinni stærðarhagkvæmni. Velta ADC á árinu 2017 var rétt undir þremur milljörðum króna og við stefnum á sex milljarða á þessu ári. Það er tíföldun á tekjum á aðeins þremur árum. Við verðum því brátt í hópi 100 stærstu fyrirtækja landsins og starfsmannafjöldinn nálgast 50 á árinu. Við höfum byggt upp fyrirtækið án nokkurra ívilnana eða aðstoðar frá hinu opinbera og gleðjumst yfir árangrinum.“



Framkvæmdum við stækkun gagnavers ADC á Fitjum á að ljúka um næstu mánaðamót. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Í dag er ég sannfærður um að blockchain-tæknin sé komin til að vera enda er ekki fjárfest jafn mikið í neinni annarri tækni í heiminum í dag.**

**Nauðsynleg útrás**

*Nú eru öryggismál væntanlega efst á baugi þegar kemur að rekstri gagnavera?* „Jú, því í gagnaverunum eru tölvur og tæki fyrir tugi milljarða og við erum að vanda okkur gríðarlega varðandi öll öryggismál. Öryggið er tvöfalt, bæði rafrænt og sýnilegt, og öryggisvarsla er við gagnaverin allan sólarhringinn. Viðskiptavinir okkar gera sífellt strangari kröfur um öryggismál og við viljum standast samanburð við það sem best þykir.

Þegar Ísland komst á kortið sem gagnaversland höfðum við umtalsvert forskot á Noreg og Svíþjóð. Hér voru miklir möguleikar, en skortur á ódýrri bandvídd og öruggum og hröðum gagnaflutningum var greininni til trafala. Okkur tókst engu að síður að finna okkar fjöl og höfum að selja gagnaversþjónustu til fyrirtækja sem þurfa ekki eins mikla bandvídd. Gagnatengingarnar eru því ekki stærsta vandamálið okkar í dag, en vofa alltaf yfir og þær þyrfti að bæta. Þau mál eru í sífelldri skoðun og ég er viss um að við munum halda áfram að sjá lækkandi verð og aukin gæði á gagnatengingum til og frá landinu í náinni framtíð.

Síðan vita það allir sem eru að ráða sérhæft starfsfólk á Íslandi að erfitt er að bæta við sig fólki. Við höfum til dæmis mikla þörf fyrir raf- og rafeindavirkja, en slíkir eru vandfundnir. Það er líklega auðveldara að fá tölvunarfræðinga til starfa en iðnaðarmenn og við stöndum frammi fyrir áskorunum þar. Ég geri ráð fyrir að við þurfum í auknum mæli að leita til erlendra starfskrafta, en það er ljóst að hér þarf að gera stórátak í iðnmenntun svo þjóðin verði samkeppnishæf til lengri tíma. Auðvitað er skortur á tölvumenntuðu starfsfólki einnig en þar hefur okkur þó gengið betur að ráða.“

*Nú eru önnur fyrirtæki eins og Verne Global og Borealis Data Center í þessari sömu grein hér á landi. Er mikil samkeppni um kúnna?* „Samkeppnin í þessum bransa er hörð. Öll íslensku fyrirtækin í okkar bransa eru að keppa um trausta alþjóðlega viðskiptavini auk þess sem við erum í samkeppni við gagnaver úti um allan heim. Íslensku fyrirtækin eru ekki í daglegum hanaslag, en þau takast á þegar áhugaverðir viðskiptavinir óska eftir tilboðum frá öllum innlendu gagnaverunum.

Noregur og Svíþjóð reyna nú í auknum mæli að lokka til sín gagnaver, með ívilnunum af ýmsu tagi. Eftir að Advania festi sig í sessi sem öflugur þjónustuaðili á þessu sviði fórum við að fá fyrirspurnir þaðan. Eftir vandlega skoðun stefnir í að við fjárfestum í útlöndum, þar sem orkan er tiltölulega ódýr og öll ytri skilyrði góð. Við erum hins vegar ekki að skoða aðrar staðsetningar hér á landi en þær sem við notum núna.

*Hvernig er útlitið fyrir þetta ár?* „Við sjáum fyrir okkur mikinn vöxt og sérstaklega í ofurtölvuþjónustunni. Eftirspurnin á því sviði er meðal annars drifin áfram af hraðri þróun í gervigreind, hermun af ýmsu tagi og svo framvegis. Því er spáð að fjórði hver netþjónn í heiminum verði hluti af einhverri ofurtölvusamstæðu árið 2020, sem er rétt handan við hornið. Það er gríðarlegur vöxtur fram undan á þessu sviði og við ætlum að vera tilbúin til að þjónusta þessa viðskiptavini sem þurfa mikla þjónustu. Við þurfum að vera á fleiri stöðum en á Íslandi til að veita þá þjónustu. Varðandi blockchain munu viðskiptavinir einnig vilja dreifa áhættunni og óska eftir staðsetningu á nokkrum stöðum, ekki síst þeir sem eru að keyra lokaðar keðjur og þurfa að tryggja ákveðna dreifingu á þeim búnaði sem sinnir keðjunni svo ekki sé hægt að ráðast á einn stað og þar með taka keðjuna niður.“


# Hverfisgata 18, 101 Reykjavík



## Til leigu

**Húsið er 592.9 m2 að stærð, frábær staðsetning og sögufrægt hús í miðbæ Reykjavíkur.**

**Veitingaleyfi til staðar.**

**Stórir gluggar og hátt til lofts á 1. hæð og 2. hæð.**

**Áhugasamir hafi samband við ritari.rvk@gmail.com**

# Er þitt fyrirtæki aðlaðandi?



**Ketill Berg Magnússon**
framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð

Að skapa trúverðugt fyrirtæki sem kemur fram af ábyrgð við fólk og umhverfið getur skapað samkeppnisforskot um besta starfsfólkið.

Því er oft slegið fram að í mannauðnum felist mestu verðmæti fyrirtækja. Það er rétt að í flestum fyrirtækjum veltur árangurinn á þekkingu, færni og samsetningu starfsfólksins. Ein helsta martröð margra fyrirtækjaeigenda er að lykilstarfsfólkið muni einn daginn ganga út og leita á önnur mið. Svo eru til stjórnendur sem klóra sér í hausnum því þeim tekst ekki að laða að gott fólk. Fyrirtækið þeirra er einfaldlega ekki spennandi vinnustaður.

Ýmislegt bendir til að starfsfólk meti fleira en launin og verkefnin þegar það velur sér vinnustað. Ungt og vel menntað fólk kemur víðsýnt út úr námi og vill gjarnan leggja sitt af mörkum til að skapa betra samfélag. Það leitar gjarnan að fyrirtækjum þar sem samhljómur er á milli þeirra gilda sem fyrirtækið stendur fyrir og sinna eigin lífsgilda. Það leitar að ábyrgum vinnuveitanda. Ef starfsmaðurinn telur verndun náttúrunnar mikilvæga þá vill hann að fyrirtækið sé með trúverðuga stefnu og aðgerðir til að starfsemi þess raski sem minnst umhverfinu. Ef starfsmanninum finnst jafnrétti kynjanna mikilvægt þá er líklegt að hann velji sér fyrirtæki sem borgar kynjunum jöfn laun og lætur kynferðislega áreitni ekki líðast á vinnustaðnum.

Fyrirtæki sýna samfélagsábyrgð með því að gera það sem þau geta til að hafa jákvæð áhrif á náttúruna og fólkið sem starfsemin snertir. Ábyrgðin felst ekki í að slá upp fögrum frösum eða eingöngu gefa árlega til góðgerðarmála. Samfélagsábyrgð felur í sér skipulagt mat á áhrifum fyrirtækisins á umhverfið og alla þá hópa sem verða fyrir áhrifum af starfsemi þess, þar á meðal starfsfólkið. Hluti af því felst í að uppræta valdamisnotkun og kynferðislega áreitni. Þar axla fyrirtækin ábyrgð sína með raunverulegum aðgerðum. Með því að gefa skýr skilaboð um að valdbeiting verði ekki liðin, með verkferlum og öruggum leiðum til að láta vita af misbeitingu, með umræðu og fræðslu meðal starfsfólks og með því að bregðast rétt við þegar starfsfólk verður fyrir misbeitingu. Að skapa vinnustað jafnréttis skilar sér í betri vinnustað og í betri afkomu fyrirtækisins, því þá fá þeir hæfileikaríku að njóta sín, ekki bara þeir sem beita valdi.

**Að skapa vinnustað jafnréttis skilar sér í betri vinnustað og í betri afkomu fyrirtækisins, því þá fá þeir hæfileikaríku að njóta sín, ekki bara þeir sem beita valdi.**

Með reglulegum viðhorfskönnunum og samtölum reyna fyrirtæki að meta hversu ánægt starfsfólkið er og hversu líklegt er að það vilji áfram vinna hjá þeim. Það hlýtur alltaf að vera keppikefli fyrirtækja að skapa góðan vinnustað, en þegar næga vinnu er að fá, þá getur það veitt mikilvægt samkeppnisforskot að hafa byggt upp ábyrgan vinnustað sem starfsfólk treystir og langar til að starfa hjá.

Á Janúarráðstefnu Festu þann 25. janúar næstkomandi verður fjallað um hvernig ábyrgð í rekstri er arðsöm. Þar mun forsvarsfólk íslenskra fyrirtækja meðal annars ræða hvernig samfélagsábyrgð fyrirtækja getur haft jákvæð áhrif á starfsfólkið.

# Sameinaðir Frakkar



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Það er kannski fullmikið að kalla verkföll þjóðaríþrótt Frakka, en þeir virðast þó hafa meiri smekk fyrir þeim en flestir. Ég hef oftar en einu sinni orðið fyrir meiriháttar óþægindum á ferð um landið vegna verkfalla og gekk um árið beint í fasið á sótillum hópi mótmælenda á götum Parísar. Ég skildi þau ekki almennilega þegar ég spurði um ástæður þess að þau lögðu niður vinnu en þeim þótti þó full ástæða til að stöðva umferð og láta almennilega í sér heyra. Það voru greinilega allir mættir og til í tuskið.

Í síðasta mánuði arkaði ég aftur inn í gríðarstóran hóp fólks í höfuðborginni en að þessu sinni var stemningin önnur. Um milljón manns var þarna saman komin til að minnast ástsælasta söngvara þjóðarinnar, Johnny Hallyday, sem hafði látist skömmu áður. Þó tónlist og ræður væru í forgrunni dagskrárinnar var tilkomumesta sjónin hvað það fer Frökkum vel þegar eitthvað sameinar þá. Þeir virðast á heimavelli á fjöldasamkomum, hvort sem verið er að krefjast betri kjara, hylla stórmót eða minnast fórnarlamba hryðjuverkaárása.

Kannski er þetta ástæða þess að Frakkar eru svona áhugasamir um að halda stórmót í íþróttum þrátt fyrir slæmt efnahagsástand og reynsluna frá fyrri mótum. Þrátt fyrir að hafa ekki efni á því héldu þeir afar vel heppnað Evrópumót í fyrra, HM í handbolta í fyrra og koma til með að hýsa HM í rugby 2023 og Ólympíuleikana 2024, þó þess megi geta að París var eina borgin sem sótti um.

**En þetta virðist ekki hafa mikil áhrif á Frakka. Þeir vilja Ólympíueldinn til Parísar bókstaflega sama hvað það kostar.**

Afar ánægjuleg bylgja fjármálalæsis virðist nefnilega flæða yfir Vesturlönd þessa dagana, að minnsta kosti virðist sem almenningur hafi loks áttað sig á hvílíkt glapræði það er, fjárhagslega, að bjóða til þeirrar veislu sem stórmót eru. Íbúar Rómar, Óslóar, Stokkhólms, Krakár, Lviv, St. Moritz, München og Hamborgar þrýstu allir á að hætt yrði við umsóknir borganna þegar í ljós kom hvað Ólympíuleikar kosta í raun og veru.

En þetta virðist ekki hafa mikil áhrif á Frakka. Þeir vilja Ólympíueldinn til Parísar bókstaflega sama hvað það kostar. Þó staða hins opinbera muni versna enn frekar skiptir það litlu máli. Kannski verðmeta Frakkar tilefni til að sameina þjóðina öðruvísi en flestir aðrir.




Búast má við því að samanlögð afkoma skráðra félaga í Kauphöllinni batni umtalsvert á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Greinendur spá því að hlutabréf taki við sér

**Greinendur gera ráð fyrir að hlutabréfamarkaðurinn taki við sér 2018 eftir lækkanir síðustu ár. Rekstrarundirstöður flestra félaga eru taldar sterkar. Kjaramálin eru helsti áhættuþátturinn. Hlutabréf í fasteignafélögum eiga mikið inni.**

Greinendur IFS og Landsbankans búast við því að hlutabréfamarkaðurinn taki við sér í ár eftir tveggja ára lækkun. Sé tekið mið af verðmötum IFS gæti markaðurinn hækkað um 30 prósent á þessu ári en hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir „hóflegri“ hækkun. Mikil óvissa sé þó fyrir hendi og þá aðallega vegna mögulegrar uppsagnar á kjarasamningum í næsta mánuði.

Sérfræðingar Landsbankans telja líkur á því að samanlagður hagnaður félaga á aðallista Kauphallarinnar muni aukast á árinu eftir að hafa dregist saman í fyrra. Sterkar rekstrarundirstöður flestra skráðra félaga muni þannig verða drifkrafturinn að hlutabréfahækkunum.

**30%**

**gæti hækkun hlutabréfamarkaðarins numið í ár samkvæmt verðmötum IFS.**



Er gert ráð fyrir að samanlagðar tekjur skráðra félaga vaxi um 12 prósent á árinu, EBITDA (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta) hækki einnig um 12 prósent og hagnaður aukist um 24 prósent. Munar þar mestu um mögulegan afkomubata hjá Icelandair Group og Högum, en afkoma félaganna í fyrra olli fjárfestum og greinendum umtalsverðum vonbrigðum.

Aðrir drifkraftar hlutabréfahækkana á þessu ári, að mati Landsbankans, er áframhaldandi áhugi erlendra fjárfesta á íslenskum hlutabréfum, góðar hagvaxtarhorfur og jafnvægi á gengi krónunnar, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Og jafnvel þótt lífeyrissjóðirnir hafi ekki verið virkir á hlutabréfamarkaði í fyrra telja greinendur bankans að minnkandi spurn eftir sjóðsfélagalánum, ásamt hagstæðri verðlagningu á markaðinum, geti breytt þeirri stefnu sjóðanna.

Til viðbótar við óvissu í kjaramálum telja sérfræðingar Landsbankans að flæðisvandi muni áfram hrjá hlutabréfamarkaðinn, sér í lagi á fyrri hluta ársins. Flæði inn á markaðinn hafi verið lítið í fyrra og fyrirhugaðar skráningar Arion banka og Heimavalla á markað, sala á stórum hlut í Eimskipi og auknar erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna muni ekki hjálpa til á þessu ári.

## Marel enn undirverðlagt

Greinendur IFS telja að hlutabréf í Icelandair Group, Marel, Eimskipi og fasteignafélögunum Eik og Regin geti gefið hvað mest af sér á árinu.

Hvað varðar Icelandair Group benda þeir á að miðað við væntingar fluggeirans erlendis og erlendra greinenda, þá megi búast við því að meðalverð á farþega verði 1 til 2 prósentum hærra en í síðasta verðmati IFS frá því í nóvember. Styrking evrunnar gagnvart Bandaríkjadalnum geti einnig haft jákvæð áhrif á félagið, bæði rekstrarlega og fjárfestingalega.

Marel er auk þess verulega undirverðlagt á markaði ef miðað er við verðmat IFS á félaginu. Sérfræðingar IFS telja að gengi hlutabréfa í félaginu ætti að fara yfir 450 krónur á hlut og enda í um 490 krónum á hlut á næstu 12 til 18 mánuðum, ef miðað er við gengið 125 krónur á evru. Til samanburðar er gengi bréfanna nú 340 krónur á hlut. Hagfræðideild Landsbankans bendir aukinheldur á að þó svo að hlutabréfin hafi hækkað um 34 prósent í verði í fyrra hafi þau lækkað um 13,8 prósent frá hæsta gildi án teljandi breytinga á undirstöðurekstri félagsins.

Landsbankinn mælir með yfirvigt í hlutabréfum Marels, Eimskips og fasteignafélaganna Eikar, Regins og Reita en undirvigt í hlutabréfum fjarskipta- og tæknifélaga.

Sérfræðingar bankans taka fram að samtals hafi hlutabréf fasteignafélaganna lækkað – markaðsvegið – um 4,2 prósent í fyrra, þrátt fyrir um 20 prósenta hækkun fram að maímánuði. „Lækkunin á sér stað þrátt fyrir þrjár vaxtalækkanir á árinu, hækkandi lánshæfi ríkisins, einkaneyslu í nýjum hæðum og þá staðreynd að horfur félaganna fyrir árið 2017 voru svo gott sem óbreyttar allt árið,“ segir hagfræðideildin.

Hvað varðar fjarskiptafélögin, Símann og Vodafone, telja greinendur Landsbankans að þau muni ekki leiða hækkunina í Kauphöllinni í ár. Félögin hafi hækkað mikið í verði í fyrra og búið sé að verðleggja 365 inn í verð Vodafone að miklu leyti. Koma þurfi til frekari fregnir og staðfestingar á að sameining 365 og Vodafone hafi gengið framar vonum til þess að réttlæta frekari hækkun á bréfunum. Slíkar staðfestingar sé líklega ekki að vænta fyrr en undir lok ársins eða jafnvel í byrjun árs 2019.

kristinningi@frettabladid.is

# Vilja fá að fjárfesta í óskráðum félögum

**Stjórnendur norska olíusjóðsins hafa óskað eftir því að sjóðurinn fái heimild til þess að fjárfesta í óskráðum félögum. Sjóðnum er aðeins heimilt að kaupa skráð bréf og fasteignir. Ný ríkisstjórn stendur frammi fyrir veigamiklum spurningum um framtíð sjóðsins.**


Norska sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í óskráðum félögum. Sjóðsstjórarnir vilja breyta því. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjórnendur norska olíusjóðsins, sem er stærsti fjárfestingarsjóður í ríkiseigu í heiminum, hafa óskað eftir því við norska fjármálaráðuneytið að sjóðurinn fái að fjárfesta í óskráðum félögum. Um yrði að ræða veigamikla stefnubreytingu, en sjóðurinn hefur hingað til fjárfest fyrst og fremst í skráðum skulda- og hlutabréfum og fasteignum.

Til að byrja með myndi sjóðurinn, sem á eignir að virði um 1.100 milljarða dala, fjárfesta í framtakssjóðum. Til lengri tíma stendur hins vegar vilji Yngve Slyngstad, framkvæmdastjóra sjóðsins, til þess að sjóðurinn fái leyfi til að kaupa yfir tíu prósenta hlut í óskráðum félögum.

Sjóðnum er, samkvæmt núgildandi regluverki, aðeins heimilt að fjárfesta í skráðum félögum og eiga í þeim allt að tíu prósenta hlut.

Sjóðurinn hefur vaxið leifturhratt frá stofnun og á að meðaltali um 1,5 prósenta hlut í hverju einasta skráða fyrirtæki í heiminum. Forsvarsmenn sjóðsins hafa hins vegar að undanförnu leitað leiða til þess að bæta afkomu sjóðsins, að því er segir í fréttaskýringu Financial Times, en liður í því er að sjóðurinn fái að fjárfesta í frekari mæli í eignum sem ekki eru skráðar á verðbréfamarkaði, svo sem í innviðaverkefnum og óskráðum félögum.

„Stærð sjóðsins, langtímasýn hans og lítil lausafjárþörf gerir sjóðinn vel til þess fallinn að fjárfesta í óskráðum félögum,“ sagði í bréfi sem Slyngstad skrifaði til norska fjármálaráðuneytisins í byrjun ársins.

**1,5%**

**er eignarhlutur norska olíusjóðsins að meðaltali í hverju einasta skráða fyrirtæki heims.**

### Fjárfesti í innviðum

Norskir stjórnmálamenn hafa kallað eftir því að sjóðurinn fjárfesti af myndarskap í innviðaverkefnum, sér í lagi þeim er varða endurnýjanlega orku, til viðbótar við núverandi fjárfestingar sínar í skráðum félögum, skuldabréfum og fasteignum.

Einn yfirmaður olíusjóðsins segir í samtali við Financial Times að tregða margra fyrirtækja, sér í lagi tæknifyrirtækja, til þess að fara á hlutabréfamarkað geri það að verkum að sjóðurinn geti ekki fjárfest í nógu vel dreifðu safni hlutabréfa. Úr fækkun skráðra félaga í ríkjum á borð við Bandaríkin og Bretland veki jafnframt áhyggjur. Einnig bendir hann á að ávöxtun af óskráðum félögum sé líkleg til að verða „örlítið betri“ en af skráðum félögum til lengri tíma litið. Allt þetta renni stoðum undir mikilvægi þess að sjóðurinn fái heimild til að eignast hlut í óskráðum félögum.

Embættismenn í norska fjármálaráðuneytinu munu nú leggjast yfir bréf Slyngstad og kynna í kjölfarið norska stórþinginu sínar eigin tillögur.

### Mótar framtíðarstefnu

Ný minnihlutastjórn hægri- og miðjuflokka í Noregi, sem kynnt var um síðustu helgi, stendur frammi fyrir nokkrum veigamiklum spurningum um framtíð sjóðsins. Fyrir utan spurninguna um hvort leyfa eigi sjóðnum að fjárfesta í óskráðum félögum þarf hún auk þess að ákveða hvort koma eigi á fót sérstakri stofnun utan um rekstur sjóðsins, líkt og starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins hefur lagt til, í stað þess að láta reksturinn áfram heyra undir norska seðlabankann.

Jafnframt þarf nýja stjórnin að taka afstöðu til þess hvort sjóðurinn eigi að selja öll hlutabréf sín í fyrirtækjum í olíu- og gasiðnaði, en stjórnendur sjóðsins hafa ítrekað talað um mikilvægi þess að draga úr áhættu norska hagkerfisins gagnvart sveiflum á olíumörkuðum. Um sex prósent af eignum sjóðsins eru bundin í hlutabréfum í olíu- og gasfyrirtækjum.

kristinningi@frettabladid.is



# Skotsilfur

## Kristín í stjórn Kviku



**Kristín Guðmundsdóttir** tók sæti í stjórn Kviku fjárfestingarbanka í byrjun árs í stað Jónasar Hagans Guðmundssonar, en eins og kunnugt er seldi félag Jónasar og viðskiptafélaga hans Gríms Garðarssonar allan 7,7 prósenta eignarhlut sinn í bankanum síðasta haust. Jónas hafði gegnt embætti varaformanns stjórnar bankans frá því í apríl í fyrra. Kristín, sem hefur komið víða við í íslensku viðskiptalífi og meðal annars gegnt starfi forstjóra Skipta og fjármálastjóra Símans og Granda, sat í stjórn Kviku árin 2015 og 2016 en hefur síðan þá setið í varastjórn bankans. Hún situr einnig í stjórn N1, Farice og RVK-Studios sem og í fjárfestingarráði Eyris sprota.

## Ríkharður til OZ



**Ríkharður Daðason,** sem á árum áður gerði garðinn frægan á knattspyrnuvellinum, hóf nýlega störf hjá tæknifyrirtækinu OZ. Ríkharður hefur á undanförnum árum sinnt eigin fjárfestingum í gegnum félagið RD Invest en þar áður starfaði hann í markaðsviðskiptum hjá Kaupþingi og síðar Arion banka. Samfellt tap hefur verið á rekstri OZ, sem Guðjón Már Guðjónsson stýrir, síðustu ár og nam það samanlagt ríflega 1,1 milljarði króna á árunum 2013 til 2016.

## Eaton Vance lánar



Athygli vakti í síðustu viku þegar greint var frá því að Almenna leigufélagið hefði gert fjögurra milljarða króna lánasamning við bandarískan fjárfestingarsjóð. Samkvæmt heimildum Markaðarins var það sjóður í stýringu eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, sem hefur látið til sín taka á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarna mánuði, sem veitti leigufélaginu lánið fyrir milligöngu Fossa markaða. Er fastlega búist við því að fleiri slíkir samningar hjá öðrum innlendum félögum líti dagsins ljós áður en langt um líður. **María Björk Einarsdóttir,** framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins, sagði við tilefnið ánægjulegt að sjá stóra erlenda fjárfesta hafa áfram trú á íslenskum fyrirtækjum og efnahag.

# Breskur verktaki í gjaldþrot




Breski verktakarisinn Carillion hefur óskað eftir því að verða tekinn til gjaldþrotaskipta eftir að viðræður stjórnenda fyrirtækisins við lánveitendur og bresk stjórnvöld fóru út um þúfur um helgina. Carillion, sem er næststærsta verktakafyrirtæki Bretlands, er skuldum vafið en fyrirtækið hefur tapað gríðarháum fjárhæðum á undanförnum árum vegna misheppnaðra samninga í hinum ýmsu verkefnum. Óttast er að fjölmargir starfsmanna missi vinnuna við gjaldþrotið, en um 43 þúsund manns starfa hjá Carillion, þar af hátt í 20 þúsund í Bretlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Umhverfismál snerta okkur öll



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Almenningur hér á landi lítur ekki á Ísland sem brautryðjanda á alþjóðavettvangi á sviði loftslagsmála ef marka má nýlega könnun Gallup. Staðreynd málsins er þó sú að íslensk fyrirtæki hafa margt fram að færa í þessum efnum. Atvinnulífið jafnt sem almenningur ber ábyrgð sem gæslumenn náttúrunnar. Á undanförnum áratugum hefur vægi umhverfismála vaxið umtalsvert. Almenningur og stjórnendur fyrirtækja eru upplýstari um áhrif á umhverfið og þjóðir heims hafa tekið höndum saman til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

### Meira en náttúruvernd

Umhverfismál snúast um miklu meira en náttúruvernd og má þar nefna endurvinnslu, áhrif okkar á lífríki, loftgæði, vatnsgæði og náttúruauðlindir. Gott samstarf stjórnvalda og atvinnulífs er forsenda þess að stjórnvöld nái metnaðarfullum markmiðum sínum í málaflokknum en stefnt er að 40% minni losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 í samanburði við losun árið 1990 samkvæmt Parísarsamkomulaginu.

### Leggur sitt af mörkum

Atvinnulífið, þar á meðal iðnaður, leggur sitt af mörkum og má nefna þrennt í því sambandi. Í fyrsta lagi hafa mörg fyrirtæki markað sér stefnu í umhverfismálum og ráðist í breytingar til að draga úr áhrifum á umhverfið. Í öðru lagi skapa fyrirtæki verðmæti með endurvinnslu og úrvinnslu úrgangs. Í þriðja lagi mun atvinnulífið þróa nýja tækni og innleiða lausnir sem gerir þjóðum heims kleift að ná metnaðarfullum markmiðum í loftslagsmálum.

Umhverfisstefna fyrirtækja skiptir almenning máli bæði varðandi val á vinnuveitanda sem og viðleitni vinnuveitanda til að skapa umhverfisvænan vinnustað sem leggur áherslu á orkusparnað eins og fram kemur í könnun Gallup. Fyrirtæki hafa dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda til dæmis með því að velja aðföng sem eru nær og þarf ekki að flytja um langan veg, auka veg endurvinnslu, hvatt starfsmenn til að nýta almenningssamgöngur eða umhverfisvæna ferðamáta og sett upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla við starfsstöðvar.

Markaðslausnir hafa sannað gildi sitt og virka vel þegar kemur að umhverfismálum. Er það góð áminning um að boð og bönn eru ekki alltaf heppilegasta lausnin. Endurvinnsla skipar sífellt meiri sess í okkar daglega lífi og fyrirtæki veita þjónustu á því sviði og er það góð áminning um að verðmæti liggja í ruslinu.

### Hugvit og grænar lausnir

Einn helsti styrkleiki Íslands liggur í þekkingu á endurnýjanlegri orku. Þá þekkingu má nýta í meira mæli annars staðar til að hjálpa öðrum að draga úr losun. Ný tækni leysir eldri tækni af hólmi með minni áhrifum á umhverfi og loftslag. Íslensk fyrirtæki hafa hannað lausnir sem minnka orkunotkun í sjávarútvegi með betri tækjabúnaði, orkustýringu og bættri nýtingu hráefnis.

Íslenskt hugvit hefur leitt af sér lausnir til að vinna verðmæti úr koltvísýringi eða koma honum fyrir í jörðu til að hindra útblástur svo dæmi séu tekin. Þetta hefur vakið verðskuldaða athygli erlendis og getur orðið mikilvægt framlag Íslands til baráttu heimsins í loftslagsmálum.

### Felur í sér tækifæri

Umhverfismál og loftslagsbreytingar eru meðal helstu áskorana sem Ísland stendur frammi fyrir. Atvinnulífið er reiðubúið að vera þátttakandi í því að ná markmiðum um minnkun gróðurhúsalofttegunda og hefur framlag þess þegar haft áhrif. Metnaðarfull markmið um að draga úr útblæstri eru áskorun fyrir samfélagið á komandi áratugum en að sama skapi verða til tækifæri til þess að nýta hugvit og sköpunargáfu til að þróa nýja tækni og aðferðir til að gera hluti öðruvísi og betur. Gott samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og almennings er forsenda þess að árangur náist.

# Skapandi greinar í útrás



**Ingibjörg Gréta Gísladóttir**
eigandi Reykjavík Runway og FKA-félagskona

Nýsköpunarmiðstöðvar Norðurlandanna hafa opnað frumkvöðlasetur í New York og Kísildalnum. Setrin eru mikill fengur fyrir þau fyrirtæki sem vilja hasla sér völl í Bandaríkjunum því fyrir utan að bjóða upp á vinnuaðstöðu eru metnaðarfull námskeið í boði.

Það er gaman að segja frá því að eitt verkefni setranna er að styðja við markaðsstarf skapandi greina þar sem boðið er upp á tveggja vikna hraðal í New York til að koma verkefnum og/eða fyrirtækjum innan geirans á framfæri á Bandaríkjamarkaði og rennur umsóknarfrestur út nú í janúar. Áhersla er lögð á að efla þátttakendur í hraðlinum í sölu, markaðsmálum, uppbyggingu mörkunar og ekki síst að koma sér á framfæri í harðri samkeppni í New York með aðstoð ráðgjafa, sérfræðinga og mentora.

Á Norðurlöndunum er hefð fyrir því að skilgreina skapandi greinar eftirfarandi: arkitektúr, tölvuleikir, hönnun, kvikmyndagerð, bókmenntir, tónlist, auglýsingagerð, prentmiðlar, sjónvarp, útvarp, myndlist og sviðslistir.

Þetta á vel við nú þegar HönnunarMars fagnar tíu ára afmæli í ár, að skapandi greinum á Íslandi sé gefinn kostur á að taka skrefið með öflugum stuðningi inn á þann stóra markað sem Bandaríkin eru.

Í haust gafst greinarhöfundi tækifæri á að setja upp pop-up verslanir (verslanir sem eru settar upp í skamma stund) í Bandaríkjunum með tólf íslenskum hönnuðum. Gefið var út veglegt tímarit um hönnuðina þar sem sögu þeirra og hönnun var gerð skil. Íslensk hönnun er ekki þekkt stærð á alþjóðavísu en allir eru forvitnir um hana og finnst flestum hún spennandi, frumleg og áhugaverð. Verkefnið var hluti af Taste of Iceland hátíðinni sem er mikil og sterk landkynning í Bandaríkjunum en þetta var í fyrsta skipti sem hönnun var með í dagskránni.

Allt sem snertir Ísland virðist eiga upp á pallborðið þessa dagana og því er lag fyrir skapandi greinar að nýta tækifærið og kynna sig á nýjum markaði með sterkum bakhjörlum eins og þeim sem standa að hinu Norræna frumkvöðlasetri Í Bandaríkjunum. Áfram Ísland!

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið eykur þjónustu sína.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á
eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

N1 · olís · Samkaup · BÓNUS · nettó · FJÖRÐUR






FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 17. janúar 2018

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Viðbrögð við breyttum heimi

**Samkeppniseftirlitið** skoðar nú mál sem ráða miklu um framtíð íslenskrar verslunar. Þar er um að ræða samruna Haga og Olís annars vegar, og N1 og Festar hins vegar. Með samruna Haga og Olís verður til félag með samanlagða veltu upp á 110 milljarða og eignir sem nema meira en 50 milljörðum. Samanlögð velta Festar og N1 verður um 75 milljarðar.

**Miklar** umbreytingar eru að verða á íslenskri verslun. Áhrif Costco hafa verið gríðarleg, og haft bein áhrif á bæði Haga og Festi. Hlutabréfaverð Haga hefur lækkað um þriðjung eftir komu Costco. Bensínstöðvar hafa líka fundið fyrir komu Costco á eldsneytismarkaðinn. Þótt nýverið hafi borið á talsverðum verðhækkunum hjá Costco er ekki nema sjálfsagt að þeir bjóði betra verð en innlendar verslanir. Þeir eru 150 sinnum stærri að veltu en Hagar og starfrækja hátt í þúsund risaverslanir. Það er erfitt að keppa við slíka innkaupagetu.

**Innlendir** kaupmenn þurfa ekki aðeins að mæta samkeppni frá steinsteyptum verslunum. Neytendur nýta sér netið til kaupa á vörum að utan. Úrvalið fyrir þá er í dag það sama og fyrir neytendur í New York. Þá eru ónefndar aðrar tækninýjungar. Bensín sem orkugjafi er sennilega á hægfara útleið.

**Auðvitað** er alþjóðleg samkeppni af hinu góða. Höfum samt hugfast að slík samkeppni fer eingöngu fram á viðskiptalegum forsendum. Bónus hefur tekið sér það hlutverk að vera með sama vöruúrval og sama verð alls staðar á landinu. Alþjóðlegur risi er ekki líklegur til að sýna landsbyggðinni slíka ræktarsemi.

**Samrunarnir** sem nefndir eru að ofan eru viðbrögð við nýrri stöðu. Félög sem eiga að ákveðnu leyti undir högg að sækja eru að skapa sér stöðu í breyttum heimi. Þetta á ekki bara við á Íslandi og ekki bara um verslunargeirann. Samruni Disney og Fox í afþreyingarbransanum er af sama meiði. Samkeppnisyfirvöld þurfa að hafa þetta bak við eyrað.

**Neytendur** munu ráða örlögum íslenskrar verslunar. Það er sjálfsagt og eðlilegt. Opinberir aðilar verða hins vegar að gæta sín á því að leggja ekki stein í götu innlendra fyrirtækja og senda þau út á vígvöllinn með báðar hendur bundnar fyrir aftan bak. Á því munu allir tapa, og neytendur alveg sérstaklega.

## Vilhjálmur Bjarnason í stjórn Bankasýslunnar



Vilhjálmur Bjarnason

Vilhjálmur Bjarnason, lektor við Háskóla Íslands og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur tekið sæti í stjórn Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Kemur Vilhjálmur inn í stjórnina í stað Almars Guðmundssonar sem var nýlega ráðinn framkvæmdastjóri Krítar fjármögnunarlausna.

Vilhjálmur tilkynnti í síðustu viku um framboð sitt í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem verður haldið í næstu viku.

Aðeins eru um fimm mánuðir síðan Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra, skipaði nýja stjórn Bankasýslunnar. Tóku þá þau Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, og Almar sæti í stjórninni en Lárus L. Blöndal hæstaréttarlögmaður var endurskipaður stjórnarformaður.

Nýr fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hefur nú skipað Vilhjálm í stjórnina í stað Almars, en auk þess hefur Hildur H. Dungal tekið sæti í varastjórn í stað Egils Tryggvasonar. – kij

**11.01.2018**



**Eitt af því sem hefur truflað mig varðandi skattkerfisbreytingar sem gerðar hafa verið frá 2007 er hvað farið hefur verið fram og til baka.**

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra





Margvíslegur ávinningur hlýst af því að jafna stöðu og kjör kynja fyrir vinnustaði og vinnumarkaðinn í heild. PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

**Jafnlaunavottun**
Aðstoð og ráðgjöf vegna umsókna fyrirtækja og stofnana um Jafnlaunavottun skv. ÍST 85.

**Launastefna og starfaflokkun**
Ráðgjöf um launafyrirkomulag og uppbyggingu kaupaukakerfis. Útfærsla á launastefnu og starfaflokkun eftir inntaki starfa.

**Jafnlaunaúttekt og Réttlaunalíkan**
Mæling á launamuni karla og kvenna. Frávikagreining á launum innan starfaflokka. Ráðgjöf um launabreytingar.

**Markaðslaunavöktun**
Árlegt launaviðmið fyrir markaðslaun á Íslandi. Gögn um 150 tegundir starfa hjá 20.000 launþegum. Launaviðmið eftir atvinnugreinum og sérsniðnum forsendum.

pwc

**PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.





Atvinna

## Vilt þú taka þátt í að gera Nestisstöð N1 á Egilsstöðum að enn betri veitingastað?

**N1 leitar að kraftmiklum og drífandi stöðvarstjóra til að stýra þjónustustöð og veitingastað félagsins á Egilsstöðum.**

**Um er að ræða líflegt og fjölbreytt starf sem krefst frumkvæðis og metnaðar.**

**Helstu verkefni**

- Daglegur rekstur þjónustustöðvarinnar
- Yfirumsjón með veitingasölu
- Verkstjórn
- Starfsmannastjórnun
- Innkaup og samskipti við birgja
- Birgðarstýring og kostnaðareftirlit
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði verslunarstjórnunar eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði verslunar-, þjónustu- og veitingareksturs
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Samskiptafærni og jákvætt viðhorf
- Leiðtogahæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Örn Líndal rekstrarstjóri þjónustustöðva í **síma 440 1022** eða **pallorn@n1.is**

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt Stöðvarstjóri Egilsstaðir, ferilskrá og kynningarbréf fylgi með umsókn. Umsóknarfrestur til og með **28. janúar** nk.

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNAVOTTUN VR

N1




Fasteignir

# BESTI TÍMI TIL AÐ FJÁRFESTA Í BRETLANDI

FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI







## KYNNINGARFUNDUR DAGANA

### 17 - 19 JANÚAR I 70% FJÁRMÖGNUN!

**Bókið einkaráðgjöf hjá Ásdísi Ósk**
**í email: asdis@husaskjol.is**
**eða í síma: 863-0402**



Marta & Ásdís Ósk

## FESTU KAUP Á FLOTTRI EIGN Í LONDON!

Húsaskjól fasteignasala

Galliard Homes



Móðir okkar,

**Björg Hermannsdóttir**

*Álfheimum 40, Reykjavík,*

sem lést 3. janúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Hjalti, Hermann, Lilja og Bergur Þórisbörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðlaugur Hjörleifsson**

*Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,*

lést á Landspítalanum við Hringbraut 4. janúar sl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. janúar kl. 13.00.

**Halla Gunnlaugsdóttir**
**Soffía Bryndís Guðlaugsdóttir** **Haukur Már Stefánsson**
**Hildur Guðlaugsdóttir** **Njörður Snæland**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi langafi og langalangafi,

**Ottó Björnsson**

*frá Borðeyri,*
*Maríubakka 4, Reykjavík,*

lést sunnudaginn 10.12. 2017.

Útför hans hefur farið fram. Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks L2 á Landakotsspítala.

**Erling Birkir Ottósson** **Gunnhildur Höskuldsdóttir**
**Alda Sigrún Ottósdóttir** **Halldór Bergmann Þorvaldsson**
**Sigurður Þór Ottósson** **Anni Midfjord**
**Heimir Ottósson** **Majbritt Hansen**
**Sigríður Gísladóttir**
**Helena Dagbjört Jónsdóttir**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---



Okkar yndislega hjartahlýja

**Erla Vilhjálmsdóttir**

*Grænumýri 9, Seltjarnarnesi,*

lést fimmtudaginn 11. janúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 23. janúar klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar láti Karitas eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi njóta þess.

**Magni Blöndal**
**Pétur B. Magnason** **Helene F. Hanøy**
**Dagmar Magnadóttir** **Guðmundur J. Arngrímsson**
**Magni Aron Guðmundsson**
**Margrét Sigurðardóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir** **Jóhann H. Bjarnason**
**Pálmi Vilhjálmsson** **Áslaug Ívarsdóttir**
**Margrét Dögg Sigurðardóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Arndís Salvarsdóttir**

*ljósmóðir og bóndi,*
*Norðurhjáleigu, Álftaveri,*

andaðist á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum sunnudaginn 7. janúar. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarklausturskirkju laugardaginn 20. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á velunnarasjóð Klausturhóla, reikningsnúmer 0317-13-771176, kt. 700399-2739.

**Salvar Júlíusson**
**Jón Júlíusson** **Helga Gunnarsdóttir**
**Gísli Þórörn Júlíusson** **Rakel Þórisdóttir**
**Ragnheiður Guðrún Júlíusdóttir**
**Ólafur Elfar Júlíusson**
**Jóhanna Sólveig Júlíusdóttir** **Einar Traustason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Steinunn Ólafsdóttir**

*frá Naustum,*

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 11. janúar 2018. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. janúar kl. 10.30.

**Ólafur Jensson** **Hanna Maídís Sigurðardóttir**
**Guðný Jensdóttir** **Gunnar Þór Þórarnarson**
**Sigrún Jensdóttir** **Stefán Sigurðsson**
**Halldór Jensson** **Margrét Ármann**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Dan Kien Huynh**

lést 10. janúar sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. janúar kl. 10. Þökkum læknum og starfsfólki hjartadeildar 14E, krabbameinsdeildar 11E, blóðlækningadeildar 11G og líknardeildar í Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

**Nína Nhan Thi Tran**
**Adda Thanh Le Huynh** **Yin Wai Sing**
**Lilja Thuy Le Huynh** **Thinh Xuan Tran**
**Aldís Anh Le Huynh** **Long Nguyen Phan**
**Tómas Tam Kien Huynh** **Thoa Kim Phu Thai**
**Jens Thien Kien Huynh** **Thuy Kim Tran**
**Níels Tri kien Huynh** **Glóey Thao Thanh Do**
**Sif Chi Le Huynh** **Thinh Huu Pham**
**Andri Thanh Kien Huynh** **Svana Yen Doan**
**og barnabörn.**

---



**Aage V. Michelsen**

*Hraunbæ B,*
*Hveragerði,*

lést 7. janúar síðastliðinn á sjúkrahúsinu á Selfossi. Útför hans fer fram í Hveragerðiskirkju föstudaginn 19. janúar klukkan 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristín Björg Jóhannesdóttir**

---



Okkar elskulega

**Ingigerður Guðmundsdóttir**

*Goðheimum 22, Reykjavík,*

lést föstudaginn 12. janúar sl. á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Útför hennar fer fram föstudaginn 19. janúar kl. 13.00 frá Langholtskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Jennýjar Lilju.

**Geir Ágústsson**
**Ágúst Geirsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Ingi Örn Geirsson** **Soffía St. Sigurðardóttir**
**Guðmundur Geirsson** **Ásta Snorradóttir**
**Magni Þór Geirsson** **Fjóla Halldórsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Björgvinsdóttir**

*Barðaströnd 12, Seltjarnarnesi,*

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum föstudaginn 12. janúar. Útför hennar fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 19. janúar kl. 15.00.

**Þráinn Viggósson**
**Viggó Þráinsson** **Phillipa Mary Griffith**
**Íris M. Þráinsdóttir** **Jón Þráinsson**
**Hinrik Þráinsson** **Dóra Kjartansdóttir Welding**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Andrésson**

*rennismiður,*

lést 15. janúar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 25. janúar kl. 14.00.

**Guðríður Ólöf Kjartansdóttir**
**Gísli Jónsson**
**Kjartan Jónsson** **Valdís Magnúsdóttir**
**Guðný Jónsdóttir** **Birgir Svan Símonarson**
**Lárus Þór Jónsson** **Lilja Björk Jónsdóttir**
**Guðrún Elísabet Jónsdóttir** **Bjarni Gíslason**
**Andrés Jónsson** **Iða Brá Vilhjálmsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Björg Skarphéðinsdóttir**

*Höfðavegi 10, Húsavík,*

lést föstudaginn 12. janúar. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 20. janúar kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

**Ívar Júlíusson**
**Júlíus Ívarsson** **Guðrún Elsa Finnbogadóttir**
**Aðalbjörg Ívarsdóttir** **Gylfi Sigurðsson**
**Skarphéðinn Ívarsson** **Arnhildur Pálmadóttir**
**Elín Ívarsdóttir** **Benedikt Kristjánsson**
**Hrönn Ívarsdóttir** **Hafsteinn S. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Marel Jóhann Jónsson**

*prentari,*
*Súlunesi 6, Garðabæ,*

lést föstudaginn 12. janúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 19. janúar kl. 13.

**Ragna Guðmundsdóttir**
**Jóhann Kristinn Marelsson** **Eydís Helgadóttir**
**Rannveig Inga Marelsdóttir** **Baldvin Ómar Magnússon**
**Íris Marelsdóttir** **Árni Ingólfsson**
**Bergsveinn Marelsson** **Rósa Björg Óladóttir**
**Sigrún Marelsdóttir** **Tryggvi Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ester Gísladóttir**

*Aflagranda 40 (áður Granaskjóli 42),*

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. janúar kl. 13.

**Gísli Valtýsson**
**Guðmundur H. Valtýsson** **Jónína Jóhannsdóttir**
**Hörður Már Valtýsson** **Helga Hrönn Hilmarsdóttir**
**Edda Valtýsdóttir** **Kjartan Tumi Biering**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Magnús Ágústsson**

*útgerðarmaður,*
*Hafnargötu 9, Vogum,*

lést 4. janúar. Útför fer fram frá Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd fimmtudaginn 18. janúar kl. 14.00.

**Árni Kl. Magnússon** **Brynhildur S. Hafsteinsdóttir**
**Magnús Árnason**
**Þórarinn Halldór Árnason**
**Valdimar Kristinn Árnason**
**Hallveig Sigríður Árnadóttir**
**Þóra Árnadóttir**
**Hafsteinn Árnason**


LÍFIÐ ER NÚNA
ÉG HLÆ HÆRRA OG GRÆT SÁRAR
# LÍFIÐERNÚNA
KRABBAMEIN KEMUR ÖLLUM VIÐ!
LEGGÐU OKKUR LIÐ
www.lifidernuna.is
FÉLAG UNGS FÓLKS SEM GREINST HEFUR MED KRABBAMEIN OG ADSTANDENDUR
KRAFTUR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Allhvöss norðaustanátt og snjókoma norðan til á Vestfjörðum í dag. Mun hægari vindur annars staðar og stöku él. Frost 0 til 12 stig, kaldast í innsveitum.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -3° ← 5 | -4° ← 7 | -6° ↓ 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° ↓ 4 | -6° ↓ 6 | -11° ↙ 3 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° ↙ 12 | -5° ↙ 12 | -3° ↓ 7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° ↓ 8 | -1° ↓ 7 | -6° ↓ 9 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skár
5. keyra
6. í röð
8. slaga
10. átt
11. grasey
12. fjögur
13. veiði
15. skrölt
17. þrælkun

**LÓÐRÉTT**
1. afturkippur
2. mælieining
3. efni
4. rákir
7. tabú
9. ráfa
12. fljótræði
14. hamfletta
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** þetur, **5.** aka, **6.** áb, **8.** krussa, **10.** sa, **11.** vin, **12.** fern, **13.** afli, **15.** glamur, **17.** ánauð.
**LÓÐRÉTT: 1.** bakslag, **2.** ekra, **3.** tau, **4.** rásir, **7.** bannorð, **9.** sveima, **12.** flan, **14.** flá, **16.** uu.

## Skák

Gunnar Björnsson

Wei Yi (2.743) átt leik gegn Gawain Jones (2.640) á ofurskákmótinu í Sjávarvík í Hollandi í gær.

**Hvítur á leik**

**44. Hg8!** Skiptamunarfórn sem tryggir vinningsstöðu. **44. ... He8 45. Hxf8 Hxf8 46. Ke6! Hh8 47. h5 b5 48. d6 1-0.** Svartur er varnarlaus gegn þremur frípeðum hvíts. Giri og Anand eru efstir með 4 umferðir með 3 vinninga.

**www.skak.is:** Mótið í Sjávarvík.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára lesa
Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.




Allt sem þú þarft ...


Þuríður Blær sýnir sannkallaðan stjörnuleik í hlutverki stráksins, að mati dómarans. MYND/GRÍMUR BJARNASON

## Sál manneskjunnar á hjara veraldar

**LEIKHÚS**

**Himnaríki og helvíti**

★★★☆☆

**eftir Bjarna Jónsson, byggt á bókum Jóns Kalmans Stefánssonar**

**Leikstjórn:** Egill Heiðar Anton Pálsson
**Leikarar:** Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Birna Rún Eiríksdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Valur Freyr Einarsson, Hannes Óli Ágústsson, Haraldur Ari Stefánsson, Björn Stefánsson, Pétur Eggertsson og Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
**Leikmynd og kvikmynd:** Egill Ingibergsson
**Búningar:** Helga I. Stefánsdóttir
**Lýsing:** Þórður Orri Pétursson
**Frumsamin tónlist og hljóðmynd:** Hjálmar H. Ragnarsson
**Teikningar og kvikun:** Þórarinn Blöndal
**Hljóð:** Baldvin Þór Magnússon
**Leikgervi:** Helga I. Stefánsdóttir og Árdís Bjarnþórsdóttir

Íslendingar hafa sjóinn og snjóinn í blóðinu eftir árhundraða baráttu við grimm náttúruöflin. Listin að lifa í slíku umhverfi er ærið og langt verkefni sem endar ekki endilega með dauðanum heldur tekur næsta kynslóð við. Borgarleikhúsið frumsýndi nú á fimmtudaginn Himnaríki og helvíti í leikstjórn Egils Heiðars Antons Pálssonar byggt á þríleik Jóns Kalmans Stefánssonar í leikgerð Bjarna Jónssonar. Þar er á ferðinni saga af ónefndum strák í leit að lífinu og sjálfum sér á hjara veraldar.

Bækurnar þrjár spanna um þúsund blaðsíður og verk Bjarna því gríðarlegt enda um margar persónur að ræða og sjónarhorn bókanna flókið. Þarna liggur einn höfuðgalli leikgerða: Persónur fá ekki pláss til að þróast nægilega því söguþráðurinn verður að komast til skila. Sem dæmi verður Bárður aldrei almennilega til og ferðalag stráksins strax þar á eftir nær ekki að skila þeirri örvilnun sem drífur hann áfram. En inn á milli koma sterkir kaflar og hluti tvö þar sem þrenning þarf að koma látinni konu yfir snævi þakta heiði ber af í þeim efnum.

Í Himnaríki og helvíti sýnir Þuríður Blær þá miklu og sjaldgæfu hæfileika sem hún geymir og ber sýninguna alla á baki sínu í hlutverki hins ónefnda stráks. Frammistaða hennar er ein sú besta á leikárinu og einkar hugvitsamlegt að setja hana í þetta hlutverk. Hún púslar saman persónuleika drengs sem berst við að finna sinn stað í lífinu af skynsemi og þroska.

Henni til stuðnings er stór og sterkur leikhópur. Fremst í flokki fer Margrét Vilhjálmsdóttir í hlutverki kvenskörungsins Geirþrúðar sem tekur strákinn undir sinn verndarvæng og Margrét leikur af miklu öryggi. Sigrún Edda fær ekki úr eins góðum hlutverkum að spila en gerir mjög vel úr litlu, list sem leikkonur hafa þurft að temja sér alltof lengi. Birna Rún fer með hlutverk kvennanna tveggja sem togast á um hjarta stráksins og dregur upp fíngerða mynd af þeim báðum. Katla Margrét leikur fanggæsluna Andreu af næmni og er upp á sitt besta hér.

Bergur Þór er gríðargóður sem hinn þöguli Jens og gefur þessum manni bæði sál og húmor. Valur Freyr nýtur sín best í hlutverki Friðriks þó að persónan sjálf sé frekar tvívíð. Nýliðinn Haraldur Ari stendur sig vel í litlum hlutverkum en er enginn greiði gerður að þurfa að glíma við hlutverk hins aldraða og blinda Kolbeins þó að hann geri sitt besta. Dvöl Hannesar Óla í Borgarleikhúsinu hefur gert honum gott, hann vex með hverri sýningu og sýnir tilfinningalega breidd sína sem hinn einfaldi Hjalti. Ef fram heldur sem horfir má búast við miklu af honum. Björn byrjar sýninguna vel í hlutverki Bárðar en sést síðan lítið það sem eftir lifir kvöldsins.

Egill Heiðar Anton Pálsson er einn af mest spennandi leikstjórum landsins og ávallt fagnaðarefni þegar hann leikstýrir hér á landi. En leikstjórnin á við sama galla að stríða og handritið. Stundum hittir nálgun Egils Heiðars þráðbeint í mark en öðrum stundum er skotið langt fram hjá líkt og í senunni þar sem landpósturinn og strákurinn leita skjóls hjá bóndanum Birni, hún virðist hreinlega ókláruð. Oft er líka mikill erill á sviðinu þannig að orð fjúka út í veður og vind. Það virkaði vel uppi á heiðinni en ekki alltaf á prammanum í Plássinu. Textanum verður að treysta, sömuleiðis áhorfendum og sama lausnin virkar ekki alltaf.

Egill Ingibergsson sér um leikmyndina að þessu sinni en sú góða ákvörðun var tekin að íþyngja ekki framvindunni með þungri sviðsmynd heldur frekar að láta hana flæða um sviðið í formi segldúka, pramma og færanlegs baktjalds. Sumar lausnirnar, eins og bátsferðin örlagaríka í byrjun, eru virkilega vel útfærðar en að skipta út líkkistu fyrir orgel í öðrum hluta er hreinlega óþarfi. Teikningar Þórarins Blöndal dýpka sviðsmyndina fagurlega. Í heildina eru búningar Helgu I. Stefánsdóttur afbragðsgóðir því erfitt er að gera þessa brúnu og gráu litapallettu spennandi áhorfs. Henni og Árdísi Bjarnþórsdóttur fatast þó flugið í sumum leikgervunum því skegg karlmannanna voru heldur tjásuleg. Mikill fengur er í Hjálmari H. Ragnarssyni tónskáldi sem semur hljóðheim verksins af kostgæfni.

Kalla má það kraftaverk að skáldskapurinn hafi hreinlega orðið til og lifað af á okkar litla skeri, að hið ljóðræna í manneskjunni hafi ekki drukknað í salti og súrmat. Himnaríki og helvíti er óður til fólksins sem byggði þetta samfélag, það góða og slæma. Aðdáendur Jóns Kalmans verða ekki sviknir af sýningunni og flæði hennar endurspeglar höfundarverk hans lipurlega en skáldskapur af þessu tagi er samt alls ekki allra. Sýningin er kannski löng en hún er alls ekki langdregin þó að senurnar séu misgóðar og Þuríður Blær er aðalástæðan.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Köflótt sýning þar sem Þuríður Blær sýnir sannkallaðan stjörnuleik.















# ÖRUGGUR BÍLL OG FERÐIN VERÐUR ÁNÆGJULEGRI

**Vertu með allt á hreinu á nýskoðuðum bíl frá Frumherja**

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

IS OR 19 2019 771

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskipta-tilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

Coca-Cola LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus – midi.is
LIAM NEESON THE COMMUTER Sýnd kl. 8, 10.15
PADDINGTON 2 Sýnd kl. 5.30
ALL THE MONEY IN THE WORLD Sýnd kl. 7.50, 10.30
PITCH PERFECT 3 Sýnd kl. 8
JUMANJI Sýnd kl. 5.30, 10
wonder Sýnd kl. 5.15
LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR NÝ VIÐMIÐ Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI AXL DOLBY ATMOS LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN SAMbio.is
MATT DAMON CHRISTOPH WALTZ KRISTEN WIIG DOWNSIZING
STAR WARS THE LAST JEDI BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS
FATHER FIGURES Frábær grínmynd með úrvalsleikurum
JAMES FRANCO DAVE FRANCO SETH ROGEN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN BESTI LEIKARINN THE DISASTER ARTIST
FERDINAND Sýnd með íslensku tali
COCO
DADDY'S HOME 2
THE GREATEST SHOWMAN
wonder

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DOWNSIZING | KL. 5:40 - 8:30 - 10:20 |
| FATHER FIGURES | KL. 8 - 10:30 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:20 - 8:30 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 5:20 - 8:30 |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 8 |
| FERDINAND ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| WONDER | KL. 5:40 - 8 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DOWNSIZING | KL. 5:10 - 8 - 10:20 |
| FATHER FIGURES | KL. 8 |
| STAR WARS 2D | KL. 6 - 9 |
| THE GREATEST SHOWMAN | KL. 5:40 - 8 |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 10:30 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| DOWNSIZING | KL. 8:30 |
| FATHER FIGURES | KL. 6 |
| STAR WARS 3D | KL. 8:10 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| DOWNSIZING | KL. 7:45 - 10:30 |
| FATHER FIGURES | KL. 5:20 |
| STAR WARS 3D | KL. 7:30 - 10:30 |
| THE DISASTER ARTIST | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DOWNSIZING | KL. 8 |
| THE COMMUTER | KL. 8 - 10:20 |
| FATHER FIGURES | KL. 10:40 |

SAMbio.is

Góða skemmtun í bíó

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 17. JANÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Útgáfutónleikar: Margt býr í þokunni – Snorri Helgason
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Útgáfu plötunnar Margt býr í þokunni með tónlistarmanninum Snorra Helgasyni verður fagnað í kvöld. Á plötunni má finna safn 10 laga sem Snorri hefur samið við íslensku þjóðsögurnar. Á tónleikunum koma fram ásamt Snorra þeir Örn Eldjárn gítarleikari, Guðmundur Óskar Guðmundsson bassaleikari og Hjörtur Ingvi Jóhannsson ásamt litlum kór sem syngur í nokkrum laganna. Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir (Lay Low) kemur einnig fram og syngur lagið Selinn sem er að finna á plötunni og þau Snorri sömdu textann við saman. Teitur Magnússon kíkir einnig við og hitar upp mannskapinn.

**Hvað?** Blýkufl feat. Jara at Hlemmur Square
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hlemmur Square

### Viðburðir

**Hvað?** Sýning Háskóladansins í Stúdentakjallaranum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Háskóladansinn verður með dúndrandi danssýningu á Stúdentakjallaranum. Eftir þessa stuttu sýningu verða meðlimir Háskóladansins á staðnum og eru þeir meira en til í að svara spurningum ef einhverjar eru.

**Hvað?** Futurama Pub Quiz
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Loft, Bankastræti


Söngvarinn Snorri Helgason heldur útgáfutónleika fyrir plötuna Margt býr í þokunni á skemmtistaðnum Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Sýningar

**Hvað?** Bending
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Berg Contemporary, Klapparstíg
Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir hafa sýnt saman sem Hugsteypan og hvor í sínu lagi í áratug. Á fyrstu sýningu sinni í Berg Contemporary sýna þær saman en hafa unnið verkin sjálfstætt. Þetta gerir okkur kleift að skilja betur hvernig þær hafa þróað list sína og hvað hvor þeirra hefur lagt í samstarfið, en um leið skiljum við betur hvernig þær, hvor fyrir sig, nálgast sinn miðil.

**Hvað?** Myrkraverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin huliðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand. Sýningin er uppfull af dularfullum og spennandi verkum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á myrkasta tíma ársins.

**Hvað?** Kjarval: Líðandin – la durée
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Á sýningunni eru mörg sjaldséð verk, einkum frá fyrri hluta starfsævi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval (1885-1972).

**Hvað?** Í hlutarins eðli – skissa að íslenskri samtímalistasögu [1.0]
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Efnisheimurinn er viðfangsefni nokkurra valinna verka úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Náttúrufyrirbæri, manngerðir hlutir og ýmiss konar efni liggja til grundvallar með tilliti til eiginleika, eðlis, merkingar og gildis. Sýningin er hluti nokkurs konar skissuvinnu Listasafns Reykjavíkur að íslenskri samtímalistasögu. Hugmyndin er að safnið haldi áfram að velja verk úr safneigninni og setja í samhengi tilraunar til að skrifa listasöguna jafnóðum.

**Hvað?** Undir – Steingrímur Gauti Ingólfsson
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Bókasafn Mosfellsbæjar
Fyrsta sýning nýs árs í Listasal Mosfellsbæjar er Undir, einkasýning Steingríms Gauta Ingólfssonar. Steingrímur Gauti er fæddur árið 1986 og hefur verið virkur í sýningarhaldi síðan hann útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2015. Í Listasalnum eru sýnd ný verk, en Steingrímur Gauti gerir aðallega tilraunakennd abstraktmálverk.

**Hvað?** Ange Leccia – Hafið
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Franski myndlistarmaðurinn Ange Leccia (f. 1952) er fæddur á Korsíku og sérstaða eyjunnar hefur ætíð heillað hann sem skapandi myndhverfing á mörkum tíma og rúms. Hann tók að vinna með kvikmyndatæknina sem listform snemma á níunda áratug liðinnar aldar og hafa tilraunir hans sett mark sitt á vöxt vídeómiðilsins í franskri samtímalist.

**Hvað?** Orka
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá því að Steina (Steinunn Briem Bjarnadóttir Vasulka) var fyrst íslenskra myndlistarkvenna fulltrúi þjóðarinnar á Feneyjatvíæringnum, efnir Vasulka-stofa til sýningar á vídeóinnsetningu Steinu Orku, sem hún sýndi í íslenska skálanum í Feneyjum árið 1997.

**Hvað?** Bláklædda konan
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Sýning sem byggir á nýjum rannsóknum vísindamanna á beinum og gripum landnámskonu sem fannst árið 1938 í gröf á Austurlandi. Rannsóknirnar geta gefið okkur svör um aldur konunnar, hvaðan hún kom og gefið vísbendingar um útlit hennar og klæðaburð.

Verkfæri í miklu úrvali
ViAir 12V loftdælur í miklu úvali.
Jeppatjakkur 2.25t 52cm. 17.995
METABO Bútsög KS216 16.995
Verðmætaskápar frá 4.995
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Purelife Kísill
purelife Kristals kísill
HREIN SILICA FYRIR HÚÐ HÁR OG NEGLUR
MAMMAVEITBEST.IS

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Disaster Artist ........ 18:00, 20:00, 22:00
The Killing of a Sacred Deer ........ 17:45
The Party ........ 18:00
Eldfim Ást ........ 20:00, 22:30
Undir Trénu ENG SUB ........ 20:00
I, Tonya ........ 22:00
THE DISASTER ARTIST
ELDFIM ÁST


NISSAN INTELLIGENT MOBILITY
NISSAN
Innovation that excites
NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ EIGNAST NÝJAN QASHQAI
TATTOO -STUDIO-
NISSAN
QASHQAI
KEYRUM NIÐUR VERÐIÐ
VERÐ FRÁ: ~~3.550.000 KR.~~
JANÚAR SMELLVERÐ:
3.300.000 KR.
ENNEMM / SÍA / NM85917
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




**DIVORCE**
KL. 21:55
Það verður spennandi að sjá hvernig Frances vegnar eftir að hún er búin að klúðra hjónabandinu og brenna allar brýr að baki sér, eða hvað? Glæný og meinfyndin gamanþáttasería úr smiðju HBO með Söruh Jessicu Parker í aðalhlutverki.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:30
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.




**BLACK WIDOWS**
KL. 20:20
Spennandi lokaþáttur um svörtu ekkjurnar sem hafa ráð undir rifi hverju til þess að viðhalda lífsstíl sem þeim líkar.




**LIAR**
KL. 21:05
Hörkuspennandi breskir spennuþættir um Lauru sem er nýfráskilin. Hún kynnist hinum fullkomna manni og í kjölfarið flækist líf þeirra til muna og það verður ekki aftur snúið.



**NASHVILLE**
KL. 22:25
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**BIG EYES**
KL. 22:00
Myndin er byggð á sönnum atburðum og fjallar um líf og ótrúlegan feril listakonunnar Margaret Keane.



**LEGENDS OF TOMORROW**
KL. 21:15
Frábærir þættir um tímaflakkarann Rip Hunter sem er að reyna að koma í veg fyrir endalok heimsins eins og við þekkjum hann.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**06.15** Insecure
**07.00** The Simpsons
**07.20** Blíða og Blær
**07.45** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** My Dream Home
**11.05** Save With Jamie
**11.50** Logi
**12.35** Nágrannar
**13.00** Fósturbörn
**13.25** Grantchester
**14.15** Major Crimes
**15.00** The Night Shift
**15.45** The Path
**16.30** Anger Management
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**20.00** The Middle
**20.20** Black Widows
**21.10** Liar
**22.00** Divorce
**22.30** Nashville
**23.15** Room 104 Áhugaverðir og öðruvísi þættir sem gerast allir inni á herbergi 104 á venjulegu hóteli í Bandaríkjunum og hver þáttur segir sögu mismunandi gesta þess.
**23.35** The Good Doctor
**00.20** The Blacklist
**01.05** Snatch
**01.50** Against the Law Mögnuð bresk mynd sem byggð er á sönnum atburðum. Hér segir frá Peter Wildeblood og ástarsambandi hans við karlmann undir lok sjötta áratugarins en þá var slíkt ólöglegt í Bretlandi. Í myndinni er fjallað um afleiðingarnar sem samband þeirra hafði í för með sér þegar það varð opinbert. En það líðu svo 10 ár þangað til England lögleiddi kynferðisleg einkasamskipti enskra og velskra karlmanna.
**03.15** The Third Eye
**04.05** The Third Eye
**04.55** Outsiders
**05.50** Transparent

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50** FA Cup 2017/2018
**09.30** Premier League Review
**10.25** Middlesbrough - Fullham
**12.10** Martin: Saga úr Vesturbæ
**12.55** Liverpool - Manchester City
**14.40** Manchester United - Stoke
**16.20** Messan
**17.55** FA Cup 2017/2018
**19.35** FA Cup 2017/2018
**21.40** Þýsku mörkin 2017/2018
**22.10** Manchester United - Stoke
**23.50** Stjarnan - Breiðablik

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.55** Messan
**08.30** Newcastle - Swansea
**10.15** Huddersfield - West Ham
**11.55** Premier League Review 2017/2018
**12.50** Chelsea - Leicester
**14.30** Haukar - Fram
**15.45** FA Cup 2017/2018
**17.25** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018
**19.05** Stjarnan - Breiðablik
**21.10** FA Cup 2017/2018
**22.50** 1 á 1
**23.20** FA Cup 2017/2018

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh Off the Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Stelpurnar
**21.15** Legend of Tomorrow 3
**22.00** Vice Principals
**22.35** Man vs. Wild
**23.20** Næturvaktin
**00.55** Arrow
**01.40** Modern Family
**02.05** Seinfeld
**02.30** Friends
**02.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.55** Mamma Mu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Tindur
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Mamma Mu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Tindur
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Mamma Mu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Tindur
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ástríkur á Goðabakka

Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24



## GOLFSTÖÐIN

**09.00** PGA Highlights 2018
**09.55** Sony Open in Hawaii
**13.15** 2017 PGA Tour Year in Review
**14.05** PGA Highlights 2018
**15.00** Sony Open in Hawaii
**18.20** 2017 Champions Tour Year in Review
**19.10** PGA Highlights 2018
**20.05** Sony Open in Hawaii
**23.25** PGA Tour 2016: Delivering a Decade of Champions

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55** Woodlawn
**13.55** Southside with You
**15.20** My Dog Skip Hugljúf kvikmynd fyrir alla fjölskylduna. Við kynnumst Willie Morris, ungum strák, sem elst upp í Mississippi á tíma seinni heimsstyrjaldarinnar. Willie er feiminn og vill fremur lesa bækur en spila fótbolta með strákunum. En daginn sem hann fær hund tekur lífið mjög skemmtilega stefnu.
**16.55** Woodlawn
**19.00** Southside with You
**20.25** My Dog Skip
**22.00** Big Eyes
**23.45** The Good Lie
**01.35** Midnight Special
**03.25** Big Eyes

## RÚV

**16.30** Af fingrum fram
**17.20** Hljómskálinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hæ Sámur
**18.08** Vinabær Danna tígurs
**18.20** Einmitt svona sögur
**18.33** Skógargengið
**18.34** Gula treyjan
**18.36** Reikningur
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós og Menningin
**20.00** Kaupmannahöfn – höfuðborg Íslands
**20.25** Hæpið
**21.00** Hyggjur og hugtök – Tilvistarstefna
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** EM í handbolta: Samantekt
**22.35** Kjarnakonur í Bandaríkjunum – Konur og grín
**23.30** Stjörnustílistar Danmerkur
**00.00** Kastljós og Menningin
**00.20** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** The Great Indoors
**14.15** Crazy Ex-Girlfriend
**15.00** The Mick
**15.25** Man With a Plan
**15.50** Ghosted
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** 9JKL
**20.10** Wisdom of the Crowd
**21.00** Chicago Med
**21.50** Bull
**22.35** Queen of the South
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** Deadwood
**01.30** How To Get Away With Murder
**02.15** 9-1-1
**03.05** Scandal
**03.50** Fargo
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# GLAMOUR.*is*




**KOMDU Í ÁSKRIFT Á GLAMOUR.IS**

TÍSKA | FEGURÐ | GLAMOURPENNAR | HEIMILI & HÖNNUN



Vertu með puttann á púlsinum og fylgstu með Glamour á netinu og á samfélags-miðlum.

**TÍSKU-FRÉTTIR** *á hverjum degi*





**Á VEFSÍÐU GLAMOUR** má finna fréttir úr tísku- og snyrtivöruheiminum, myndaþætti og áhugaverðar umfjallanir.



FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland    Instagram – @glamouriceland #glamouriceland
Twitter – @glamouriceland #glamouriceland    Snapchat – Glamour Iceland








Gauti er vel merktur og stefnir á að verða nánast eitt gangandi húðflúr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ætlar að enda alflúraður

**Rapparinn og húðflúrsaðdáandinn Emmsjé Gauti fékk sér nýlega flúr á fótlegginn til að fagna góðu gengi myndbandsins við lagið Þetta má. Hann stefnir á að fá sér flúr yfir allan skrokkinn.**

Stundum panta ég mér tíma í flúr og gleymi því svo. Síðan fæ ég allt í einu símtal daginn áður, svona eins og frá tannlækni, bara „manstu, þú ert að fara í flúr á morgun!“. Þá fer hausinn á flug og maður þarf að finna einhverja hugmynd. Núna hef ég verið að vinna með það að ganga í eitthvað sem mér finnst vera afrek fyrir mig sjálfan. Núna síðast ákvað ég að fá mér eitthvað í tilefni þess að Þetta má myndbandið er komið með yfir milljón áhorf á YouTube… þannig að ég fékk mér tvo bíla,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti þegar blaðamaður spyr hann út í nýjasta listaverkið sem skreytir nú líkama hans.

*Þú ert með rosalega mörg flúr, á alveg að klára líkamann?* „Ég er, eins og sumir hafa kannski séð, með nokkur húðflúr á líkamanum. Þetta byrjaði smátt og ég ætlaði aldrei að vera neitt rosalega flúraður. En svona er þetta, maður byrjar að fá sér eitt og svo annað… En síðan var ég kominn með svo mikið af bull-flúrum út um allt að ég hugsaði bara: Það er annaðhvort að fara í mjög margar leiseraðgerðir eða klára líkamann. Þannig að nú er ég bara „on a mission“ að verða alflúraður.

Fyrst þegar maður er að fá sér flúr er maður pínu bara: Ég ætla að fá mér þetta því að þetta þýðir þetta fyrir mér,“ segir Gauti með leikrænum tilburðum, „en ég er alveg á því að tattú þurfi ekkert að þýða eitthvað, en það er oft skemmtilegra að segja frá því þannig. Ég er til dæmis með eitt bein á handleggnum og fólk spyr mig oft af hverju, og ég bara veit það ekki – ég sá það bara í möppu. Það er ekki nógu kúl að segja bara: Ég var á Strikinu, búinn með fjóra bjóra og fór og fékk mér bein. Þannig að maður þarf að búa til sögu,“ segir Gauti spurður út í hvort flúrin hans hafi mikla persónulega þýðingu.

**HANN SPURÐI MIG HVERNIG BÍLA ÉG VILDI OG ÉG SVARAÐI: BLÁAN … OG RAUÐAN! ÞÁ VAR HANN ALVEG: NEI, HVERNIG BÍLA?**

Þetta nýjasta flúr hans skartar tveimur bílum og er það auðvitað vísun í þetta gífurlega vinsæla myndband. Gauti ákvað að velja ekki sömu bílana og voru í myndbandinu, en þá kom smá babb í bátinn því að Gauti veit lítið sem ekkert um bíla.

„Ég var að velja tattúið með Chip á Reykjavík Ink og hann er sko alinn upp í bílskúr eða eitthvað. Pabbi hans var drag race bílstjóri – þannig að Chip veit rosa mikið um bíla. Og hann spurði mig hvernig bíla ég vildi og ég svaraði: Bláan… og rauðan! Þá var hann alveg: Nei, HVERNIG bíla? og ég sagðist allavegana ekki vilja þessa sem voru í myndbandinu.“

Í myndbandinu sjást Gauti og Herra Hnetusmjör keyra um í bláum Subaru Impreza og rauðri Toyota Celica en margir „brjálaðir bílakarlar“ hafa nálgast Gauta eftir að myndbandið kom út og hreytt því í hann að Toyota Celica sé víst ekkert sérstaklega fínn bíll.

„Þeir ganga að því vísu að Emmsjé Gauti hafi verið að spá þvílíkt mikið í þessum bílum. Ég fór auðvitað bara inn á einhverja bílagrúppu á Facebook þar sem ég sagði: Hei, hver vill lána mér bílinn sinn? Og við enduðum bara með þessa bíla. Ég tek það samt fram að mér finnst þeir mjög flottir.“


„Ég verð að viðurkenna að ég veit ekkert hvernig bíla ég er með á löppinni, þetta er Cadillac og svo annar bíll sem er rosa flottur…“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gauti endaði með einn Cadillac og einhvers konar annan bíl, sem hann veit ekki alveg hverrar tegundar er, í flúrinu. Hann vissi að hann vildi Cadillac-blæjubíl, því að vesturstrandarrapparar keyra gjarnan um í slíkum tryllitækjum.

Aðspurður hvort hann ætli að láta flúra sig með myndum sem tengjast fleiri lögum segist Gauti mjög líklega fá sér fleiri flúr tengd tónlist sinni, eða jafnvel bara einhverjum öðrum merkum áföngum.

„Mér finnst mjög gaman að tala við þig í síma þannig að kannski fæ ég mér bara Fréttablaðs-lógó yfir ennið til að minna mig á hvað það var gaman í þessu viðtali.“

stefanthor@frettabladid.is

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum
**Þvottavélar og þurrkarar á frábærum verðum**
Philips ryksugur frá 9.995 - allt að 33% afsláttur
**Uppþvottavélar með allt að 44% afslætti**
Blandarar með allt að 50% afslætti
**Whirlpool örbylgjuofnar frá 9.995**
Witt spansuðuhelluborð 29.995 – 40% afsláttur
**Tvöfaldir LG kæliskápar frá 149.995**
65" Panasonic Snjallsjónvarp 179.990 – 28% afsláttur
**Fissler pottar og pönnur með allt að 60% afslætti**
Whirlpool barkalausir þurrkarar frá 44.995
**Þráðlausir bluetooth hátalarar með allt að 75% afslætti**
Alsjálfvirkar DeLonghi kaffivélar frá 39.995

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Opið alla helgina!*

**OPIÐ!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA FRÁ 10-18 OG LAUGARDAGA 11-16.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa
Melissa Ariete elna VESTFROST iRobot MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO OBH NORDICA







Hver man ekki eftir þessu atriði úr Lion King, þegar Rafiki lyfti Simba upp fyrir haus?

# „Ég hafði aldrei hugsað þetta sem Lion King-atriði“

„Þetta er bara eitthvað sem ég sá kollega gera og fannst virka vel,“ segir sóknarpresturinn **Davíð Þór Jónsson** sem þykir einstaklega skemmtilegur í skírnarathöfnum, sérstaklega þegar hann lyftir barninu sem verið er að skíra upp fyrir höfuð til að sýna söfnuðinum nýjasta sóknarbarnið.



Hér má sjá Davíð Þór Jónsson halda á Huldu Guðnýju í skírninni hennar á meðan mamman, Hólmfríður Berentsdóttir, fylgist spennt með.

Davíð Þór Jónsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, hefur undanfarið vakið lukku hjá Lion King-aðdáendum í skírnarathöfnum. Hann hefur nefnilega vanið sig á að lyfta barninu sem verið er að skíra upp fyrir höfuð í lok athafnarinnar. Þessi gjörningur minnir óneitanlega á eitt þekktasta atriði teiknimyndarinnar Lion King frá árinu 1994, þegar Rafiki sýnir öllum dýrunum í skóginum Simba litla.

Spurður út í gjörninginn segir Davíð: „Þetta er ekkert sem ég fann upp, ég var einu sinni í skírn hjá Erni Bárði Jónssyni og að lokinni skírninni fékk hann barnið í fangið og tók svona Rafiki-senu. Ég tengdi það nú ekkert við Lion King, mér fannst þetta bara fallegt atriði svo ég vandi mig á að gera þetta sjálfur.

**MÉR FANNST ÞETTA BARA FALLEGT ATRIÐI SVO ÉG VANDI MIG Á AÐ GERA ÞETTA SJÁLFUR.**

Það var svo bara fyrir nokkrum dögum sem eitt foreldri þakkaði mér fyrir athöfnina og sagði: „Mér fannst sérstaklega skemmtilegt Lion King-atriðið í lokin.“ Ég hafði aldrei hugsað þetta sem Lion King-atriði og ég skildi ekki alveg hvað hann átti við. Þetta er bara eitthvað sem ég sá kollega gera og fannst virka vel,“ segir Davíð og hlær.

Davíð þykir viðeigandi að nota þessa aðferð til að kynna barnið sem verið er að skíra fyrir fólki. „Barnið er miðpunktur skírnarinnar og þá er gott að enda athöfnina á að sýna söfnuðinum barnið, aðalatriðið. Eins og alltaf þegar fólk er tekið inn í eitthvert nýtt samfélag, nýjan hóp, þá er fólki stillt upp og kynnt fyrir öllum.“

Davíð segir að í skírnarathöfnum fái prestar oft svigrúm til að slá á létta strengi og gera eitthvað sniðugt. „Skírnir eru svo miklar fjölskylduathafnir þannig að maður gerir þetta bara eftir því hvernig stemningin er.“

**gudnyhronn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# SKRIFSTOFAN Í NÝÁRSGÍR!



40% afsláttur

**Áherslupenni mjór**
**TILBOÐSVERÐ: 227.-**
Verð áður: 329.



30% afsláttur

**Rúðu- eða línustrikuð skrifblokk (A5 eða A4)**
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 307.-**
Verð áður frá: 439.-




25% afsláttur

**Ársyfirlit 2018**
**99 x 60 sm**
**TILBOÐSVERÐ: 749.-**
Verð áður: 999.-

ÝTTU Á TAKKANN OG BLEYTTU AFTUR Í ODDINUM!




30% afsláttur

**Töflutúss Maxiflo**
**TILBOÐSVERÐ: 475.-**
Verð áður: 679.-



25% afsláttur

**Geymslukassi fyrir möppur**
**TILBOÐSVERÐ: 1.139.-**
Verð áður: 1.519.-



25% afsláttur

**24x rafhlöður í boxi**
**AA eða AAA**
**TILBOÐSVERÐ: 1.499.-**
Verð áður: 1.999.-




25% afsláttur

**WC heimilispappír (72 rúllur)**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-



30% afsláttur

**Bréfabindi 70mm A4**
**TILBOÐSVERÐ: 342.-**
Verð áður: 489.-

- HSM Securio AF300 sjálfvirkur matari 300 bls.
- Krosssker í 4,5mm x 30mm
- Öryggisstig 3, tætir 12-14 (80gr) bls. í einu
- Tætir pappír, bréfaklemmur, kreditkort, geisladiska, minniskort og filmur.
- Skurðarhraði 65 mm/s
- Hljóðstyrkur 56 dB
- 34 lítra tunna, 240mm rauf
- Sjálfvirk ræsing/stöðvun.
- Stærð H:837 B:395 D:435 mm
- Þyngd: 20,6 kg
- Framleitt í Þýskalandi, **3 ára ábyrgð**



25% afsláttur

**Tætari HSM Securio AF300**
**TILBOÐSVERÐ: 119.993.-**
Verð áður: 159.990.-

## PENNINN OG RÍKISKAUP

Penninn gerði rammasamning við Ríkiskaup um skrifstofuvörur og tók hann gildi 24.11.2017.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er út janúarmánuð eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**



Kristínar Ólafsdóttur

## Góðir strákar

Leikarinn Aziz Ansari var sakaður um „ósæmilega kynferðislega hegðun“ á dögunum. Hann fór á stefnumót með konu og því lauk með tárvotri heimferð í leigubíl. „Ég þurfti ítrekað að segja nei,“ skrifaði konan í skilaboðum til vinkonu sinnar.

Mikið hefur verið fjallað um málið, eins og önnur mál af sama meiði, en nú er farið að bera á leiða í lesendum. Ítrekað hefur verið gripið til orðsins „nornaveiðar“ og meintar gjörðir Ansari ekki álitnar nógu alvarlegar til að réttlæta slíka aðför að mannorði góðs manns.

Þetta er nefnilega svona tegund af atviki sem hingað til hefur ekki þótt ástæða til að nefna sérstaklega. Í raun bara frekar venjulegt, alls ekki fréttaefni, og flokkað sem agnarlítill og óhjákvæmilegur angi af samskiptum kynjanna. Allt svolítið í móðu, eitthvað sexí í gangi, og hugurinn einblínir á eigin nautnir. Þolmörk teygð og beygð í hita leiksins og nú þarf Ansari að svara fyrir eitthvað sem mörgum hefur alltaf þótt eðlileg þróun mála.

Aziz Ansari er óneitanlega flottur gaur. Hann er fyndinn, klár, jarðbundinn og var með réttu næluna á Golden Globe-verðlaunahátíðinni. Og mörgum þykir eflaust erfitt að sætta sig við að hér eftir verði hann kannski nefndur í sömu andrá og allir alvöru ofbeldismennirnir sem hafa verið afhjúpaðir undanfarna mánuði. Og það fyrir smámuni í samanburði við allt hitt.

En málið er að þetta snýst auðvitað um að uppræta þetta allt. Stórt og smátt. Við fordæmum náttúrulega ógeðiskallana, Harvey Weinstein og öll hin skrímslin, ekki spurning. Sjálfsagt mál. En þessi smávægilegu tilvik, þessir „núansar“ í tilhugalífinu, þau mega heldur ekki viðgangast. Góðir strákar, sem vilja vel, geta líka gengið of langt.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið eykur þjónustu sína.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:
N1 Olís Samkaup
Bónus Nettó Fjörður



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.




*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Lægsta auglýsta verð miðast við MyWOW aðild.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS